# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

271. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER 2017




Það leynir sér ekki að vel fer á með þeim Bjarna Benediktssyni og Katrínu Jakobsdóttur þrátt fyrir að þau séu í forystu fyrir flokka sem staðsettir eru sinn hvorum megin á hinu pólitíska litrófi. Þau tvö funduðu ásamt Sigurði Inga Jóhannssyni í Ráðherrabústaðnum í gær, um málefnin og verkaskiptingu flokkanna í þeirri stjórn sem er í fæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Grunur um stórfelld undanskot frá skatti

**Dótturfyrirtæki Öryggismiðstöðvarinnar sætir rannsókn vegna gruns um skattsvik undirverktaka sinna. Grunur leikur á að 400 milljónum hafi verið stungið undan. Framkvæmdastjórinn segir fyrirtækinu blandað í málið að ósekju.**

**VIÐSKIPTI** Öryggisfyrirtækið 115 Security sætir nú rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra vegna gruns um aðild að meintum skattsvikum undirverktaka fyrirtækisins á árunum 2011 til 2014.

Um er að ræða samninga sem fyrirtækið hafði gert við undirverktakana um mönnun öryggisgæslu upp á allt að 700 milljónir króna. 115 Security er eitt af fjórum dótturfélögum Öryggismiðstöðvarinnar, en er rekið sem sjálfstætt fyrirtæki. Framkvæmdastjóri 115 Security segir fyrirtækið hafa verið dregið inn í rannsóknina að ósekju.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að um hafi verið að ræða svarta starfsemi og svokallaða gerviverktöku, þar sem starf launamannsins er gert að verktakastarfi, og að rúmlega 400 milljónum króna hafi verið stungið undan skatti.

Er meðal annars til rannsóknar hvort öryggisfyrirtækið hafi átt þátt í meintum skattsvikum, en undirverktakarnir, sem eru níu talsins, eru allir komnir í gjaldþrot og hafa hætt starfsemi.

Friðrik Sverrisson, framkvæmdastjóri 115 Security, segir það af og frá að fyrirtækið hafi átt nokkurn þátt í meintum svikum og furðar sig á því að það sé dregið inn í rannsóknina – enda hafi það ávallt staðið í skilum. Verktakasamningum hafi sömuleiðis verið rift um leið og fyrirtækinu hafi verið gert viðvart um hugsanleg skattsvik.

„Þetta er mjög skrítið mál og fordæmalaust með öllu. Það er verið að rannsaka skattskil hjá undirverktökum fyrirtækisins, og verið að blanda okkur inn í málið algjörlega að ósekju. Þeirra skattskil eru okkar félagi algjörlega óviðkomandi, en þegar við fengum ábendingu um að skattskil þessara undirverktaka væru í ólestri þá hættum við strax viðskiptum við þá,“ segir Friðrik.

**700**

**milljóna króna samningar voru gerðir við undirverktaka.**

Aðspurður segir Friðrik rannsókn hafa hafist árið 2014 en hann viti ekki hve langt hún er komin. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað, en að rannsókn lokinni mun embættið meta hvort tilefni sé til að senda málið áfram til héraðssaksóknara, sem getur svo gefið út ákæru.

Móðurfélag 115 Security, Öryggismiðstöð Íslands, var sett í söluferli í lok apríl. Hætt var við söluna um þremur mánuðum síðar þegar eigendurnir fengu ekki þau tilboð sem þeir vonuðust eftir – rúmlega þrjá milljarða króna.

sunnakaren@frettabladid.is



## Tekjur jukust um tugi milljóna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tekjur Hallgrímskirkju af seldum ferðum upp í útsýnispall kirkjuturnsins námu 238 milljónum króna á síðasta ári. Það er tekjuaukning um ríflega 77 milljónir króna á milli ára. Framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju segir það fjölgun ferðamanna að þakka. Hallgrímssókn skilaði 81 milljón í tekjuafgang á síðasta ári.

Ríkisendurskoðun birti á þriðjudag yfirlit úr ársreikningum sókna fyrir árið 2016. Þar má sjá að heildartekjur Hallgrímssóknar námu 334,7 milljónum króna á síðasta ári, þar af voru 33,6 milljónir í sóknargjöld frá ríkinu, 29 milljónir í önnur framlög og styrki en mest munar um liðinn „aðrar tekjur“ sem námu rúmum 272 milljónum króna, samanborið við 195 milljónir árið 2015. – smj / sjá síðu 2

## Ræða lækkun á neðra þrepi

**STJÓRNMÁL** Rætt er um lækkun neðra tekjuskattsþreps einstaklinga og hækkun á fjármagnstekjuskatti í stjórnarmyndunarviðræðum formanna VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Formenn flokkanna, þau Katrín Jakobsdóttir, Bjarni Benediktsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, hittust í Ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu í gær til að halda áfram viðræðum sínum. – aá / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Verður framtíðinni slegið á frest? spyr Þorsteinn Víglundsson. 18

**SPORT** Breytingar á körfuboltanum hjálpa landsbyggðinni. 24

**LÍFIÐ** Jóhanna Gísladóttir, sóknarprestur í Langholtskirkju, er reglulega beðin um aðstoð vegna reimleika. 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **KONUR Í FERÐAÞJÓNUSTU**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





## Veður




Í dag er spáð norðvestan strekkingi eða allhvössum vindi austan til á landinu og einnig allra nyrst. Hægari vindur í öðrum landshlutum. Bjart í veðri sunnanlands, en snjókoma eða él annars staðar. SJÁ SÍÐU 30



**Te og kaffi skilaði 6 milljóna króna hagnaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Risarnir seldu kaffi fyrir 2,2 milljarða í fyrra

**VIÐSKIPTI** Tekjur stóru kaffikeðjanna tveggja, Kaffitárs og Te og kaffi, námu alls rúmlega 2,2 milljörðum króna í fyrra. Afkoma þeirra var þó ólík og ljóst að nokkrar sviptingar hafa orðið í kaffibransanum.

Kaffitár, sem velti tæplega 1.100 milljónum, skilaði tapi annað árið í röð þó heldur minna en árið 2015. Í fyrra nam tapið 10,5 milljónum en var 19,7 milljónir árið áður.

Eftir verulega jákvæða afkomu árin 2012 og 2013 þar sem hagnaðurinn nam um og yfir 80 milljónum króna hafa síðustu þrjú rekstrarár verið erfið. Kaffitár stofnaði dótturfélagið Kruðerí árið 2015 sem sérhæfir sig í framleiðslu meðlætis með kaffi. Í skýrslu stjórnar segir að rekstur ársins 2016 hafi mótast nokkuð af uppbyggingu dótturfélagsins. Í fyrra voru fest kaup á húsnæði að Stórhöfða 17 og opnað þar kaffihús og þá gerði félagið samning um veitingarekstur í Perlunni sem hófst í ár. Forstjóraskipti urðu hjá fyrirtækinu í fyrra þegar stofnandi og aðaleigandi Kaffitárs, Aðalheiður Héðinsdóttir, lét af störfum og Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir tók við. Kaffitár rekur að auki kaffibrennslu og sjö kaffihús á höfuðborgarsvæðinu.

Te og kaffi, sem velti rúmum 1.150 milljónum króna, skilaði hagnaði upp á rúmar 6,5 milljónir króna árið 2016. Dregst hagnaður fyrirtækisins nokkuð saman milli ára en hann nam 19,7 milljónum árið 2015. Te og kaffi rekur 13 kaffihús samhliða kaffiframleiðslu. **– smj**

# Réttað í Stím-málinu á ný



**Aðalmeðferð í dómsmáli gegn Lárusi Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, Jóhannesi Baldurssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðsviðskipta Glitnis, og Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, fyrrverandi forstjóra Saga Capital, hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Réttað er í Stím-málinu, eins og það hefur verið kallað, í annað sinn þar sem Hæstiréttur ómerkti dóm héraðsdóms sem féll í desember 2015.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vigdís heiðruð fyrir störf sín

**MENNING** Vigdís Grímsdóttir hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu 2017. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, veitti verðlaunin við athöfn í menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Þá veitti ráðherra Gunnari Helgasyni sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu.

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar eru veitt einstaklingum sem hafa með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar. **– jhh**



**Vigdís Grímsdóttir rithöfundur.**






# Turninn malar gull í sjóði Hallgrímskirkju

**Fjölgun ferðamanna gerði það að verkum að tekjur af seldum útsýnisferðum upp í kirkjuturn Hallgrímskirkju jukust um 47 prósent milli ára og námu 238 milljónum króna í fyrra. Nýttar til afborgana lána, rekstrar og í framkvæmdir.**



**Útsýnið úr Hallgrímskirkjuturni malaði gull fyrir kirkjuna í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tekjur Hallgrímskirkju af seldum ferðum upp í útsýnispall kirkjuturnsins námu 238 milljónum króna á síðasta ári. Það er tekjuaukning um ríflega 77 milljónir króna á milli ára. Framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju segir það fjölgun ferðamanna að þakka. Hallgrímssókn skilaði 81 milljón í tekjuafgang á síðasta ári.

Ríkisendurskoðun birti á þriðjudag yfirlit úr ársreikningum sókna fyrir árið 2016. Þar má sjá að heildartekjur Hallgrímssóknar námu 334,7 milljónum króna á síðasta ári, þar af voru 33,6 milljónir í sóknargjöld frá ríkinu, 29 milljónir í önnur framlög og styrki en mest munar um liðinn „aðrar tekjur“ sem námu rúmum 272 milljónum króna, samanborið við 195 milljónir árið 2015.

Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðun á þeim lið frá Hallgrímskirkju og þar kemur fram að af þessum 272 milljónum króna voru tekjur af útsýnispalli turnsins 238.244.653 kr.

Aðgangseyrir að turninum er 900 krónur fyrir fullorðna en 100 krónur fyrir börn 6-16 ára. Tekjur af turninum í fyrra jafngilda því að 264.716 fullorðnir einstaklingar hafi keypt sér ferð upp í turninn, eða 725 fullorðnir hvern einasta dag árið 2016.

Jónanna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, segir tekjur ársins í fyrra hafa verið meiri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

„Það er vegna fjölgunar ferðamanna sem kjósa að greiða fyrir ferð á útsýnispallinn í kirkjuturninum.“ Allar tekjur af turnferðunum renna til Hallgrímskirkju og eru mikilvægar rekstrinum.

„Tekjur hafa verið nýttar til að endurgreiða lán vegna turnviðgerða 2008, kostnað við rekstur og viðhald kirkjunnar auk kostnaðarsamra steypuviðgerða á hliðarálmum kirkjunnar,“ segir Jónanna.

Til samanburðar námu tekjur kirkjunnar af turnferðum 27,2 milljónum árið 2010 og hafa því hækkað um 775% á tímabilinu.

Aðrar tekjur Hallgrímskirkju í fyrra voru meðal annars 5,3 milljónir í leigutekjur, 1,3 milljónir í messusamskot, 51 þúsund krónur vegna sölu minningarkorta og tæpar 18 milljónir króna af sölu annars varnings. **mikael@frettabladid.is**

**Tekjur af turni Hallgrímskirkju (í milljónum króna)**



Á MORGUN KL. 12 – 16

# GLÆSILEG VETRARSÝNING

Komdu og kynntu þér Lexus – mest selda Hybrid lúxusbíl í heiminum. Við tökum vel á móti þér með ljúffengum veitingum og hágæðakaffi frá Te og Kaffi.

Einstakt tækifæri til að gera góð kaup á bílum sem hlaða sig sjálfir.




**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Meta tilboð í ferðaþjónustuþorpið Laugar í Sælingsdal

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur borist tilboð í ferðaþjónustuþorpið Laugar í Sælingsdal. Tilboðsgjafinn hefur óskað eftir trúnaði en sveitarstjórinn segir kauptilboðið vel undir 530 milljóna króna verðmiða sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnin hefur óskað eftir fresti til næsta þriðjudags til að svara. Um er að ræða tilboð í jörðina, jarðhitaréttindi, tjaldsvæði, 20 herbergja hótel og aðrar fasteignir, þar á meðal heimavist með 26 herbergjum, íþróttamiðstöð og 25 metra langa sundlaug, á svæðinu eða alls um fimm þúsund fermetra.

„Þetta er innlendur aðili sem er með ósköp heilbrigð áform um hótelrekstur. Í grunninn er þetta gamall grunnskóli og fyrir 17 árum var elsti hluti hans tekinn í gegn og breytt í hótel. Þetta er dásemdarstaður og ég heyri ekki betur en að áformin séu mjög jákvæð og hann hyggst fjölga hótelherbergjum,“ segir Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Dalabyggð auglýsti Laugar í Sælingsdal til sölu í september í fyrra. Sveitarfélagið keypti fasteignirnar af ríkinu árið 2013 og er ásett verð nú 530 milljónir króna. Á Laugum var áður rekinn grunnskóli með heimavist en á seinni árum hefur þar verið rekið sumarhótel á vegum Hótels Eddu, dótturfélags Icelandair-hótela, og skólabúðir Ungmennafélags Íslands fyrir börn í 9. bekk grunnskóla að vetrinum. Þá er þar einnig að finna byggðasafn Dalamanna.

**haraldur@frettabladid.is**



**Laugar í Sælingsdal fóru í sölu í september 2016.** FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

## Pólverjar þurfa meira vinnuafl

**DANMÖRK** Þörf er fyrir fleiri vinnandi hendur í Póllandi um þessar mundir, einkum í byggingariðnaði, félagslegri þjónustu og heilbrigðiskerfinu. Efnahagslífið blómstrar og atvinnuleysið hefur sjaldan verið minna, að því er segir í frétt danska ríkisútvarpsins.

**» Um 38 þúsund Pólverjar eru nú við störf í Danmörku. Samtök iðnaðarins þar hafa áhyggjur af mögulegri brottför pólsks verkafólks.**

Sendiherra Póllands í Danmörku, Henryka Moscicka-Dendys, hefur að undanförnu heimsótt vinnustaði þar sem Pólverjar eru við störf. Þar hefur hún greint frá því að laun hafi hækkað í Póllandi og að vinnuaðstæður séu orðnar betri.

Um 38 þúsund Pólverjar eru nú við störf í Danmörku. Samtök iðnaðarins þar hafa áhyggjur af mögulegri brottför pólskra verkamanna. Þeir séu nú yfir fjórðungur erlends vinnuafls frá aðildarríkjum Evrópusambandsins. **– ibs**

## Vilja rannsókn á máli Franken

**BANDARÍKIN** Öldungadeildarþingmenn beggja flokka í Bandaríkjunum kölluðu í gær eftir því að siðanefnd þingsins rannsakaði ásakanir á hendur Als Franken, öldungadeildarþingmanns Demókrata. Fréttakonan Leeann Tweeden sakaði Franken um að hafa troðið tungu sinni upp í hana óumbeðinn. Þá birti hún myndir þar sem Franken sást káfa á henni sofandi.

Chuck Schumer, þingflokksformaður Demókrata í öldungadeildinni, sagðist vonast eftir rannsókn sem fyrst. „Kynferðisleg áreitni er aldrei í lagi og hún verður ekki liðin,“ sagði Schumer. **– þea**

# Þjónustustöðvar víða um land

**Fyrirtækið Svarið ehf. áætlar rekstur þjónustustöðva fyrir ferðamenn við þjóðvegi víða um land. Þar eiga að vera snyrtingar, hleðslustöðvar, veitingasala, internetaðgangur og móttaka salernisúrgangs frá húsbílum.**

**SKIPULAGSMÁL** Stórtæk áform eru nú uppi hjá félaginu Svarinu ehf. um uppsetningu þjónustustöðva fyrir ferðamenn við þjóðveginn víða um land.

Skipulagsstofnun kynnir hugmyndir Svarsins í bréfi til Rangárþins eystra. Þar kemur fram að einn aðstandenda félagsins, Halldór Pálsson, hafi sent stofnuninni erindi og kynnt málið starfsmönnum hennar á fundi fyrir rúmum tveimur mánuðum.

„Um er að ræða hugmynd um byggingu þjónustustöðva fyrir ferðamenn sem byggðar verði við þjóðvegi víðs vegar um landið. Þær verði með salernum, veitingasölu/verslun í sjálfsölum, upplýsingum til ferðamanna auk möguleika á lítilli mannaðri verslun. Þá er gert ráð fyrir hleðslu fyrir raftæki og rafbíla, ruslagámum og losun fyrir salernisúrgang frá húsbílum,“ útskýrir Skipulagsstofnun.

Þá segir að gert sér ráð fyrir að þjónustumiðstöðvunum sé valinn staður við þjóðveg og auk framangreindra mannvirkja verði bílastæði, hjólastæði, bekkir og borð.

„Með erindinu fylgdu teikningar af þjónustumiðstöð sem samanstendur af upplýsinga- og þjónusturými og gangi með salerniseiningum, en fram kemur að þjónustumiðstöðvarnar geti verið misstórar, eftir því hvað gert er ráð fyrir mörgum salernum. Auk framangreinds kalla þjónustumiðstöðvarnar á tengingu við veitur vegna vatns, rafmagns og fjarskipta, auk rotþróa,“ segir Skipulagsstofnun.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til Rangárþings eystra er bent á að huga þurfi að því hvernig áformin samræmist skilgreindri landnotkun og stefnu sveitarfélaga um þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Skoða þurfi hvernig áformuð staðsetning samræmist öðru framboði á þjónustu til ferðamanna á svæðinu.



**Hönnun Arkís á þjónustuhúsum Svarsins er sögð vera í „nútímalegum torfbæjarstíl“.** MYND/ARKÍS



**Halldór Pálsson, forsvarsmaður Svarsins ehf.**

Eftir að Fréttablaðið spurðist fyrir um málið hjá forsvarsmönnum Svarsins í gær sendu þeir frá sér tilkynningu um málið. „Svarið ehf. hefur í samvinnu við Arkís arkitekta, EFLU verkfræðistofu, Ernst & Young endurskoðunarfyrirtæki, ásamt öðrum sterkum fyrirtækjum unnið hörðum höndum að lausn við salernismálum okkar Íslendinga,“ segir í tilkynningunni. Fyrstu stöðvarnar verði settar upp á Suðurlandi á næsta ári.

**Þar sem fyrirtækið gerir ráð fyrir sömu hönnun á öllum sínum stöðvum þarf að hafa í huga að staðbundin sérkenni og aðstæður geta kallað á að gerðar séu kröfur um mismunandi útfærslu.**

Skipulagsstofnun

„Þjónustumiðstöðvarnar verða opnar allan sólarhringinn og innihalda sjálfhreinsandi salerni sem þrífa bæði gólf og setu eftir hverja notkun. Einnig verða gagnvirk upplýsingaborð á nokkrum tungumálum með upplýsingum um nærumhverfið, internetaðgangur, hleðsla fyrir raftæki og rafbíla, íslenskur markaður, sjálfsalaverslun með ýmsum vörum svo sem heitum og köldum drykkjum, matvörum, minjagripum og nauðsynjavörum fyrir ferðafólk,“ segir meðal annars.

„Þar sem fyrirtækið gerir ráð fyrir sömu hönnun á öllum sínum stöðvum þarf að hafa í huga að staðbundin sérkenni og aðstæður geta kallað á að gerðar séu kröfur um mismunandi útfærslu þjónustumiðstöðvar með tilliti til staðhátta,“ undirstrikar Skipulagsstofnun.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra þakkaði fyrir kynninguna en tók enga afstöðu til málsins.

**gar@frettabladid.is**




# Alvarlegt bílslys varð á Suðurlandi

**SLYS** Tvær erlendar konur slösuðust alvarlega í árekstri jepplings og snjóruðningstækis á þjóðvegi eitt við Ketilsstaði, skammt austan afleggjarans við Dyrhólaey síðdegis í gær. Konurnar voru á ferðalagi um Ísland.

Sjúkrabílar sóttu ferðamennina og óku með þá til móts við þyrlu Landhelgisgæslunnar. Þyrlan tók við þeim við Skóga og flutti konurnar á sjúkrahús í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni slasaðist ökumaður snjóruðningstækisins ekki. Bæði ökutækin voru óökuhæf eftir slysið.

Þjóðveginum var lokað fyrst eftir slysið en síðan var umferð hleypt á í hollum á meðan lögreglumenn rannsökuðu vettvang slyssins. Lögreglumenn voru við störf fram eftir kvöldi.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var snjóþekja eða hálka víða á Suðurlandi í gær. **– jhh**



**Snjóruðningstækið var óökufært eftir áreksturinn.** MYND/HALLI GÍSLA




24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Reykjavík missir 3.000 hektara

**SKIPULAGSMÁL** Hæstiréttur hafnaði í gær kröfum Reykjavíkurborgar um að afrétti Seltjarnarneshrepps til forna, tæpum 8.000 hekturum, verði skipað innan staðarmarka borgarinnar. Samkvæmt dómi réttarins er þjóðlendan því innan staðarmarka Kópavogs.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa um áratugaskeið deilt um lögsögu á landsvæðinu en innan þess eru meðal annars Bláfjöll, Sandskeið og Vífilfell.

Guðjón Ármannsson, lögmaður Kópavogs í málinu, bendir á að með dómi Hæstaréttar þurfi Reykjavíkurborg nú að sjá á eftir 3.000 hekturum af landsvæði sem hingað til hafi verið inni á aðalskipulagi borgarinnar. Skipulagsvald færist samhliða yfir til Kópavogsbæjar. Þar að auki muni Suðvesturkjördæmi stækka. **– hg**

**Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa um áratugaskeið deilt um lögsögu á landsvæðinu, sem nær yfir Bláfjöll, Sandskeið og Vífilfell.**







Á myndina vantar mömmu

Finnum fólk í lífshættu
Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

Söfnunarþáttur í opinni dagskrá á Stöð 2, 17. nóvember kl. 19.25

907 1502 2.000 KR | 907 1505 5.000 KR | 907 1508 8.000 KR

HJARTAVERND




Hin meinta fjársjóðskista í Minden var mynduð úr fjarstýrðum kafbát í apríl á þessu ári.

# Aðgerð gullleitarfélags að hefjast við Minden

**Advanced Marine Services er nú að hefjast handa við að ná gulli úr flaki þýska skipsins Minden. AMS hindraði að Umhverfisstofnun veiti Fréttablaðinu aðgang að bréfi um málið. Landhelgisgæslan staðfestir hins vegar upphaf aðgerða.**

**STJÓRNSÝSLA** „Landhelgisgæslu Íslands hefur borist tilkynning frá Advanced Marine Services Ltd. um að á næstu dögum hefjist framkvæmdir við skipsflakið Minden,“ segir í svari Landhelgisgæslunnar til Fréttablaðsins.

Umhverfisstofnun veitti í gær lögmanni breska félagsins Advanced Marine Services sjö daga frest til að færa rök fyrir því hvers vegna stofnunin eigi ekki að veita Fréttablaðinu aðgang að upplýsingum um hvenær félagið hyggst ná verðmætum úr flutningaskipinu Minden.

Er spurst var fyrir hjá Umhverfisstofnun kom í ljós að umboðsmaður AMS sendi stofnuninni bréf 9. nóvember um upphaf aðgerða. Er þar krafist að bréfið sé undanskilið upplýsingarétti upplýsingalaga.

Umhverfisstofnun veitti í október AMS starfsleyfi til að rjúfa gat á Minden og gildir leyfið til 1. maí á næsta ári. Þar sem AMS bar að tilkynna með sjö daga fyrirvara um leiðangur sinn gæti aðgerðin hafa byrjað strax í gær og þar með verið lokið áður en Umhverfisstofnun næði að taka ákvörðun um aðgang að fyrrnefndu skjali. Engin svör fást frá umboðsmanni AMS hérlendis.

**Framkvæmd gæti verið lokið áður en við náum að taka ákvörðun.**



Kristín Linda Árnadóttir, forstöðumaður Umhverfisstofnunar

„Já, samkvæmt ákvæði starfsleyfis sem gerir ráð fyrir tilkynningu að minnsta kosti viku fyrir er ljóst – þar sem við höfum þá skyldu að veita þeim sjö daga andmælafrest – að framkvæmdinni gæti verið lokið áður en við náum að taka ákvörðun,“ svarar Kristín Linda Árnadóttir, forstöðumaður Umhverfisstofnunar.

„Það kemur fram í bréfinu hvenær þeir ætla að fara en bréfið sjálft í heild sinni telja þeir vera undanþegið upplýsingaskyldu og þar með getum við auðvitað ekki tjáð okkur um efni þess eins og sakir standa,“ útskýrir forstjórinn.

Fram hefur komið að AMS telur að í skáp í Minden leynist gull. Gætu þar verið gríðarleg auðævi. Þjóðverjar sökktu þessu flutningaskipi sínu sjálfir í september 1939 til að forða því undan Bretum. Flakið liggur á yfir 2,2 kílómetra dýpi um 120 sjómílur undan strönd Íslands.

Kristín Linda segir AMS skylt að gefa Umhverfisstofnun skýrslu og upplýsingar, meðal annars um magn og gerð þeirra hluta sem teknir verða úr Minden.

„Og að sjálfsögðu verðum við í samstarfi við Landhelgisgæsluna sem verður með skipið í vöktun á framkvæmdatíma,“ segir forstjórinn.

„Að svo stöddu áformar Landhelgisgæslan ekki sérstakan viðbúnað, umfram þann sem kveðið er á um í starfsleyfi Umhverfisstofnunar frá því í október,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar.

Frá því var greint í Fréttablaðinu 5. október að þýska skipafélagið Hapag-Lloyd AG hafði sent Umhverfisstofnun bréf og lýst sig eiganda að flaki Minden og öllu sem í því kann að vera. **gar@frettabladid.is**

# Hreiðraði um sig í svefnpoka fyrir framan Austurbæ

**SAMFÉLAG** „Enginn ætti að þurfa að sofa úti í frosti,“ segir Hjördís Diljá Bech. Í vikunni varð hún vitni að því, þrjú kvöld í röð, að karlmaður lagðist til svefns á bekk við Austurbæ í Reykjavík. Hún segir manninn hafa litið snyrtilega út og ekki verið til vandræða.

„Hann vantaði augljóslega næturstað. Og þessi tiltekni bekkur varð fyrir valinu.“ Hjördís undrast aðgerðarleysið en það var ekki fyrr en maðurinn var sofnaður á bekknum, þriðju nóttina í röð, að lögreglan hafði afskipti af honum. „Ég geri ráð fyrir því að lögreglan hafi fundið úrræði fyrir manninn þar sem ég hef ekki séð hann aftur.“ Hjördís birti mynd af manninum á samfélagsmiðlum sem vakti mikla athygli.



Myndin sem gekk á samfélagsmiðlunum vakti mikla athygli þeirra sem áttu leið fram hjá Austurbæ í gær. Ekki er vitað hvers vegna maðurinn svaf úti.

Þór Gíslason, forstöðumaður Gistiskýlisins við Lindargötu, bendir á að í Gistiskýlinu sé pláss fyrir 25 einstaklinga. Ekki var fullt í Gistiskýlinu í vikunni. Þór segir það þó ekki koma sér sérstaklega á óvart ef maðurinn hefur kosið að leita ekki þangað. „Gistiskýlið er ekki notalegt athvarf sem hentar hverjum sem er. Hérna er fyrst og fremst fólk í neyslu. Fólk sem er ekki í neyslu á enga samleið með þeim hópi. Það skortir neyðarúrræði fyrir fjölbreyttari hóp. Þá vantar langtíma úrræði fyrir heimilislausa.“

Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir engan eiga að þurfa að sofa undir berum himni í borginni. „Við erum með gistiskýlið. En ég veit vel að fólk sem er ekki í neyslu vill ekki vera þar. Gistiskýlið er þó okkar neyðarúrræði.“ Ilmur undrast að maðurinn hafi sofið úti og bendir á að þegar starfsfólk Gistiskýlisins fái ábendingar um fólk sem sofi utandyra fari það, oftar en ekki, og athugi með viðkomandi. „Vandamál fólks eru auðvitað af ýmsum toga. Við erum með mikið af langtíma úrræðum fyrir utangarðsfólk. Þá erum við búin að tvöfalda áætlun um að fjölga félagslegu húsnæði á þessu ári. Vonandi horfum við fram á betri tíma.“ **– kc**










GRENIÐ ER KOMIÐ!

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Saad al-Hariri, fráfarandi forsætisráðherra Líbanons. NORDICPHOTOS/AFP

# Fráfarandi ráðherra sagður brátt á heimleið

**SÁDI-ARABÍA** Saad al-Hariri, fráfarandi forsætisráðherra Líbanons, er frjáls ferða sinna og mætti ferðast til Frakklands hvenær sem er. Þetta sagði Jean-Yves Le Drian, utanríkisráðherra Frakklands, í gær. Þá sagði hann fund sinn með Hariri í Sádi-Arabíu hafa verið góðan, Hariri væri heill heilsu og hann myndi senn snúa aftur til Líbanons.

Líbanskir ráðamenn hafa haldið því fram undanfarið að Hariri sé haldið gegn vilja sínum í Sádi-Arabíu og að Sádi-Arabar hafi neytt hann til að segja af sér á dögunum. Fæstir hafa gert það undir nafni en Michel Aoun forseti gerði það opinberlega á miðvikudag. Sádi-Arabar voru sagðir þrýsta á Hariri vegna lélegs gengis í baráttunni við Hezbollah-samtökin. Átök líbanska hersins við Hezbollah eru leppstríð í eins konar köldu stríði Sádi-Araba og Írans og styður síðarnefnda ríkið Hezbollah. Sádi-Arabar hafna þó ásökunum Líbana. Adel al-Jubeir utanríkisráðherra sagði til að mynda að Hariri væri staddur þar í landi af fúsum og frjálsum vilja.

Frakkar hafa reynt að miðla málum í þessari deilu og var Le Drian staddur í Sádi-Arabíu af því tilefni. BBC greinir frá því að Frakkar fari fram á að Hariri fái að ferðast til Líbanons til að tilkynna um afsögn sína í eigin persónu. Því eru Sádi-Arabar sagðir hafa hafnað og því virðist sem svo að samkomulag hafi náðst sem gengur út á að Hariri fái að ferðast til Frakklands. – þea



Katrín Jakobsdóttir mætti glaðbeitt til fundar í Ráðherrabústaðinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Leiðtogar flokkanna ræða skattalækkanir

**Komandi kjaraviðræður eru stór þáttur í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Áhersla lögð á tekjulægstu hópana. Vilji stendur til þess að ríkið komi til móts við atvinnulífið vegna launahækkana með lækkun tryggingagjaldsins.**

**STJÓRNMÁL** Lækkun tekjuskatts er mjög til umræðu sem einn þáttur í aðkomu ríkisins að kjaraviðræðum, í stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknarflokks.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er helst rætt um lækkun skatthlutfalls einstaklinga í lægra þrepi tekjuskatts, en hækkun persónuafsláttar hefur einnig verið haldið á lofti í viðræðunum sem vænlegri kosti. Til mótvægis við þessar aðgerðir er stefnt að því að auka skattheimtu af fjármagnstekjum annaðhvort með því að hækka skattprósentu fjármagnstekjuskatts, en skatturinn er 20 prósent, eða gera annars konar breytingar á innheimtu skattsins svo sem með útvíkkun skattstofnsins. Þá herma heimildir blaðsins að stefnt sé að því að ríkið hlaupi undir bagga með fyrirtækjum sem standa þurfa undir launahækkunum, með lækkun tryggingagjalds.

Umbætur í velferðarmálum sem einnig tengjast kjaramálunum eru til umræðu; meðal annars útvíkkun fæðingarorlofs. Breytingar á tekjuskatti á fyrirtæki eru hins vegar ekki til umræðu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ekki liggur enn fyrir hvort baráttumál Vinstri grænna um kolefnishlutleysi skili sér að fullu í málefnasamning flokkanna en flokkurinn lagði mikla áherslu á loftslagsmálin í aðdraganda kosninga. Markmið VG í loftslagsmálum eru nokkuð djörf og ganga lengra en Parísarsamkomulagið, en samkvæmt heimildum blaðsins hefur Katrín lagt þunga áherslu á málið í viðræðum flokkanna.

Réttarstaða þolenda í kynferðisbrotamálum og stuðningur við þá fær einnig sinn stað í stjórnarsáttmálanum, verði af samstarfi flokkanna, og verður lögð áhersla á að tryggja aðstoð fyrir þá um allt land.

Ekki er einhugur í flokkunum um hve mörg ráðuneytin eigi að vera. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur komið til tals að skipta fjármálaráðuneytinu í tvö ráðuneyti, enda ráðuneytið mjög þungt með öll ríkisfjármál og málefni banka og fjármálafyrirtækja að auki. Viðmælendur Fréttablaðsins úr Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki segja verkefni ráðuneytisins á næstu misserum afar viðfangsmikil, bæði vegna kjaraviðræðna og nauðsynlegra breytinga á fjármálakerfinu sem ráðast þurfi í. Vinstri græn hafa hins vegar ekki tekið undir þessa breytingu á ráðuneytaskipan, nema síður sé. Þá herma heimildir Fréttablaðsins að embættismenn í fjármálaráðuneytinu séu mótfallnir uppskiptingu þess. adalheidur@frettabladid.is


# Á myndina vantar bróður

**Finnum fólk í lífshættu**
Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

**Söfnunarþáttur í opinni dagskrá á Stöð 2, 17. nóvember kl. 19.25**

907 1502 2.000 KR | 907 1505 5.000 KR | 907 1508 8.000 KR

HJARTAVERND


# Kosningunni lýkur á sunnudaginn

**REYKJAVÍK** Ávaxtatré, stór klukka á Hlemm, dorgpallur og parkour-útivistarsvæði eru meðal þeirra 220 verkefna sem kosið er á milli í hverfakosningunni „Hverfið mitt“.

Kosningin, sem er rafræn, stendur yfir til sunnudagsins 19. nóvember næstkomandi. Alls eru 450 milljónir í pottinum en þeim hefur verið skipt á milli hverfa eftir íbúafjölda. Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, er ánægður með kosningaþátttökuna. Síðdegis í gær var hún um 7,5 prósent. Það er að sögn Jóns Halldórs nokkuð betri þátttaka en á sama tíma í fyrra. Hann býst fastlega við að nýtt met verði sett í ár.

Dýrasta verkefnið sem hlaut kosningu á síðasta ári var vatnsrennibraut í sundlaug Grafarvogs. Í ár er dýrasta verkefnahugmyndin einnig í Grafarvoginum en nú stendur hverfisbúum til boða að bæta vaðlaug við sundlaugina. Áætlaður kostnaður eru 42 milljónir. Atkvæðagreiðslan er leynileg og viðurkennir Jón Halldór að margir bíði spenntir eftir því að sjá hvaða verkefni verða valin. Þau munu koma til framkvæmda árið 2018. Kosningin fer fram á síðunni hverfidmitt.is. – kc



Meðal hugmynda er stór klukka við Mathöllina á Hlemmi FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Hluti þeirra hugmynda sem íbúar Reykjavíkur geta kosið á milli

- Sjónauki við Eiðisgranda 2 milljónir
- Í fótspor Þórbergs 6 milljónir.
- Stór klukka á Hlemm 10 milljónir
- Tjörn með gosbrunni á Klambratúni 35 milljónir
- Ávaxtatré á opnum svæðum 3 milljónir
- Sauna í Laugardalslaug 16 milljónir
- Bæta aðgengi að fjöru á Laugarnestanga 4 milljónir
- Vaðlaug við Grafarvogslaug 42 milljónir
- Gönguleið meðfram Suðurlandsvegi 29 milljónir
- Kaldur pottur í Árbæjarlaug 3 milljónir
- Snjóbrettabrekka yfir sumarið við Dalsel 25 milljónir
- Leiktæki og tartan í Breiðholtslaug


ÞRÓTTUR 577-5400

Vörubílastöðin Þróttur hf.
Sævarhöfða 12,
110 - Reykjavík

Reykjavík 16.nóv.2017

# Aðalfundur

Aðalfundur Vörubílastöðvarinnar Þróttar hf. verður haldinn að Sævarhöfða12, þriðjudaginn 5.desember n.k. kl. 20

Dagskrá fundarins samkv. samþykktum félagsins.

*Vörubílastöðin Þróttur hf.*



# NÝR FIESTA

## Komdu, reynsluaktu og upplifðu geggjaðan Ford Fiesta!

Nýr Ford Fiesta hefur verið endurhannaður frá grunni með gjörbreyttum framenda, rennilegum framljósum og straumlínulaga línum eftir öllum bílnum. Opnaðu dyrnar á Fiesta og þú heillast af vandaðri innréttingunni. Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

**FORD FIESTA FÆST Í FJÓRUM ÚTGÁFUM**

**Fiesta Trend** frá 2.250.000 kr.

**Fiesta Trend Edition** frá 2.390.000 kr.

**Fiesta Titanium** frá 2.650.000 kr.

**Fiesta ST-Line** frá 2.890.000 kr.

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Guðmundur Sigurjónsson mundar klippurnar á eina kindina í fjárhúsinu. Yfirleitt er byrjað á því að rýja kviðinn á kindinni, en ullin þaðan þykir ekki jafn góð og ullin af síðunni eða bakinu.

# Haustverkin í fjárhúsinu

Á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði taka heimilismenn á móti ferðamönnum sem vilja kíkja í fjárhúsið og fræðast um íslensku sauðkindina og önnur íslensk húsdýr. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit við og kynnti sér hvernig farið er að við að rýja.

Anton Brink
ljósmyndari





Á Bjarteyjarsandi eru nokkrir hundar sem fylgjast með öllu því sem fram fer. Líka í fjárhúsinu.



Á Bjarteyjarsandi eru um 600 kindur auk fleiri dýrategunda. Byggt er á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og áhersla er lögð á velferð allra dýra.



Ferðamenn koma á Bjarteyjarsand allan ársins hring og geta þeir fylgst með því sem fram fer hverju sinni.

RENAULT
Passion for life

# Renault **Clio**

# ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

**DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM***

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

**VERÐ: 2.150.000 KR.**

**Verð á mánuði: 24.156 kr.****

**Miðað við reiknivél lykill.is á Lykilláni til 84 mánaða og 30% innborgun.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,41%

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM84838

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Framtíð Mugabe og Simbabve óljós

**Viðræður um framtíð Roberts Mugabe, forseta Simbabve, fóru fram í gær. Herinn hefur hneppt Mugabe í stofufangelsi. Hann gæti þó haldið forsetastólnum fram að landsþingi flokks síns í desember. Þá þykir líklegt að fyrrverandi varaforseti taki við keflinu.**

**SIMBABVE** Robert Mugabe, forseti Simbabve, gæti haldið forsetaembættinu, að minnsta kosti að nafninu til, fram að landsþingi ríkisstjórnarflokksins Zanu-PF í desember. Á landsþinginu gæti flokkurinn svo ákveðið að skipta Mugabe út fyrir fyrrverandi varaforseta, Emmerson Mnangagwa. Þetta sagði Nick Mangwana, erindreki Zanu-PF í Bretlandi, við BBC í gær.

Mugabe er nú í stofufangelsi í höfuðborginni Harare eftir að simbabveski herinn tók völdin þar í landi fyrr í vikunni. Viðræður um framtíð forsetans hófust í gær og reyndi kaþólski presturinn, og vinur Mugabe, Fidelis Mukonori, að miðla málum á milli Mugabe og herforingja.

Einnig voru þeir Nosiviwe Maphisa-Nqakula, varnarmálaráðherra Suður-Afríku, og Bongani Bongo, ráðherra öryggismála hjá utanríkisráðuneyti Suður-Afríku, sendir til Harare til að taka þátt í viðræðum. Voru þeir þar á vegum Samvinnustofnunar ríkja í sunnanverðri Afríku (SADC) sem Suður-Afríkuforsetinn Jacob Zuma leiðir um þessar mundir.




**Keniskir fjölmiðlar hafa fjallað ítarlega um stöðu mála í Simbabve. Í Simbabve hefur hins vegar minna verið fjallað um stöðuna sem upp er komin. Ríkisblaðið Herald sagði frá því að herinn hefði alls ekki tekið völdin.** NORDICPHOTOS/AFP

> Líklegt er að brottrekstur Emmersons Mnangagwa úr varaforsetaembættinu hafi komið atburðarásinni af stað.

Samkvæmt BBC var einna helst ágreiningur um hvaða hlutverki Mnangagwa muni nú gegna sem og hvernig best væri að tryggja öryggi Mugabe-fjölskyldunnar. Þá hefur BBC eftir heimildum að Mugabe vilji alls ekki segja af sér eins og herinn fer fram á. Er hann sagður halda því fram að hann sé réttmætur forseti Afríkuríkisins. Samkvæmt heimildum Reuters heldur Grace Mugabe forsetafrú sig nú á heimili þeirra hjóna ásamt stuðningsmönnum sínum.

SADC hefur aldrei stutt valdaránsstjórnir til þessa. Pumza Fihlandi, blaðamaður BBC í Jóhannesarborg í Suður-Afríku, sagði í gær að stuðningur við herinn myndi setja hættulegt fordæmi. Alpha Condé, forseti Gíneu og leiðtogi Afríkusambandsins, hefur einnig sagt að Afríkusambandið myndi ekki undir neinum kringumstæðum styðja „valdarán hersins“. Þá fór hann fram á að herinn myndi draga sig til baka.

Undanfarnar vikur hafa verið stormasamar í Simbabve. Mugabe er á tíræðisaldri og því eru flokksmenn farnir að huga að því hver muni taka við forsetaembættinu. Flokkurinn hefur klofnað og styður annar armurinn Grace Mugabe en hinn Emmerson Mnangagwa. Nær öruggt er að aðgerðir hersins megi að miklu leyti rekja til þess að á dögunum rak Mugabe forseti Mnangagwa úr varaforsetaembættinu. Sagði hann varaforsetann ótrygglyndan. Með þessu lýsti forsetinn í raun fullum stuðningi við eiginkonuna.

Fjölmiðlar í Simbabve greina frá því að herinn reyni nú að kæfa þá ógn sem hann telur stafa af Grace Mugabe. Til að mynda var greint frá því að formaður ungliðahreyfingar Zanu-PF, Kudzai Chipanga, hafi verið handtekinn í kjölfar sjónvarpsávarps þar sem hann gagnrýndi aðgerðir hersins harðlega. Chipanga er yfirlýstur stuðningsmaður forsetafrúarinnar.

En Zanu-PF er vissulega ekki eini stjórnmálaflokkur Simbabve. MDC-T fékk 35 prósent atkvæða í þingkosningum ársins 2013 og munu nýjar kosningar fara fram á næsta ári. Morgan Tsvangirai, formaður og líklegasta forsetaefni MDC-T, kallaði í gær eftir afsögn Mugabe. „Með tilliti til hagsmuna þjóðarinnar er nauðsynlegt að herra Robert Mugabe segi af sér tafarlaust.“ Tsvangirai fór einnig fram á að allir aðilar kæmu að borðinu til þess að tryggja farsæl stjórnarskipti. Það myndi síðan leiða til breytinga á kosningakerfinu svo frjálsar og sanngjarnar kosningar gætu farið fram. **thorgnyr@frettabladid.is**




**Mitsubishi ASX** er fjórhjóladrifinn sportjeppi sem skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Þú situr hærra, hefur meira rými og nýtur fimlegra eiginleika í akstrinum. Komdu í reynsluakstur og nýtt þér ASX á sérstöku afmælistilboði.

**Búnaður umfram Intense+** · Panorama sóllúga · Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann · Íslenskt leiðsögukerfi

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# SPARIÐ

# 25%

# AF ÖLLUM VÖRUM*

## laugardag og sunnudag

*Gildir ekki um LEGO®-sett, leikjatölvur, spjaldtölvur og vörur sem þegar eru með afslætti. Tilboðin gilda 18.11-19.11 2017



Toys R Us®




**Piacelli Panettone**

Ítalskt sætabrauð

**1.099** kr/stk




**Annas piparkökuhús**

Tilvalin fjölskyldustund

**699** kr/stk




**Kötlu glassúr**

5 litir í pakka

**949** kr/stk

# Meira sætt




## Hamlet konfekt

Fyrir þann sem elskar alvöru belgískt súkkulaði

**verð frá 1.599** kr/stk



**Hamlet konfekt 250 gr**

Ekta gæða súkkulaði

**1.599** kr/stk




**Cupido kaffiskeljar**

Espresso - Cappucino
Latte Macchiato

**499** kr/stk




**Hamlet trufflur**

Úrval af ljúffengum trufflum

**1.599** kr/stk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

# Meira gómsætt



Holta

**Kjúklingabringur**

**1.798** kr/kg

Verð áður **1.998** kr/kg




**Lambainnralæri**

**2.924** kr/kg
Verð áður 4.499 kr/kg




**Kalkúnalundir með sesam teriyaki**

**2.519** kr/kg
Verð áður 3.599 kr/kg




**Caj p´s kindalundir**

**3.374** kr/kg
Verð áður 4.499 kr/kg

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# Aldrei aftur



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Núverandi peningastefna Seðlabankans er fjarri því gallalaus. Endurskoða þarf stefnuna með hliðsjón af þeirri kerfisbreytingu sem hefur orðið á hagkerfinu. Erlend staða þjóðarbúsins hefur aldrei verið betri og viðvarandi viðskiptaafgangur hefur gert Ísland að fjármagnsútflytjanda. Vinna verkefnisstjórnar að undirbúningi slíkra tillagna, sem hljóta að felast einkum í bættri umgjörð um krónuna, er nú á lokametrunum. Öllum má vera ljóst að þær breytingar geta aðeins orðið að veruleika fyrir tilstilli samhentrar pólitískrar forystu. Ástæða er til að ætla að svo geti orðið með þeirri ríkisstjórn sem nú er að fæðast. Þar yrði til mikils að vinna enda um að ræða eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda.

Þrátt fyrir nauðsyn þess að peningastefnan verði tekin til endurskoðunar þá verður ekki fram hjá því horft að trúverðugleiki hennar hefur aukist til muna síðustu ár. Með ýmsum úrbótum sem ráðist hefur verið í, ásamt innleiðingu nauðsynlegra þjóðhagsvarúðartækja, hefur peningastefnan skilað talsverðum árangri í að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Verðbólga hefur haldist lág samhliða einu lengsta samfellda hagvaxtarskeiði í lýðveldissögunni sem aftur hefur gefið Seðlabankanum færi á því að lækka smám saman vexti. Þá hafa verðbólguvæntingar, bæði til meðallangs og langs tíma, haldist í samræmi við markmið Seðlabankans. Þótt ráðist hafi verið í nánast fulla losun hafta fyrr á árinu, sem hafði í för með sér auknar gengissveiflur, þá hafa engu að síður ekki orðið breytingar á verðbólguvæntingum fjárfesta.

Spennan í þjóðarbúskapnum er í hámarki. Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá mun hagvöxtur helmingast í ár og verða 3,7 prósent. Þar ræður mestu aukinn innflutningur og hægari vöxtur útflutnings, einkum í ferðaþjónustunni. Sú þróun þarf ekki að koma á óvart enda ekki við því að búast að sá gríðarmikli vöxtur gæti haldið áfram með sama hætti. Már Guðmundsson seðlabankastjóri benti réttilega á það í ræðu sinni á peningamálafundi Viðskiptaráðs í gær að það væri þess vegna „óumflýjanlegt og æskilegt“ að hagvöxtur væri farinn að minnka. Þótt það sé til vinsælda fallið að gera krónuna ávallt að blóraböggli þá hefur hún þar leikið lykilhlutverk. Gengishækkun gjaldmiðilsins hefur skipt sköpum í nauðsynlegri aðlögun þjóðarbúsins að þeim búhnykk sem hefur fylgt uppgangi ferðaþjónustunnar. Að öðrum kosti væri meira ójafnvægi í hagkerfinu, aukin verðbólga og hærri vextir.

Ný ríkisstjórn tekur við á sama tíma og efnahagsstaðan hefur aldrei verið sterkari. Því fylgja tækifæri og áskoranir. Mestu skiptir að ekki verði slakað á aga í ríkisfjármálum og að stöðugleiki verði tryggður á vinnumarkaði þar sem samið verði um hóflegar launahækkanir. Takist það er fyrst ástæða til binda vonir við að Ísland geti farið að þokast í átt til þess að verða líkara lágvaxtalöndum. Verði hins vegar ráðist í þau útgjaldaloforð sem ýmsir flokkar boðuðu í aðdraganda kosninga eru afleiðingarnar fyrirsjáanlegar og viðskiptaafgangurinn mun meðal annars snúast í halla innan fárra ára. Einn helsti lærdómur gjaldeyris- og bankakreppunnar 2008 er sá að fyrir opið lítið hagkerfi eins og Ísland skiptir öllu að viðhalda jafnvægi á greiðslujöfnuði við útlönd. Aldrei aftur má hagkerfið komast í þá stöðu að vera rekið með blússandi viðskiptahalla ár eftir ár. Þá fyrst er hætta á harðri lendingu í efnahagslífinu.

**Öllum má vera ljóst að slíkar breytingar geta aðeins orðið að veruleika fyrir tilstilli samhentrar pólitískrar forystu.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvað næst?**

**Þetta hefur verið nokkuð tíðindamikil vika fyrir þá sem fylgjast með pólitík. Samfylkingarmenn og Píratar svekkja sig yfir því að VG hafi ákveðið að hefja stjórnarmyndunarviðræður við Sjálfstæðisflokkinn. Þeir hinir sömu gleðjast víst yfir því að Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði skilið við Facebook í þessari sömu viku og sjónvarpsstöðin ÍNN lagði upp laupana, en sjónvarpsstöðin hefur verið einn helsti vettvangur hægrimanna á ljósvakanum. Allt er þá þrennt er og hugsanlega bíða vinstrimennirnir þess nú að Útvarp Saga fari sömu leið.**

**Brotthvarf Drífu**

**Níutíu manns hafa skráð sig úr VG eftir að stjórnarmyndunarviðræður við Sjálfstæðisflokkinn hófust. Einn þeirra er Drífa Snædal, fyrrverandi framkvæmdastjóri VG og núverandi framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins. Í raun er eðlilegt að forystumenn í verkalýðshreyfingunni láti flokkapólitík eiga sig. Verkalýðshreyfingin þarf nefnilega að geta rúmað fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Að því leyti er brotthvarf Drífu úr VG því ósköp eðlilegt. En að framkvæmdastjórinn hafi rökstutt brotthvarf sitt með fyrirlitningu á Sjálfstæðisflokknum, sem VG á í stjórnarmyndunarviðræðum við, er öllu verra mál.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Samanburður á eplum og ljósaperum



**Kristján Þ. Davíðsson**
framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva

Ingólfur Ásgeirsson, flugstjóri og leigutaki Kjararár, flýgur lágt í áróðrinum gegn fiskeldi í Fréttablaðinu 14. nóvember. Þar ber hann að jöfnu ómengaðan dýrasaur og mannaskít, sem inniheldur flóru mengunar af mannavöldum. Hagsmunagæslan freistast til að grípa á lofti saurumræðu blaðamanns sem féll í sömu gildru, skrifandi um „óhreinsað skólp“. Eldisfiskur étur fóður búið til úr fiskimjöli, lýsi og næringarefnum úr jurtaríkinu, svo vandlega gæðatryggt að eldislax inniheldur minni mengunarefni en villtur lax, sem er á beit í ismengaðri náttúrunni.

Til gamans þeim sem hafa ástríðu fyrir talnaleikfimi á borð við þá sem birst hefur um fiskasaur á síðum Fréttablaðsins undanfarið, má nefna að sauðkind skítur um 1,5 tonnum saurs árlega. Bara í náttúru Húnavatnssýslna berast rúmlega 100.000 tonn árlega af kindasaur, 15-20 tonn á ferkílómetra. Ætla mætti að svæðið væri nánast á kafi í skít?

Hugsandi fólk sér að þetta er merkingarlítil talnaleikfimi. Í besta falli er verið að bera saman epli og ljósaperur. Sama gildir um samanburðinn á mannaskít og fiskasaur í hafinu umhverfis Ísland. Regn og (laxveiði)ár skola megninu af kindasaurnum til sjávar, þar sem samspil strauma og ljóss leysa hann upp í næringarefni sem auka framleiðsluna í víðáttum hafsins. Það sama gerist með fiskasaurinn. Lífræn og ólífræn efni leysast upp í svo áhrifaríku ferli að það er meira að segja talið óhætt að synda við strendur margra milljónaborga heimsins.

Fiskeldi er umhverfisvænsta matvælaframleiðslan. Stjórnvöld þeirra landa sem geta framleitt eldisfisk hvetja undantekningarlaust til aukningar framleiðslu, enda ekki vanþörf á að nýta bláa akurinn fyrir sívaxandi fjölda jarðarbúa. Hérlendis er í þróun vistvæn atvinnugrein, byggð á bestu tækni og þekkingu, eftir ströngustu kröfum í heimi. Greinin skorast ekki undan rökrænni umræðu um það sem betur má fara, því ætíð má gera betur. Talnaleikfimi telja andstæðingar þeirrar þróunar e.t.v. henta sér best í baráttunni gegn uppbyggingunni, en fáfræði sem enga skoðun stenst dæmir sig sjálf.

**Stjórnvöld þeirra landa sem geta framleitt eldisfisk hvetja undantekningarlaust til aukningar framleiðslu, enda ekki vanþörf á að nýta bláa akurinn fyrir sívaxandi fjölda jarðarbúa.**

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur
tannlæknar mæla með GUM tannvörum




... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Óvinamissir

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Á ákveðnu tímabili í lífi mínu var ég mjög sannfærður um mikilvægi þess að eiga góða óvini. Þar með var ég alls ekki að gera lítið úr kostum vináttunnar. Eiginlega þvert á móti. Mér fannst að ef ég væri góður óvinur þá gerði það vináttu mína dýrmætari og sannari.

Mér gekk líka býsna vel að eignast óvini, enda þarf ekki mikið til. En þó kemur óvináttan ekki af sjálfu sér. Það er nefnilega eins með hatrið og ástina; maður þarf að leggja rækt við það til þess að það fölni ekki og gleymist.

Ólíkt vináttunni þá er ekki nauðsynlegt að óvinátta sé gagnkvæm. Hún getur verið einhliða og falin, meira að segja getur hún verið vafin í yfirborðskennd vingjarnlegheit þannig að hinn hataði óvinur er aldeilis grunlaus um heiftúðugt hugarþel í sinn garð. En því verður þó ekki neitað að það er meiri myndarbragur yfir óvináttu sem er opinber og gagnkvæm heldur en þeirri sem kraumar einmana og óséð í kvöldum og hefndarþyrstum hugarfylgsnum eins manns. Nei, það borgar sig ekki að festast of lengi í einhliða óvináttu og hatri því slíkt er eitrandi fyrir sál og sinnu og verður því ekki mælt með henni hér.

### Erkióvinur

Æðsta takmark þeirra sem kunna að meta góðan óvinskap hlýtur að vera að eignast verðugan erkióvin. Sá sem á erkióvin í lífinu þarf ekki að kvíða verkefnaleysi eða leiðindum. Barátta við góða erkióvininn hrekur burt loftilla og dáðlausa lognmollu lífsins en fyllir tilveruna tilgangi og athafnaþrá.

Það var ein af gæfum lífs míns að eignast ungur alveg sérdeilis góðan erkióvin. Óvinurinn var mörgum góðum kostum búinn. Hann var fremur ógnvænlegur í fasi og klæðaburði, og léði það óvináttu minni ákveðinn hetjuljóma þar sem ég var sjálfur fremur veimiltítulegur að burðum og lítt ógnandi. Segja má að óvinátta okkar hafi blómstrað frá því við fyrst fréttum hvor af öðrum, því alltaf virtumst við vera að eltast við sömu hlutina og þvælast fyrir fyrirætlunum hvor annars. Þetta var sönn óvinátta því ómengaður illvilji var á milli okkar, við gerðum hvor öðrum tjón við hvert tækifæri og falli spáðum.

Ekki nóg með það; vinahópar okkar sköruðust sáralítið þannig að það reyndist mjög auðvelt að espa upp ágæta stemmningu í kringum þessa óvináttu. Við gátum stöðugt gert okkur í hugarlund hvers konar bölvanlegt ráðabrugg væri í uppsiglingu af hálfu erkióvinarins og hans hyskis og búið okkur undir það með ennþá djöfullegri ráðagerðum til gagnsóknar.

Ég ræktaði þessa óvináttu um hríð af umtalsverðri natni og einlægni, en smám saman fór þó að halla undan fæti. Það er nefnilega ýmislegt ólíkt með hatrinu og ástinni. Ástin á það nefnilega til að dafna með nándinni, en fátt er eins hættulegt góðri óvináttu eins og að kynnast óvini sínum.

Þess vegna er sú grunnregla óvináttunnar þyngdar sinnar virði í brennisteini að eiga helst aldrei neitt saman að sælda með óvini sínum og vinum hans. Ef maður vill ekki stefna óvináttunni í voða þá þarf að ríkja algjör og einbeittur aðskilnaður. Það má aldrei leyfa sér þann grun að nokkur minnsti vottur af sæmilegum mannkostum fyrirfinnist í erkióvini.

Þetta vita allir sem starfað hafa í stjórnmálum þar sem illdeilur, einkum innan flokka, leiða oft til ævintýralegrar vænisýki þar sem það eitt að deila kaffibolla með einhverjum úr „öðru liði“ getur leitt til meiriháttar afleiðinga og jafnvel útskúfunar. Það flækir nefnilega tilveruna umtalsvert ef maður tapar fullvissunni um ómennska illsku og heimsku andstæðingsins.

### „Rosalega fínn gaur“

Það var þess vegna mikið áfall þegar ég varð vitni að því að einn besti vinur minn átti í kumpánlegu spjalli við erkióvin minn. Þessi sami vinur minn var tekinn til bæna við fyrsta tækifæri og rukkaður um skýringar á þessu fáránlega frumhlaupi. „Heyrðu, mér finnst hann bara alveg rosalega fínn gaur,“ var þá svarið. Þetta var einmitt það sem ég vildi ekki heyra. Eftir á að hyggja var þetta líklega upphafið að endinum á þessari fyrirtaksgóðu óvináttu.

Stuttu síðar komst ég ekki sjálfur hjá því að kynnast erkióvini mínum. Og viti menn—það kom í ljós að þetta var alveg rosalega fínn gaur, eins og mér hafði verið sagt. Með okkur tókst fljótlega vinátta og fyrr en varir vorum við farnir að eignast nýja óvini í sameiningu, eins og ekkert hefði í skorist. Og til að bæta gráu ofan á svart urðu meira og minna allir vinir okkar að vinum líka. Þvílík endemis sóun á því sem hefði getað verið ævilangur fjandskapur.

Og auðvitað hefði ekkert af þessu þurft að gerast. Ef við hefðum bara passað betur að kynnast aldrei mannkostum hvor annars, hugsunum og heimsmynd; heldur bara hangið hvor í sínu horni með okkar bjöguðu hugmyndir um innræti og skapgerð hins—þá værum við kannski ennþá óvinir í dag.

Þeim sem er annt um hatrið er því hollast að forðast þessi mistök, ellegar eiga á hættu að glata óvináttunni en eignast óvænta og óumbeðna vináttu í staðinn.




# Verður framtíðinni slegið á frest?



**Þorsteinn Víglundsson**
félags- og jafnréttismálaráðherra

Í burðarliðnum er ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Formenn þessara flokka hafa talað um ríkisstjórn á „breiðum grunni“. Viðræður hafa gengið svo vel að það má heita vandræðalegt fyrir VG og Sjálfstæðisflokk sem skilgreint hafa sig sem höfuðandstæðinga um áratuga skeið. Rætt er um „sögulegar sættir“ og að hér gæti verið í burðarliðnum langt og farsælt stjórnarsamstarf. En markar sögulegt samstarf flokkanna lengst til vinstri og hægri í hinu pólitíska litrófi endalok stjórnmálaátaka, líkt og talað var um endalok hugmyndafræðinnar við lok kalda stríðsins? Eða eru stjórnmálaátökin einfaldlega að færast yfir á aðrar víddir en áður?

Það hversu vel viðræður ganga má rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi snýst stjórnarmyndunin fyrst og fremst um forgangsröðun ríkisútgjalda. Í öðru lagi hafa öll helstu ágreiningsefni verið lögð til hliðar. Í þriðja lagi er rétt að hafa í huga að þó svo langt sé á milli VG og Sjálfstæðisflokks á hinum klassíska hægri/vinstri ás stjórnmálanna, þá er mun styttra á milli flokkanna þegar horft er til forsjárhyggju eða frjálslyndis annars vegar og alþjóðahyggju eða einangrunarhyggju hins vegar.

Það kemur ekki á óvart að flokkarnir geti náð saman um forgangsröðun ríkisútgjalda. Allir flokkar sem buðu fram til síðustu þingkosninga lögðu megináherslu á heilbrigðis-, mennta- og innviðamál. Ágreiningurinn snýst fyrst og fremst um hvernig eigi að fjármagna útgjöldin.

**Ríkisstjórn þjóðernisíhaldsins**

Þó helstu ágreiningsefni séu lögð til hliðar við upphaf stjórnarsamstarfs er líklegt að þau brjótist fram síðar. Viðhorf flokkanna til umhverfismála og atvinnuuppbyggingar hafa t.d. verið mjög ólík. Afstaða til innflytjendamála sömuleiðis. Ný rammaáætlun verður eitt af fyrstu viðfangsefnum nýrrar ríkisstjórnar og þar hafa VG og Sjálfstæðisflokkur lengi eldað grátt silfur saman. Að sama skapi einangraðist Sjálfstæðisflokkurinn í afstöðu sinni til breytinga á útlendingalögum við lok síðasta þings. Það þurfa margir þingmenn að kyngja sannfæringu sinni ef ekki má ræða ágreiningsefnin.

Það sem sameinar þessa flokka er sterkt þjóðernisíhald. Íhaldssöm viðhorf til alþjóðasamstarfs og rík forsjárhyggja. Þetta má sjá ágætlega á svörum frambjóðenda í kosningaprófi RÚV fyrir nýafstaðnar kosningar. Þrátt fyrir endurtekinn ástaróð sjálfstæðismanna til frelsisins hefur flokkurinn litlu sem engu áorkað í þeim efnum á undanförnum tveimur áratugum. Raunar má segja að helstu afrekin í þeim efnum hafi verið unnin í samstarfi við Alþýðuflokkinn með gerð EES-samningsins og þeirra margvíslegu umbóta, m.a. í samkeppnisrétti og neytendavernd, sem þeim samningi fylgdu. Hefði barátta flokksins fyrir einfaldara regluverki atvinnulífsins verið jafn ástríðufull og barátta hans fyrir óbreyttu landbúnaðar- og sjávarútvegskerfi þá byggi íslenskt atvinnulíf við talsvert önnur og einfaldari skilyrði en raun ber vitni.

**Skjaldborg um óbreytt ástand**

Flokkarnir þrír eiga auðvelt með að sameinast um það sem þeir ekki vilja gera. Þeir vilja engar breytingar gera í sjávarútvegi eða landbúnaði. Þá vill enginn þessara flokka kanna hér möguleikann á upptöku annars gjaldmiðils. Þrátt fyrir að íslenska krónan kosti fyrirtæki og almenning í það minnsta 200 milljarða króna í hærri vaxtagreiðslum en ella á ári hverju. Þrátt fyrir að óstöðugleiki myntarinnar sé ein helsta ástæða þess að hér þrífst illa útflutningur á grundvelli hugvits og tækni. Hér eru sérhagsmunir settir ofar almannahagsmunum.

Í hinu síðastnefnda felst mesta hættan. Þrátt fyrir að umhverfi frumkvöðla hér á landi sé mjög sterkt og nýsköpun sé þróttmikil er afraksturinn rýr þegar kemur að vægi tækni og þekkingar í útflutningi landsmanna. Allt of fá fyrirtæki á þessu sviði hafa náð að verða stór og öflug. Helst eru nefnd Össur, Marel og CCP. Hin tvö fyrrnefndu komust á legg á tímum gengisstöðugleika áranna 1993-2000. Þau brugðust síðan við gengisóstöðugleika undanfarinna ára með því að vaxa utan Íslands.

Tækifæri þau sem blasa við okkur tengd fjórðu iðnbyltingunni byggjast fyrst og fremst á uppbyggingu þekkingariðnaðar og möguleikum hans til útflutnings í samkeppni við fyrirtæki sem búa við mun stöðugra gengisumhverfi og lægra vaxtastig. Endurskoðun peningastefnunnar með gengisstöðugleika að markmiði

> **Flokkarnir þrír eiga auðvelt með að sameinast um það sem þeir ekki vilja gera. Þeir vilja engar breytingar gera í sjávarútvegi eða landbúnaði. Þá vill enginn þessara flokka kanna hér möguleikann á upptöku annars gjaldmiðils.**

er í því samhengi eitt mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnvalda ef við ætlum að vera þátttakendur í fjórðu iðnbyltingunni.

Flokkarnir þrír geta auðveldlega slegið skjaldborg um óbreytt ástand. Að framtíðinni verði slegið á frest enn um sinn. Ný ríkisstjórn er skýrt merki um að átakalínur íslenskra stjórnmála eru að breytast. Að átökin muni ekki snúast um hefðbundna hægri og vinstri stefnu heldur fremur um stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi og viljann til að ráðast í nauðsynlegar umbætur á íslensku samfélagi til að tryggja að við verðum þátttakendur en ekki áhorfendur í þeim miklu breytingum og tækifærum sem fylgja munu fjórðu iðnbyltingunni.

# Upplýsingaveita fyrir stærstu atvinnugreinina



**Barnheiður Hallsdóttir**
framkvæmdastjóri Kötlu DMI ehf. og Viator

Upplýsingaskortur getur verið afdrifaríkur þegar teknar eru stórar ákvarðanir. Það á við bæði í rekstri fyrirtækja og ekki síður í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Tiltækar upplýsingar sem varða ferðaþjónustu hafa ekki legið á lausu hingað til. Þær hafa verið óaðgengilegar, vistaðar hér og þar og oft ekki verið nema fyrir sérfræðinga að finna þær og vinna úr þeim.

Mælaborð ferðaþjónustunnar er ný vefsíða á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem á eftir að breyta miklu fyrir alla þá sem starfa við ferðaþjónustu eða annað henni tengt. Í Mælaborðinu er í fyrsta skipti hægt að nálgast tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustuna á einum stað. Tölurnar í Mælaborðinu eru settar fram með myndrænum hætti, sem gerir notendum auðveldara fyrir að átta sig á þróuninni og spá í framtíðina.

**Yfirsýn sem auðveldar ákvarðanatöku**

Vöxtur og þróun ferðaþjónustunnar hefur verið með ólíkindum eins og allir vita. Fyrirtækin hafa verið á hlaupum að bregðast við, fjárfesta, þróa, ráða starfsfólk, breyta og bæta. Erfitt hefur verið að ná yfirsýn yfir þær fjölmörgu breytur sem gefa til kynna hvert stefnir. Í mörgum tilfellum hafa fyrirtækin því þurft að stökkva út í djúpu laugina með allt of mikið af óþekktum stærðum í farteskinu og vona það besta. Með því að hafa sem mest af upplýsingum aðgengilegt á einum stað verður hægt að gera markvissari áætlanir en áður og stuðla að skynsamlegri nýtingu framleiðsluþátta ferðaþjónustunnar og gera markaðs- og aðgerðaáætlanir lengra fram í tímann.

**Ferðaþjónusta teygir anga sína víða**

Ferðaþjónustan hefur töluverða sérstöðu sem atvinnugrein vegna þess hvað hún snertir marga anga þjóðfélagsins. Í ferðaþjónustu starfa um 28 þúsund manns. Auk þess byggir gríðarlegur fjöldi einstaklinga og fyrirtækja afkomu sína óbeint á ferðaþjónustu. Breyturnar eru ótal margar og viðsnúningur til hins betra eða verra á einum stað getur haft mikil áhrif á fjölda annarra. Það er því mikilvægt fyrir fleiri en þá sem reka ferðaþjónustufyrirtæki að vera með á nótunum.

**Upplýsingar úr öllum áttum**

Meðal þess sem mælaborðið sýnir til að byrja með er fjöldi ferðamanna, framboð gistirýmis, nýting hótelherbergja, nýting og tekjur Airbnb gistingar, komur og dreifing skemmtiferðaskipa, fjöldi starfsmanna í atvinnugreininni, gjaldeyristekjur og fjöldi bílaleigubíla. Þessar tölur má skoða nánar eftir árum, landsvæðum, sveitarfélögum, atvinnugreinum, þjóðernum o.fl. Á næstu misserum er áætlað að bæta við miklu meira af upplýsingum. Sem dæmi má nefna farþegaupplýsingar, viðhorfskannanir meðal ferðamanna og heimamanna og landamærakannanir.

**Allir hafa sama aðgang**

Stór kostur Mælaborðsins er að allir hafa sama aðgang að upplýsingunum. Lítil og stór fyrirtæki, bankar og lánastofnanir, rannsakendur og ráðgjafar, skólar og námsmenn, ríki

> **Stór kostur Mælaborðsins er að allir hafa sama aðgang að upplýsingunum. Lítil og stór fyrirtæki, bankar og lánastofnanir, rannsakendur og ráðgjafar, skólar og námsmenn, ríki og sveitarfélög.**

og sveitarfélög. Mælaborðið gefur fyrirheit um að komin sé góð hreyfing á það ákall frá ferðaþjónustunni að samræma og bæta aðgengi að upplýsingum. Gott aðgengi að upplýsingum er öllum í hag og er það von okkar sem störfum í greininni að upplýsingaveitan gefi frekari rannsóknum, könnunum og upplýsingaöflun byr undir báða vængi.

# Samlokan opnuð



**Sveinn Andri Sveinsson**
hæstaréttarlögmaður og skipaður skiptastjóri í þrotabúi EK1923 ehf.

Í Fréttablaðinu þann 16. nóvember 2017 var slegið upp í fimm dálka fyrirsögn frétt um það að Skúli Gunnar Sigfússon, oft kenndur við Subway, sem er skyndibitastaður sem selur samlokur, hefði kært undirritaðan lögmann og skiptastjóra EK1923 ehf. (EK) til Héraðssaksóknara fyrir rangar sakargiftir og einhvers konar þvinganir. Vegna þessa telur undirritaður rétt að koma á framfæri, á sama vettvangi, óbrengluðum upplýsingum um hvað kærur þrotabúsins á hendur kærðu snúast um.

Niðurstaða rannsóknar skiptastjóra var sú að fyrrum fyrirsvarsmaður og samstarfsmenn hans hefðu í viðskiptum EK við önnur félög í eigu kærða annars vegar með meintum refsiverðum hætti tileinkað sér tæplega 50 mkr. úr sjóðum þess og hins vegar að í tengslum við þessa gerninga og fleiri ætti þrotabúið hátt í 400 mkr. kröfu á hendur tveimur félögum í eigu kærða.

**Framsal endurkröfu á ríkið**

Tvö félög í eigu kærða, EK og Sólstjarnan ehf., höfðu það verkefni að flytja inn, geyma og selja vörur til þriðja félagsins í samsteypu kærða, Stjörnunnar ehf., sem rekur samlokustaðina. Bæði félögin tóku þátt í útboðum vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum og bæði félögin eignuðust kröfur á hendur ríkissjóði þegar gjaldtaka í tengslum við útboðið var dæmd ólögmæt. Sólstjarnan gerði endurkröfu á ríkissjóð og var þeirri endurgreiðslu síðan ráðstafað til Stjörnunnar. Í tilviki EK var hins vegar endurkrafa á ríkið að fjárhæð 24 mkr. framseld Stjörnunni samkvæmt sérstökum framsalssamningi og það félag krafði svo ríkið um greiðsluna. Var þetta gert rétt rúmlega þremur mánuðum áður en krafa um gjaldþrotaskipti var lögð fram.

Ekki var til pappírssnepill í fórum EK um þetta framsal né var nokkuð í bókhaldi EK sem gaf til kynna að EK skuldaði Stjörnunni þessa fjármuni. Hafði þáverandi framkvæmdastjóri EK ekki hugmynd um þetta framsal. Við skýrslutökur hjá skiptastjóra létu menn þessa framsals í engu getið. Byggir skiptastjóri á því að ásetningur hefði staðið til þess að leyna þrotabúið þessum gerningi.

**Bankabók tæmd**

Á sama tíma og kærði keypti EK, keypti fasteignafélag hans, Sjöstjarnan ehf., fasteign EK að Skútuvogi 3 í Reykjavík fyrir 475 mkr. Um 330 mkr. voru sannarlega greiddar af kaupverðinu. Var EK gert að leigutaka í eigninni. Haustið 2015 gerðu Reitir tilboð í eignina upp á 670 mkr. Til þess að kaupin gengju eftir varð EK að leggja fram 21 mkr. leiguábyrgð. Þar sem EK var ekki í stakk búið til þess að reiða fram það fé, lánaði Sjöstjarnan EK 21 mkr. sem lögð var inn á bankabók í eigu EK sem síðan var handveðsett viðskiptabanka EK þannig að gefa mætti út leiguábyrgð. Tæplega tveimur mánuðum áður en krafist var gjaldþrotaskipta var gert samkomulag milli EK og Reita um að rifta leigusamningi og þar sem nýr leigutaki var kominn að húsinu, ákváðu Reitir að ganga ekki að tryggingunni. Strax í kjölfarið ákváðu fyrirsvarsmenn EK og Sjöstjörnunnar að EK skyldi greiða að fullu þessa kröfu Sjöstjörnunnar. Var innistæðan millifærð á Sjöstjörnuna og bókin eyðilögð. Var það gert þrátt fyrir að fyrir lægi á þessum tímapunkti, samkvæmt þeim rekstrarráðgjafa sem vann að endurskipulagningu og eignasölu, að menn væru að vinna með 15-20% nauðasamninga við kröfuhafa. Ekkert var fært um þessa greiðslu í bókhaldi EK og ekki var á hana minnst við skýrslutökur hjá skiptastjóra.

Í kjölfar þess að tilkynnt var um riftun þessarar ráðstöfunar fékk skiptastjóri sendan lánasamning frá kærðu þar sem innistæðan á umræddri bók hafði verið veðsett á 2. veðrétti til Sjöstjörnunnar. Telur skiptastjóri að sá samningur hafi verið gerður eftir á.

**Steinn í götu**

Héraðssaksóknari hefur ákveðið að vísa ekki frá kærum skiptastjóra

> **Vegna þessa telur undirritaður rétt að koma á framfæri, á sama vettvangi, óbrengluðum upplýsingum um hvað kærur þrotabúsins á hendur kærðu snúast.**

heldur taka málin til rannsóknar. Niðurstaðan kemur í ljós síðar. En hvernig þetta getur flokkast undir rangar sakargiftir er hulin ráðgáta. Skiptastjóri vildi síðan gefa hinum kærðu kost á því að vinda ofan af þessu ætlaða undanskoti með því að endurgreiða þrotabúinu og komast með því hjá kæru, enda eru mál sem þessi hvort eð er iðulega felld niður hjá lögreglu ef samningar nást. Það er heldur betur verið að snúa hlutunum á haus þegar slík sáttaboð eru kölluð þvinganir.

**visir.is** Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.

MISTUR EFTIR RAGNAR JÓNASSON

# „LESIÐ ÞESSA BÓK UM JÓLIN!“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI



★★★★
ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV




Myrkur, óveður og innilokun í afskekktri sveit – og óvæntan gest ber að garði. Ný og hörkuspennandi glæpasaga eftir Ragnar Jónasson sem heimspressan hefur lofað í hástert!

*„Mistur er ekki aðeins góð glæpasaga heldur er skyggnst inn í hugarheim helstu persóna og þá baráttu sem þær standa í.“*
Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

*„Frábærlega vel uppbyggð bók. ... Við unnendur spennusagna segi ég: Lesið þessa bók um jólin. ... **Þrælspennandi**. Þarna er spenna svo manni **er stundum ekki rótt**. ... Ég fullyrði að þetta er langbesta bók Ragnars. Mikil spenna út í gegn.“*
Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

4.
Metsölulisti
Eymundsson
Skáldverk

„ÞETTA ER HANS BESTA BÓK.“
SIGURÐUR G. VALGEIRSSON, KILJUNNI

VERÖLD



# Á myndina vantar Kjartan Óla Eiríksson 1970–2015

Um 200 Íslendingar látast árlega úr ótímabærum hjarta- og æðaáföllum. Um 12 þúsund manns á aldrinum 50–70 ára glíma við afleiðingar slíkra áfalla og lifa við skert lífsgæði vegna þeirra. Með markvissri leit er hægt að finna þessa einstaklinga áður en það er um seinan og koma í veg fyrir áföllin.

Við söfnum fyrir fyrirbyggjandi leit og innleiðingu á öllum heilsugæslum landsins.

**Söfnunarþáttur í opinni dagskrá á Stöð 2, 17. nóvember kl. 19.25**

## Finnum fólk í lífshættu

Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

**907 1502** 2.000 KR. | **907 1505** 5.000 KR. | **907 1508** 8.000 KR.

HREYFING HEILSULIND
LEXUS EXPERIENCE AMAZING
Apótekarinn
ÞG-VERK
BLUE LAGOON ICELAND
HJARTAVERND

Pipar\TBWA \ SÍA



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bilson - VERKSTÆÐIÐ -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

FYRIRTÆKI & VERSLANIR



HEILDARLAUSNIR Í UMBÚÐUM

pappír • gjafapokar • pakkaskraut • gjafabönd
greinar • borðar • öskjur • silkiblóm • slaufur

Melabraut 19 • 220 Hafnarfirði • Sími 575 0200 • danco@danco.is

DANCO HEILDVERSLUN

EINRÓMA LOF

★★★★½
Skelfileg en falleg saga, full af sársauka og átökum,elskusemi og æðruleysi.
**HÞ/Morgunblaðið**

Syndafallið er falleg og nærgöngul fjölskyldusaga sem lætur engan ósnortinn.
**Katrín Jakobsdóttir**




Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið sem þarf til að segja svona sögu.
**Jón Gnarr**

Með því besta og fallegasta sem ég hef lesið lengi.
**Thelma Ásdísardóttir**

Sögur útgáfa

MEÐ HELGUM HLJÓM

Jólatónleikar

- í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Hátíðartónleikar til styrktar Kviðarhols- og þvagfæraskurðdeild Landspítalans, 13E/G fimmtudaginn 7. desember kl. 12



Auður Gunnarsdóttir, sópran



Þorbjörn Rúnarsson, tenór



Bjarni Thor Kristinsson, bassi

Ásamt hljómsveit og kvennakórnum Concordia

Miðasala á tix.is og við innganginn - Miðaverð 2500.-


# Sérstaða Íslands í alþjóðasamhengi



**Sveinn Margeirsson**
forstjóri Matís



**Rakel Halldórsdóttir**
annar stofnenda Frú Laugu bændamarkaðar, stjórnarmaður SLOW FOOD Reykjavík og ráðgjafi hjá Matís



**Páll Gunnar Pálsson**
sérfræðingur hjá Matís

Ísland hefur mikla sérstöðu í alþjóðaumhverfinu þegar kemur að möguleikum til sjálfbærni. Þessi sérstaða byggir á nokkrum þáttum, ekki síst á þeirri staðreynd að Ísland er eyja, með ríkulegar auðlindir til lands og sjávar sem er tært og ósnortið að miklu leyti sökum hnattstöðu landsins og landfræðilegrar uppbyggingar þess. Vaxandi fólksfjöldi, hungur og matarsóun eru meðal stóru málanna á alþjóðavísu þegar litið er til framtíðar.

Almennt er talið að á alþjóðavísu komi um 5% matar og fóðurs úr sjó og vatni, á meðan staðreyndin er sú að höf og vötn umlykja í kringum 70% af jörðinni. Á Íslandi höfum við þá sérstöðu að í kringum 80-90% af matarframleiðslu okkar koma úr sjó og vatni (breytilegt milli ára). Nýsköpun í tengslum við sjávargróður, svo sem þörungarækt til manneldis, verður ekki til annars en hækkunar á þessu háa hlutfalli. Þetta er sérstaða sem ber að horfa til með tilliti til langtímastefnumótunar.

Í erindi Heiðrúnar Lindar, framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, á ársfundi samtakanna þann 28. maí sl., lýsti hún sérstöðu Íslands hvað varðar sjávarútveg okkar sem sjálfbæra auðlind. Sagði hún þessa sérstöðu byggja á 1) umhverfislegri sjálfbærni, grundvallaðri á kvótakerfi sem tryggir viðhald og framtíð íslensku sjávarauðlindarinnar, 2) efnahagslegri sjálfbærni, sem grundvallast á fyrirsjáanlegu og stöðugu lagaumhverfi og 3) samfélagslegri sjálfbærni, sem grundvallast á þeim miklu framförum sem orðið hafa í veiðum og vinnslu í þessum grunnatvinnuvegi Íslendinga og stuðla að betri nýtingu auðlindarinnar, minnkuðu kolefnisspori og aukinni sjálfbærni.

Allar frumframleiðslugreinar Íslands, hvort sem þær nýta auðlindir lands eða sjávar og vatna, eru mikilvægar þegar kemur að sjálfbærni Íslands og langtímastefnumótun og -hugsun sem tryggir viðhald og uppbyggingu þeirra er lykilatriði til framtíðar sjálfbærs Íslands og sjálfbærrar jarðar. Þegar horft er til möguleika Íslands á að leggja sitt af mörkum til sjálfbærni jarðar, er þó mikilvægt að horfa ekki síst til íslenska sjávarútvegsins og sérstöðu hans hnattrænt.

Með tilliti til möguleika Íslands á að leggja sitt af mörkum til manneldis og velferðar jarðarbúa almennt, mætti því ætla að opinber stefnumótun sem tryggir möguleika sjávarútvegsins á langtímasamningum erlendis sé afar mikilvæg, en grundvöllur slíkrar stefnumótunar hlýtur að vera sá að stöðugleiki hins íslenska gjaldmiðils verði tryggður. Sífelldar sveiflur íslensku krónunnar og óútreiknanlegar aðstæður hljóta að vera hindranir sem erfitt og jafnvel ómögulegt er að yfirstíga í langtímastefnumótun og langtímasamningum frumframleiðenda og annarra framleiðenda og fyrirtækja á sölu íslenskra afurða erlendis, þar með talið sjávarafurða.

**Sjálfbært Ísland?**

Samfélagsleg sjálfbærni Íslands er í vexti, með framförum og verkefnum í átt að sjálfbærari aðferðum. Umhverfisleg sjálfbærni Íslands er í vexti, með aðstæðum innanlands sem hvetja til aukinnar virðingar og verndar í umgengni við náttúruna og auðlindir hennar. Efnahagsleg sjálfbærni Íslands er í vexti, með meðvitund ráðamanna og vilja til að innleiða og tryggja möguleika og eðlilegrar nýtingar og viðhalds auðlinda. Hvað sjálfbærni Íslands til framtíðar varðar er áríðandi að hugað sé alvarlega að mögulegum áhrifum stóriðju, virkjana og orkuvera á vistkerfi náttúrunnar og þar með auðlindir og frumframleiðslu. Í því samhengi er brýnt að langtímasjónarmið ráði ferð.

Með tilliti til möguleika Íslands á að leggja sitt af mörkum í átt að sjálfbærari jörð, nægir efnahagsleg sjálfbærni innanlands ekki ein.

Mikilvægt er að tryggja efnahagslega sjálfbærni Íslands einnig á alþjóðavísu, með því að skapa frumframleiðendum fyrirsjáanlegt og stöðugt umhverfi til langtímastefnumótunar og samningagerðar. Mikilvægt er að finna leiðir til að lækka kostnað og skapa aðstæður sem veita frumframleiðendum í öllum greinum sanngjarnt verð fyrir framleiðslu sína og þar með traustan rekstrargrundvöll.

Mikilvægt er að sjónarmið lykilhugtakanna virðingar og verndar verði í auknum mæli ráðandi í viðhorfum okkar til auðlinda jarðar, frumframleiðslu og alls lífs, því: Matur er mannsins megin, matur og næring er lífið sjálft, frumframleiðsla snýst um líf mannkyns og viðhald þess á móður jörðu.

*Greinin er þriðji hluti greinaraðarinnar Sjálfbært Ísland – sjálfbær jörð.*

# Við lifum í afbökuðum peningaheimi



**Örn Karlsson**
vélaverkfræðingur

*Opið bréf til alþingismanna og Seðlabanka Íslands.*

Hinn íslenski peningaheimur er afbakaður vegna vaxtaparadísar sem Seðlabankinn býður fjármagnseigendum. Mælieiningin krónan bjagast með hættulegum afleiðingum fyrir samfélagið.

Vísitala neysluverðs án húsnæðisliðar mælir verðhjöðnun, við finnum aukinn kaupmátt. Útlendingar sem hingað koma finna þetta ekki, þeirra kaupmáttur hefur snarminnkað hér á landi undanfarin misseri.

Hvort ætli sé nú réttara? Hvort er raunverulega rétt? Að hér sé verðbólga eða verðhjöðnun? Við þurfum ekki að kafa djúpt til að átta okkur. Stóru myntirnar dollar og evra hafa lítt haggast um innra virði til einhverra missera litið. Þannig er ljóst að hægt er að miða við að þessar myntir mæli verðmæti nokkuð vel undanfarið.

Mælt á kvarða þessara traustu mynta er sem sagt verðbólga á Íslandi.

Fjölmiðlar og íslenskir hagfræðingar sem segja að verðhjöðnun sé á Íslandi fara með rangt mál. Til að komast að slíkri niðurstöðu þarf að gefa sér að vextir, gengi og hreyfing vísitölu neysluverðs séu óháðar breytur. Þessar breytur eru hins vegar afar háðar hver annarri, ekki síst á það við um Ísland vegna smæðar hagkerfisins og hás hlutfalls innfluttra aðfanga. Verðhjöðnunin kemur öll í gegnum vaxtaþáttinn sem ýtir genginu upp. Verðhjöðnunin kemur ekki í gegnum innlenda hagverkun, innlenda framleiðslu, innlendan kostnað, jafnvel ekki á mælikvarða krónunnar. Verð innlends kostnaðar hefur farið vaxandi en verð erlendra aðfanga lækkað í krónum talið.

**Falskur kaupmáttur**

Vegna hæstu raunvaxta í vestrænu samfélagi rís gengi íslensku krónunnar. Verðbólga á kvarða vísitölunnar er falin undir því risi, a.m.k. tímabundið en í leiðinni býr Seðlabankinn til sjálfstætt vandamál fjármálalegs óstöðugleika með því að peningamagn í umferð fær aukinn kaupmátt – falskan kaupmátt. Hinir háu vextir leiða til ýktrar hagsveiflu með hrunkenndum öldudölum. Að þessu sinni hefur þróttur og vöxtur ferðaþjónustunnar gefið okkur lengri sveiflu.

Líkt og fyrir hrunin 2001 og 2008 hefur hávaxtastefnan leitt til þess að gengið er ósjálfbært, þ.e. raunhagkerfið er hætt að standa undir kaupmættinum. Útflutningsgreinar gefa eftir, viðskiptahalli er í augsýn og vex þar til ekki fæst rönd við reist og hrun eða fall gjaldmiðilsins blasir við. Örugg leið að fallinu er að í kjölfar vaxandi verðbólgu næstu misseri muni Seðlabankinn hækka stýrivexti að hætti hússins, eins og stjórnendur lofuðu í vikunni, og reka okkur þannig í vaxandi vandamál tengd viðskiptahalla og peningamagni.

Meira en 20 ár eru síðan Ben Bernanke o.fl. hröktu þá fullyrðingu sem Seðlabankinn hefur að leiðarljósi, að stýrivextir séu hlutlausir gagnvart raunhagkerfinu til lengri tíma litið. Annað leiðarljós Seðlabankans að vísitala neysluverðs mæli verðbólgu er einnig villuljós. Vísitala neysluverðs mælir ekki virðisbreytingu gjaldmiðilsins því hún hefur ekki hönnunarforsendur til þess. Skekkjan varð allt að 70% árin fyrir hrun 2008 og hefur verið umtalsverð síðustu misseri.

Við Íslendingar verðum að hætta þessum skollaleik og einbeita okkur að verkfærum peningastjórnar öðrum en vaxtatækinu. Setjum vaxtatækið í hlutlausan gír, afnemum verðtrygginguna á neytendalánum og snúum okkur að stjórnun í gegnum peningamagnið. Höfum ennfremur hömlur á eða eftirlit með stórum fjármagnsflutningum milli hagkerfa til að sporna gegn spákaupmennsku. Gengið mun þá ráðast af þrótti hagkerfisins og útflutningsatvinnuvega. Stöðugleikinn sem allir sækjast eftir kemur ekki fyrr.

Ef við ættum tommustokk sem við vissum að lengdist í hitasvækju, þá myndum við passa að geyma hann á köldum stað svo við gætum treyst honum. Eins er með krónuna, hún bjagast sem mælieining þegar vextir á Íslandi eru hærri en í viðskiptalöndunum. En kennum ekki krónunni um, sökin liggur hjá Alþingi og Seðlabankanum.

Lækkun vaxta leiðir til verðbólguskots, en það skot er betra en hrun síðar. Pössum bara að afnema verðtrygginguna áður en við hleypum úr þaninni krónunni.

bauhaus.is

# BAUHAUS®




Verð gildir helgina 17. - 19. nóvember 2017.
Afgreiðslutímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

### Höttur - Keflavík 66-92
**Höttur**: Kevin Michaud Lewis 16, Gísli Þórarinn Hallsson 15, Mirko Virijevic 11.
**Keflavík**: Stanley Earl Robinson 15, Hilmar Pétursson 14, Daði Lár Jónsson 14, Ágúst Orrason 11, Þröstur Leó Jóhannsson 10.

### ÍR - Valur 76-90
**ÍR**: Ryan Taylor 29/14 fráköst/6 varin, Danero Thomas 14, Matthías Sigurðarson 12.
**Valur**: Urald King 31/14 fráköst, Austin Magnus Bracey 19, Oddur Pétursson 13.

### KR - Haukar 66-81
**KR**: Jalen Jenkins 19, Björn Kristjánsson 15, Brynjar Björnsson 10, Darri Hilmarsson 9.
**Haukar**: Kári Jónsson 21, Haukur Óskarsson 17, Paul Anthony Jones III 16, Finnur Atli Magnússon 12/11 fráköst.

### Stjarnan - Þór Ak. 92-84
**Stjarnan**: Collin Anthony Pryor 21/19 fráköst, Róbert Sigurðsson 19, Hlynur Elías Bæringsson 15/17 fráköst.
**Þór Ak.**: Ingvi Rafn Ingvarsson 18, Sindri Davíðsson 15, Pálmi Jónsson 14, Hreiðar Vilhjálmsson 13, Marques Oliver 12/18 frák.

### Tindastóll - Þór Þ. 92-58
**Tindastóll**: Christopher Caird 20, Sigtryggur Arnar Björnsson 20, Brandon Garrett 13/3 varin, Helgi Rafn Viggósson 13, Viðar Ágústsson 7.
**Þór Þ.**: Halldór Garðar Hermannsson 29/7 fráköst, Emil Karel Einarsson 10.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 11 | Njarðvík | 8 |
| Keflavík | 10 | Valur | 6 |
| ÍR | 10 | Stjarnan | 6 |
| Grindavík | 8 | Þór Ak. | 4 |
| Haukar | 8 | Þór Þorl. | 2 |
| KR | 8 | Höttur | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **18.30** | **PGS RSM Classic** | Golfstöðin |
| **19.00** | **CME Tour Champ** | Golfstöðin |
| **19.25** | **Stuttg. - Dortmund** | Sport2 |
| **19.50** | **Njarðvík - Grindavík** | Sport |
| **22.00** | **Domino's-körfukvöld** | Sport |
| **01.00** | **Spurs - Thunder** | Sport |

**Domino's-deild karla:**
**20.00** **Njarðvík - Grindavík** Njarðv.

## Valskonur með fimm stiga forskot í Olís-deildinni eftir sigur á ÍBV



**Komin í gegn** Díana Dögg Magnúsdóttir er hér búin að spóla sig í gegnum vörn ÍBV í gær og skorar eitt marka sinna. Valskonur halda áfram að koma verulega á óvart í Olís-deildinni og eru mjög óvænt með stórt forskot á toppi deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þurfum að horfa til framtíðar

**Viðar Örn Hafsteinsson, þjálfari Hattar í Domino's-deildinni í körfubolta, segir að frjálst flæði Bosman-leikmanna muni hjálpa landsbyggðinni. Hann vonast þó til að íslensk lið fyllist ekki af erlendu vinnuafli.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta mun gera landsbyggðarliðunum betur kleift að vera samkeppnishæf. Sama hvað hver segir er oft erfitt fyrir þau að styrkja sig," segir Viðar Örn Hafsteinsson, þjálfari Domino's-deildar liðs Hattar frá Egilsstöðum, um væntanlegu reglubreytinguna fyrir næstu leiktíð sem felur það í sér að íslensku liðin mega sækja sér eins marga „Bosman"-leikmenn (Evrópumenn) og þau vilja.

Vegna dóms ESA þarf Domino's-deildin nú að víkja frá 4+1 reglunni sem hefur gefið mörgum íslenskum leikmönnum stór tækifæri í deildinni en deilt hefur verið um hvort deildin sé nógu sterk án fleiri erlendra leikmanna.

Ljóst er að þetta mun gera mikið fyrir lið á landsbyggðinni með ríka körfuboltahefð eins og Hött, Vestra á Ísafirði og Snæfell í Stykkishólmi svo dæmi séu tekin. Vestri var síðast í efstu deild fyrir fjórum árum, Höttur er nýliði í efstu deild og Snæfell féll síðasta vor.

### Gæti hjálpað til að fá íslenska

„Hingað til hefur maður ekkert getað valið bara hvaða leikmann maður fær. Ég fæ mér ekki bara miðherja ef mig vantar miðherja. Ég þarf meira og minna bara að taka það sem býðst. Þetta mun breyta því hvernig félögin á landsbyggðinni sérstaklega geta byggt upp sín lið. Við höfum alltaf talað fyrir því að hafa þetta svona opið. Það eru miklar hömlur á 4+1 og ef þetta er ólöglegt verður að breyta þessu," segir Viðar Örn sem sér annan ljósan punkt í þessu fyrir

> Það verða ekki tólf lið meistarar á hverju ári heldur bara eitt.
>
> Viðar Örn Hafsteinsson



liðin úti á landi sem eiga erfitt með að plata borgarbörnin í ævintýrin á landsbyggðinni.

„Það er engin spurning um að þetta mun hjálpa körfuboltaplássunum úti á landi og mun skipta miklu máli. Svo er annað í þessu. Ef liðin á höfuðborgarsvæðinu fara að hrúga inn erlendum leikmönnum og fara að setja góða íslenska leikmenn aftar í röðina þá gæti það kannski ýtt þeim frekar út á land," segir Viðar.

„Það skiptir okkur engu máli hvort leikmaðurinn er frá Spáni, Garðabæ eða hvaðan sem er. Við viljum fyrst og fremst hafa kjarna af uppöldum leikmönnum og fá svo aðra góða spilara til að byggja í kringum það," segir Viðar Örn.

### Passa upp á okkar stráka

Viðar Örn, sem þjálfar einnig yngri landslið Íslands, leggur ríka áherslu á að íslensku liðin gleymi ekki að hugsa um sína stráka. Það þarf að horfa lengra fram í tímann.

„Ég á eftir að skoða þessi leikmannamál fyrir mig persónulega þegar nær dregur en ég reyni nú aðeins að horfa fram í tímann þegar að þessu kemur. Vissulega mun þetta hjálpa landsbyggðarliðunum að semja því þau hafa þurft að borga meira fyrir íslensku strákana en liðin á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er það nú bara. Svo verður þetta spurning um hvernig liðin vilja byggja þetta upp hjá sér," segir Viðar Örn sem finnst of mörg lið ætla sér of stóra hluti á hverri leiktíð og gleyma allri framtíðarsýn.

„Það verða ekki tólf lið meistarar á hverju ári heldur bara eitt. Stundum er svolítið skrítið í íslensku deildinni að það ætlar kannski helmingur liðanna að verða Íslandsmeistarar. Ég vona að þetta verði ekki til þess að þessi lið fara að kaupa hinn og þennan til að taka þátt í einhverjum eltingarleik heldur horfi aðeins lengra fram í tímann. Það er gott að fá góða leikmenn en við verðum að nýta þessa reglubreytingu rétt og halda áfram að huga að yngri leikmönnum okkar og vinna með þá," segir Viðar Örn Hafsteinsson. **tomas@365.is**

**4+1**

**Reglan var tekin í gildi árið 2012 en líklega verður bara áfram einn Bandaríkjamaður. leyfður í hverju liði.**

Á myndina vantar pabba

Finnum fólk í lífshættu
Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

Söfnunarþáttur í opinni dagskrá
á Stöð 2, 17. nóvember kl. 19.25

907 1502 2.000 KR | 907 1505 5.000 KR | 907 1508 8.000 KR

HJARTAVERND

HARPA
Salur: Stemma
Austurbakki 2 | Reykjavík

Þriðjudaginn
21. nóvember | kl. 20:00

Aðgangseyrir 500,-- kr.

FYRIRLESTUR Á ENSKU
CHRISTOPHER VASEY

ANDLÁT OG HANDANHEIMAR
SAMKVÆMT GRALSBOÐSKAPNUM

Skipuleggjandi: Stofnunin Stiftung Gralsbotschaft
www.gralsbodskapur.org • info@gralsbodskapur.org • Sími: 842 2552

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER 2017



# Vil lifa í gleði

Ásdís Arna Gottskálksdóttir átti langveikan son, Björgvin Arnar Atlason, sem lést árið 2013. Hún heldur minningu hans á lofti með því að styrkja fjölskyldur sem eru í sömu sporum og hún var í á sínum tíma. →2

MYND/EYÞÓR



**Selma Ragnarsdóttir klæðskeri og kjólameistari blæs til sýningar í Oddsson á morgun. Hún sýnir sína fyrstu fatalínu í áratug og einblínir á spariföt í stærri stærðum.** →4






LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is

**Framhald af forsíðu** ⇒



Ásdís Arna lítur björtum augum til framtíðar og kýs að horfa á gleðina í lífinu. MYND/EYÞÓR

Ásdís Arna Gottskálksdóttir tekur brosandi á móti blaðamanni á fallegu heimili sínu í Kópavogi á svölum nóvemberdegi. Hún er í fæðingarorlofi en nýtir hverja lausa stund til að sinna góðgerðarstarfi í minningu Björgvins Arnars sem lést úr afar sjaldgæfum sjúkdómi, aðeins sex ára gamall. „Mig langaði ekki til að dvelja í sorginni heldur lifa í gleði og nýta mér þessa reynslu til góðs," segir Ásdís. Hún lét útbúa jólakort og merkimiða með mynd og stöfum eftir Björgvin sem hún selur og allur ágóðinn fer í að styrkja fjölskyldur langveikra barna fyrir jólin.

## Til Boston með hraði

Ásdís segir að ekkert hafi amað að Björgvini þegar hann fæddist, drengurinn dafnaði vel en um sex mánaða aldurinn fór hann að léttast og átti erfitt með að drekka. „Ég fór með hann til læknis sem fann ekkert að honum en mánuði seinna tók ég eftir hvað Björgvin svitnaði mikið þegar hann drakk og virtist vera þungt um andardrátt svo ég fór með hann til sérfræðings. Hann heyrði strax aukahljóð í hjartanu á honum og sendi okkur á bráðamóttökuna. Þar kom í ljós að Björgvin var með alvarlegan hjartagalla og hann varð að fara strax í aðgerð úti í Boston. Það mátti vart tæpara standa, það var tvísýnt um að hann myndi lifa ferðina af," rifjar Ásdís upp.

Björgvin var mikill baráttujaxl og í Boston gekkst hann undir þrjár hjartaþræðingar og tvær opnar hjartaaðgerðir til að stöðva leka á milli hjartahólfa. Erfiðlega gekk að koma alveg í veg fyrir lekann og tveggja vikna ferð lengdist í tvo mánuði. Þá var Björgvin loks orðinn nógu hress til að halda heim á ný. „Næsta árið var alveg ágætt eða þar til sjónin hjá honum fór allt í einu að versna. Björgvin missti alveg sjón á vinstra auganu og var aðeins með 6 prósent sjón á því hægra og hann hætti að stækka á sama tíma. Hann var ekki nema 86 cm þegar hann lést," segir Ásdís.

## Ráðgáta fyrir læknavísindin

Björgvin varð sífellt veikari, varð að lokum að nota súrefni daglega og umgangspestir gátu riðið honum að fullu. Hann fór í alls kyns rannsóknir og lagt var kapp á að finna út hvað amaði að honum, bæði hér heima, í Stokkhólmi og í Boston en það var líkt og að leita að nál í heystakki. „Hjartalæknirinn okkar sagði mér að hann gæti ekki hætt að hugsa um hvað gæti amað að drengnum. Þegar Björgvin var orðinn sex ára fékk hann svo ákveðna hugmynd um hvað þetta gæti verið, lét kanna það og hann reyndist hafa rétt fyrir sér. Björgvin var með mjög sjaldgæfan bandvefssjúkdóm, acromicric dysplasia, sem aðeins sextíu börn í heiminum hafa greinst með. Lífslíkur þeirra eru litlar og flest þeirra verða ekki eldri en fjögurra ára. Það var auðvitað mikið áfall að fá þennan dóm og satt að segja er ég fegin að ég vissi þetta ekki fyrr. Ég hafði alltaf von um að það yrði hægt að hjálpa honum, svo það hefði verið óbærilegt að vita að hann myndi ekki lifa lengi," segir Ásdís og bætir við að það sé ólýsanlega erfitt að eiga langveikt barn og lífið snúist um fátt annað.

Þau mæðginin eyddu löngum tíma á sjúkrahúsum en Ásdís segir að þau hafi líka verið mikið heima, með góðri aðstoð fjölskyldu og vina. „Mamma og pabbi voru rosalega dugleg að hjálpa okkur og Allý, barnapían mín, var ómetanleg aðstoð. Með þessu móti gat ég haldið vinnunni minni hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Libra, en yfirmenn mínir hafa alltaf verið ofsalega liðlegir þannig að einhvern veginn var hægt að púsla þessu öllu saman. Það var mikilvægt fyrir mig að vinna og hitta annað fólk, ég fann að það gerði mér gott."

## Dásamlegur karakter með mikinn húmor

Haustið 2013 átti Björgvin að byrja í skóla en hann var bráðgreindur og hlakkaði til að setjast á skólabekk. „Hann var svo dásamlegur karakter og heillaði alla sem hann hitti upp úr skónum. Hann var vel gefinn, talaði svo skýrt og hafði mikinn húmor. Margir hafa sagt mér að þeir hafi orðið betri manneskjur við að kynnast honum. Við bjuggum í Njarðvíkum og Björgvin átti að fara í Akurskóla. Þar var búið að undirbúa komu hans vel, halda kynningu fyrir allt starfsfólkið og ráða manneskju honum til aðstoðar en þá veiktist hann frekar skyndilega. Honum hrakaði gríðarlega hratt og lést svo 26. ágúst 2013," segir Ásdís alvarleg í bragði.

Þegar hún lítur til baka segist hún stundum ekki skilja þann styrk sem hún hafði á þessum tíma. „Björgvin var líf mitt og yndi en þegar hann dó fannst mér það ekki vera það versta sem gat gerst. Það var engin von um lengur um betra líf fyrir hann. Þessi sjúkdómur reyndist honum hryllilega erfiður. Hann gat ekki lifað því lífi sem hann þráði. Það var mín sorg í sex ár," segir Ásdís sem var strax staðráðin í að reyna að gefa af sér og miðla þessari reynslu til annarra í sömu sporum. „Ég er í sorgarhópi hjá Litlu ljósunum og finn að það gerir mér gott. Ég fékk mikinn og góðan stuðning til að vinna mig úr sorg sem getur verið lamandi. Þessi lífsreynsla hefur kennt mér að njóta betur litlu hlutanna í lífinu. Stundum þarf ég þó að vera ein með sjálfri mér, staldra við og minnast þessa tíma," segir Ásdís en hún er gift í dag og á tvö ung börn.

## Styrkir aðra í sömu stöðu

Fyrir tveimur árum lét Ásdís prenta jólakort með mynd eftir Björgvin sem hún seldi vinum og vandamönnum og fékk svo góðar viðtökur að hún gat styrkt þrjár fjölskyldur langveikra barna um 233 þúsund krónur hverja. Í fyrra bættust við merkimiðar og nú í ár tækifæriskort og stefnan er að styrkja sjö fjölskyldur um þessa upphæð fyrir jólin. „Í fyrra fékk ég söluvef, www.bumbuloni.is, að gjöf frá TM software en fyrirtækið styrkir eitt góðgerðarmál á ári. Við að fá þessa gjöf ákvað ég að halda áfram með þetta verkefni og stofnaði góðgerðarfélag utan um það. Ég vil dreifa boðskapnum sem víðast og vona að fólk hjálpi mér að hjálpa fjölskyldum langveikra barna. Mér finnst nóg að fólk þurfi að hafa áhyggjur af veikum börnum sínum svo það þurfi ekki að hafa fjárhagsáhyggjur líka fyrir jólin," segir Ásdís að lokum.

Kortin fást á www.bumbuloni.is og hjá Lindex, Líf og list og Willamia.



Björgvin hélt mikið upp á íþróttaálfinn og vildi helst ekki klæðast neinu öðru en íþróttaálfsgallanum.




Myndin af lestinni er eftir Björgvin sem var mikill listamaður. MYND/EYÞÓR

Öðruvísi Jólahlaðborð fyrir hópa

Forréttir
Rjómalöguð sjávarréttasúpa
Karrísíld
Rússnesk rauðrófusíld
Grafinn lax og karfi
Tvíreykt sauðahangikjöt

Aðeins 3.900 kr. á mann!

Ath! Eingöngu afgreitt fyrir hópa
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

Aðalréttir
Jólalambakótilettur í raspi
Grillsteikt lambalæri bernaise
Dönsk purusteik
Allt góða og hefðbundna meðlætið

Eftirréttir
Hjónabandssæla
Ís og ávextir



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




**VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK:**

FARMERS & FRIENDS
Hólmaslóð 2 / Grandi

FARMERS & FRIENDS
Laugavegur 37

**WWW.FARMERSMARKET.IS**




HÓLMASLÓÐ 2




LAUGAVEGUR 37



Ágústa Þóra Jónsdóttir.

## Fyrirlestur prjónahönnuðar

Ágústa Þóra Jónsdóttir, prjónahönnuður og stofnandi Gústu ehf., hönnunar- og prjónafyrirtækis, flytur erindi í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins, Nethyl 2e, í kvöld klukkan 20. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Ágústa fjallar um það ferli að stofna nýtt fyrirtæki á Íslandi og hvernig hægt er að þróa vöru og koma á markað án þess að byggja eigin verksmiðjur eða framleiðslutæki. Hún er mikil áhugamanneskja um umhverfismál og kemur inn á ábyrgð fyrirtækja á markaði varðandi efnisval og umhverfið og áskoranir neytenda og framleiðenda í fyrirlestri sínum.

Ágústa átti sér þann draum að búa til íslenskt garn sem er mýkra en venjulegt lopaband. Árið 2015 fékk hún tækifæri til þess að þróa þessa hugmynd og gera hana að veruleika. Hún stofnaði fyrirtækið Gústa ehf. í byrjun ársins 2016 og fyrsta varan, Mosi mjúkull, sem er blanda af íslenskri ull og alpakkaull frá Perú, kom á markað í október 2016.

# Allar línur eru fallegar

**Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, blæs til sýningar í Oddsson á morgun. Hún sýnir sína fyrstu fatalínu í áratug, spariföt í stærri stærðum.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Þetta er mín fyrsta eigin lína í rúmlega tíu ár. Nú stíla ég inn á konur sem eru aðeins mýkri í vexti og hanna flíkur í stærðunum 40 til 50. Ég hef tekið eftir því að úrvalið er ekki mikið í fínni fatnaði í þessum númerum þó nokkur merki séu að gera góða hluti í hversdagsfatnaði fyrir konur. Ég hef lengi horft á þetta gat á markaðnum. Nú fannst mér ég vera tilbúin í þetta,“ segir Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, en hún blæs til tískusýningar í Oddsson á morgun klukkan 18.

„Mín reynsla er sú að líkamar kvenna eru svo misjafnir að það er varla hægt að setja alla í staðlaðar stærðir. Línur hverrar og einnar eiga að fá að njóta sín og ég segi að allar línur séu fallegar og allar konur geta verið sexí ef þær eru rétt klæddar.

Auðvitað er þetta meira krefjandi en að hanna á manneskju með beinar línur. Þetta er ákveðin skúlptúrvinna en mitt fag er að sérsauma á fólk í alls konar stærðum. Ég starfaði lengi við framleiðslu á fatnaði hjá Nikita, Cintamani og fyrir þó nokkra íslenska hönnuði en er að þreifa fyrir mér á öðrum nótum með þessari fyrstu línu sem ég kalla Z-shapes og hanna ég undir merkinu ZELMA. Vonandi er þetta byrjun á einhverju stærra. Ég finn að konur eru spenntar fyrir þessu,“ segir Selma.

„Ég geri sérstaka stíla sem ég sýni á morgun en gef kost á því að útfæra sérstaklega eftir óskum. Eins og er er ég ekki að fara að fjöldaframleiða og er að vinna með Slow fashion, umhverfisvæna nálgun og vinn allt hér á Íslandi. Ég vil halda í persónuleika hverrar og einnar konu sem kaupir flíkina.“

Sýningin á morgun verður á afslöppuðum og kósí nótum að sögn Selmu.

„Margrét Eir og Börkur Rafn verða með tónlistaratriði og þá hef ég fengið til liðs við mig afar skemmtilega flóru af módelum, þekktar konur og flotta karaktera þó ég nefni engin nöfn. Þetta verður skemmtilegur viðburður, ekki hefðbundin tískusýning á palli eða flugeldasýning. Þarna eiga konur að hafa gaman og njóta kvöldsins. Karlar eru auðvitað velkomnir líka til að kaupa eitthvað fallegt á konurnar sínar. Það eru allir velkomnir kl. 18 á laugardaginn í Oddsson.“



Selma hannar undir merkinu ZELMA. Nýja línan kallast Z-shapes.

UMI HOTEL

Jólin á
UMI HOTEL

UMI HÓTEL er nýtt og stórglæsilegt hótel við rætur Eyjafjallajökuls. Frá hótelinu er tilvalið að skoða margar af náttúruperlum suðurlands og eiga svo góða kvöldstund á UMI HÓTEL.



JÓLAMATSEÐILL
Frá 10. nóvember bjóðum við upp á ljúffengan fimm rétta jólamatseðil.
9.800 kr. á mann

JÓLADVÖL Á UMI
Fimm rétta jólamatseðill fyrir tvo með gistingu í tveggja manna herbergi og morgunverðahlaðborði.
39.600 kr.

*Pantanir sendist á info@umihotel.is eða í síma 518 4001*

UMI HOTEL | 861 Hvolsvelli | +354 518 4001 | info@umihotel.is | umihotel.is | Tripadvisor

# Bókadrífan skollin á!




fullt verð 5.499 kr.
tilboðsverð 4.499 kr.




fullt verð 7.490 kr.
tilboðsverð 6.390 kr.




fullt verð 5.499 kr.
tilboðsverð 4.499 kr.




fullt verð 5.899 kr.
tilboðsverð 4.799 kr.




fullt verð 19.999 kr.
tilboðsverð 16.199 kr.




fullt verð 6.490 kr.
tilboðsverð 5.190 kr.




fullt verð 6.990 kr.
tilboðsverð 5.690 kr.




fullt verð 6.990 kr.
tilboðsverð 5.690 kr.




fullt verð 4.499 kr.
tilboðsverð 3.599 kr.



**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Tilfinningin svo raunveruleg

**Svifvængjaflugkappar sjá landið og fallega náttúru þess frá öðru sjónarhorni. Alda Björk Óskarsdóttir sótti námskeið vorið 2016 og ætlar að vera dugleg að prófa fjölbreytta staði næsta sumar.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Sumarið 2012 var Alda Björk Óskarsdóttir stödd á Seyðisfirði þar sem hún sá til svifvængjaflugkappa sem svifu yfir bænum og lentu loks í honum miðjum. „Þá var námskeið í gangi og ég vissi um leið að þetta væri eitthvað sem ég yrði að prófa. Tíminn leið en loks lét ég af því verða og sótti námskeið vorið 2016 hjá Fisfélagi Reykjavíkur. Ég flýg helst á sumrin í öruggum aðstæðum og alltaf með reyndara flugfólki þannig að ég telst í hópi þeirra sem eru minnst „extreme“ í sportinu.“

Það er margt sem heillar við svifvængjaflugið að sögn Öldu Bjarkar. „Það er stórt skref að takast á við óttann við að fara fram af brúninni. Það er eitthvað sem gerist þegar fæturnir sleppa jörðinni. Síðan verður tilfinningin að fljúga svo raunveruleg og náttúran fær svo fallegt sjónarhorn. Það er t.d. geggjað að fljúga yfir Reynisfjall við Vík í Mýrdal og horfa niður í Reynisfjöruna og yfir svæðið.“

Hópurinn í kringum svifvængjaflugið er einnig mjög fjölbreyttur að hennar sögn enda eru meðlimir hans langt yfir meðallagi skemmtilegir. „Svo má einnig nefna einn kost við íþróttina sem er að hún er hugarsport en ekki kraftasport og því hægt að stunda fram eftir öllum aldri.“



Svifið vestur af Reynisfjalli og horft ofan í Reynisfjöru. Þráinn Sigurðsson er í forgunni en Alda Björk er í bakgrunni. MYND/PATRYCJA PATI MAKOWSKA

## Námskeið nauðsynleg

Fisfélag Reykjavíkur heldur námskeið hvert ár sem byrja yfirleitt í maí. „Ég mæli með þeim fyrir þá sem vilja fljúga sjálfir. Þar er farið yfir ýmislegt sem gefur fólki þá þekkingu og viðeigandi æfingu sem er nauðsynleg til fljúga á ábyrgan og öruggan hátt. Fyrir hin sem langar að prófa en eru tvístigandi má prófa svokallað tandem flug hjá sérhæfðum fyrirtækjum en þá stýrir annar meðan farþeginn nýtur útsýnisins.“

Í upphafi þarf engan sérstakan búnað annan en þann sem flestir eiga heima segir Alda Björk, t.d. gönguskó, hjálm, hlý föt og þægilega fingravettlinga. „Hægt er að fá lánaðan væng á námskeiðinu en þá mæli ég með að skrá sig fyrr en seinna þannig að hægt sé að finna væng sem hentar stærð og þyngd nemanda. Fyrir þá sem eru staðráðnir í að fljúga er bæði hægt að kaupa notaðan búnað og nýjan og eru nokkrir aðilar innan svifvængjasamfélagsins sem eru með umboð og selja vængi á sanngjörnu verði.“



Alda Björk Óskarsdóttir. MYND/ANTON BRINK

> **Það er stórt skref að takast á við óttann við að fara fram af brúninni. Það er eitthvað sem gerist þegar fæturnir sleppa jörðinni.**

Hún segir svifvængjaflugið á Íslandi vera að mestu leyti sumarsport. „Þó taka þeir allra hörðustu smá flug á veturna. Erfiðleikarnir við vetrarflug koma til af nokkrum þáttum, vindurinn er oft of sterkur, það er kalt og fyrir þá sem stunda langflug er ekki uppstreymi af heitu lofti sem er nauðsynlegt fyrir þannig flug.“

## Eigum góða flugmenn

Til að viðhalda og bæta flughæfni sína er því nauðsynlegt að fljúga í útlöndum segir Alda Björk. „Bæði er það gert til að ná lengra flugi og æfa flug í sterku uppstreymi en ekki síður til að fara á öryggisnámskeið þar sem æfð eru viðbrögð við öllu því sem getur farið úrskeiðis í öruggum aðstæðum.“

Íslendingar eiga nokkra mjög góða flugmenn að sögn Öldu Bjarkar. „Þar ber helst að nefna Hans Kristján Guðmundsson sem er gífurlega öflugur flugmaður og keppti í heimsmeistarakeppninni í svifvængjaflugi í sumar. Þar keppti líka Týr Goldsmith sem á íslenska móður en faðir hans, Bruce Goldsmith, er fyrrverandi heimsmeistari og framleiddi meðal annars vænginn sem ég flýg á. Svo eru margir sem eru að keppa á mótum í Evrópu eins og Ágústa Ýr Sveinsdóttir sem er líklega að öðrum konum ólöstuðum fremsta konan á Íslandi í keppnisflugi.“

Þótt hún taki því rólega í vetur er stefnan samt sem áður sett á gott flugsumar árið 2018. „Helstu plönin þennan veturinn eru að fylgjast með ævintýrum annarra og sjá hvernig þeim gengur í keppnum. Næsta sumar ætla ég að fljúga eins mikið og veður leyfir á sem fjölbreyttustu stöðum og koma mér út í flug og námskeið í framhaldi af því.“

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402



# Konur í ferðaþjónustu

FÖSTUDAGUR 17. NÓVEMBER 2017

**Kynningar:** Reykjavíkurborg , Icelandtravel, Vita, Klak innovit, Gray line, Íshestar, Íslandshótel, Landnámssetrið



## Við erum öflugur hópur

Helga Árnadóttir tók við sem framkvæmdastjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar árið 2013. Hún er önnur konan sem stýrir samtökunum frá því þau voru stofnuð árið 1998. Konur eru öflugur hópur innan íslensku ferðaþjónustunnar. →2

MYND/ERNIR



Ferðamenn koma til Íslands allan ársins hring og hefur heimsóknum að vetri til fjölgað umtalsvert. MYND/ANTON BRINK

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



**Framhald af forsíðu**

Þegar Helga er spurð fyrir hvað Samtök ferðaþjónustunnar, SAF, standa, svarar hún: „Meginverkefni samtakanna er að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna sinna, sem eru fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi. Markmiðið með stofnun SAF er að ferðaþjónustan tali einni röddu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum sem ferðaþjónustufyrirtæki skipta við. Stefna SAF í hinum ýmsum málum er unnin á vegum stjórnar og nefnda, en innan samtakanna starfa sjö fagnefndir.

## SAF hefur áhrif

Starf Helgu og þeirra sem starfa hjá SAF felst fyrst og fremst í því að vinna að því að fyrirtæki í ferðaþjónustu búi við starfsskilyrði sem gera þau samkeppnishæf á alþjóðamarkaði og að heilbrigð samkeppni sé tryggð. „Samstarf og samtal við stjórnvöld, stofnanir og aðra hagaðila spilar stórt hlutverk. SAF er umsagnaraðili um lagafrumvörp og reglugerðartillögur og eiga samtökin fulltrúa í fjölmörgum nefndum, stjórnum og ráðum bæði á vegum opinberra aðila og annarra. Á þann hátt hafa samtökin áhrif á starfsumhverfi fyrirtækjanna,“ útskýrir Helga sem tók við af Ernu Hauksdóttur sem gegnt hafði starfinu í þrjátíu ár.

Forveri SAF var SVG (Samtök veitinga- og gististaða) sem Erna stýrði áður. Á undan henni var Hólmfríður Árnadóttir framkvæmdastjóri SVG, en hún var fyrsti fastráðni starfsmaður samtakanna. Það má því segja að konur hafi stýrt samtökum ferðaþjónustufyrirtækja frá upphafi.

## Konur í valdastöðum

Helga segir að það séu öflugar konur í ferðaþjónustu rétt eins og á öðrum stöðum í atvinnulífinu. „Það er ekki síður áhugavert að konur skipa allar helstu stöður innan stjórnkerfisins og samtaka sem tengjast ferðaþjónustunni. Það er t.a.m. kona starfandi ráðherra ferðamála, ferðamálastjóri, stjórnarformaður ferðamálaráðs, klasastjóri ferðaklasans, yfirmaður ferðaþjónustunnar hjá Íslandsstofu, yfirmenn á flestum markaðsstofum landshlutanna og svo ég framkvæmdastjóri SAF.

Starfið mitt er í raun síbreytilegt frá degi til dags. Í grunninn eru verkefnin svipuð frá einum tíma til annars en þeim hefur eðlilega fjölgað mikið í hröðum vexti greinarinnar síðustu misseri. Um leið og tækifærin eru sannarlega til staðar eru áskoranirnar margar og ólíkar og viðfangsefnin því margþætt,“ segir hún.

## Sameiginlegt átak

Helga segist ánægð með mjög margt í ferðaþjónustunni. Fagmennska og gæði innan greinarinnar hafi aukist. Fyrirtækin hafa fjárfest mikið í innviðum til að bregðast við fjölgun ferðamanna sem hefur skipt sköpum. „Samstarf greinarinnar við stjórnvöld hefur verið gott að mörgu leyti en þau þurfa hins vegar að vera tilbúin að taka ábyrgð á greininni í mun meiri mæli. Það er ekki sjálfsagt að ferðamenn komi til landsins og skilji eftir sig gjaldeyri sem skiptir sköpum fyrir íslenskt þjóðarbú. Stjórnvöld verða að tryggja samkeppnishæf rekstrarskilyrði, heildarsýn og síðast en ekki síst að láta verkin tala. Það þarf að fjárfesta í ferðaþjónustunni til að tryggja þau tækifæri sem í henni felast til langrar framtíðar.

Með sameiginlegu markaðsátaki stjórnvalda og greinarinnar hefur góður árangur náðst í ferðaþjónustu að vetri. Árstíðasveiflan hefur minnkað mikið, sér í lagi á suðvesturhorninu. Enn er þó mikið verk óunnið, til dæmis hvað varðar þau svæði sem hvað fjærst eru höfuðborgarsvæðinu. Áhersla á álagsstýringu þarf einnig að aukast. Ég á hér við álagsstýringu milli árstíða, milli landsvæða sem og innan þeirra,“ segir Helga og bætir við að stjórnvöld þurfi að sýna stórhug og metnað varðandi uppbyggingu á ferðamannastöðum. „Taka stórar ákvarðanir til að undirbyggja lífsgæði okkar til langs tíma. Uppbygging á ferðamannastöðum í eigu ríkisins er hluti af þeirri innviðauppbyggingu sem verður að eiga sér stað. Þannig er sjálfbærni staðanna tryggð til komandi kynslóða sem og upplifun gesta okkar. Gleymum því ekki að rúmlega 80% af þeim ferðamönnum sem sækja okkur heim vilja njóta okkar einstöku náttúru. Í náttúrunni felast gífurleg verðmæti sem okkur ber að varðveita fyrir komandi kynslóðir á sama tíma og við nýtum hana okkur til hagsældar með sjálfbærum hætti.



Helga segir að það sé áhugavert að konur skipa allar helstu stöður innan stjórnkerfisins og samtaka sem tengjast ferðaþjónustunni.

## Jákvæðni og elja

Ég hef þær væntingar að á næstu árum verði búið að búa svo um hnútana að sjálfbærni greinarinnar sé tryggð til langrar framtíðar, hvort sem horft sé til efnahagslegrar sjálfbærni, náttúrulegrar eða félagslegrar. Það er að mínu mati lykillinn að því að geta nýtt þau gífurlegu tækifæri sem í greininni felast fyrir íslenskt þjóðarbú. Samkeppnishæfur áfangastaður sem jafnframt er gott að búa í er leiðarstefið.“

Þegar Helga er spurð hvað sé skemmtilegast við starfið, svarar hún: „Þetta er bara almennt mjög skemmtilegt starf, fjölbreytt og krefjandi sem byggir á samskiptum við öflugt fólk á öllum sviðum. Krafturinn í þeim sem starfa í greininni er gríðarlegur og maður getur ekki annað en smitast af jákvæðninni og eljunni sem einkennir þessa aðila við oft mjög krefjandi og erfiðar aðstæður.“

*Sérðu þig í þessu starfi næstu þrjátíu árin?*

„Væntanlega verð ég löngu komin á eftirlaun eftir þrjátíu ár, eins furðulegt og það nú hljómar, og farin í auknum mæli að ferðast um landið og njóta þeirrar innviðauppbyggingar sem átt hefur sér stað á þeim tíma.“




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

# Reykjavík elskar íbúana

Höfuðborgarstofa leggur áherslu á að Reykjavíkurborg sé vingjarnlegur og öruggur áfangastaður. Borgin sé nútímaleg menningar-, ráðstefnu- og heilsuborg í nábýli við einstæða náttúru.



Áshildur Bragadóttir er forstöðumaður Höfuðborgarstofu. MYND/ERNIR

Leiðarljós okkar á Höfuðborgarstofu er að tryggja að Reykjavík verði áfram eftirsóttur áfangastaður sem ferðamenn gefa hæstu einkunn. Borg þar sem gestir fá notið menningar, afþreyingar og þjónustu allt árið um kring. Við viljum enn fremur stuðla að því að ferðaþjónustan sé í sátt við mannlíf og umhverfi Reykjavíkur, tryggja öryggi ferðamanna, stuðla að betri dreifingu þeirra um landið og ýta undir ábyrga ferðahegðun," segir Áshildur Bragadóttir, forstöðukona Höfuðborgarstofu.

Áshildur hefur í mörg horn að líta í sínu starfi. Hún ber meðal annars faglega, rekstrarlega og stjórnunarlega ábyrgð á Höfuðborgarstofu, þar með talið fjármálum og mannauðsmálum.

„Meginmarkmið okkar eru meðal annars að styrkja stöðu höfuðborgar landsins í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Stuðla að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur, góða þjónustu og jákvæða upplifun. Þá er okkar hlutverk að miðla traustum upplýsingum um allt landið til gesta borgarinnar í gegnum Upplýsingamiðstöð ferðamanna sem við rekum í Ráðhúsi Reykjavíkur," útskýrir Áshildur.

Höfuðborgarstofa hefur undanfarið verið að þróast frá því að vera fyrst og fremst stofnun sem sér um að kynna áfangastaðinn Reykjavík, yfir í að vinna stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika borgarinnar á sviði ferðamála. Aukin áhersla hefur verið lögð á samráð og samstarf milli stofnana Reykjavíkurborgar, stjórnvalda, sveitarfélaga, markaðsstofa og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. „Við höfum unnið að fjölbreyttum og nauðsynlegum breytingum í samræmi við breyttar áherslur borgaryfirvalda á sviði ferðamála og nýlega aðgerðaráætlun sem er hluti af Ferðamálastefnu Reykjavíkur. Með því viljum við renna styrkari stoðum undir fjölbreytt mannlíf, atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu hér á landi, og nýta þannig sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur sem áfangastaðar allt árið um kring," segir Áshildur.

## Samstarf lykill að árangri

Höfuðborgarstofa leiðir samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi ferðaþjónustu á sterkum grunni vörumerkisins „Reykjavík loves" og áfangastaðaáætlunar um uppbyggingu ferðaþjónustutengdra innviða á svæðinu (DMP: Destination Management Plans), í samvinnu við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála.

„Sú vinna mun hafa mikil áhrif á stefnumörkun á sviði ferðamála og skipulagsmála næstu fimm árin. „Reykjavík loves" hefur gengið vel í markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum og verður í framtíðinni notað í auknum mæli gagnvart Íslendingum undir vörumerkinu „Reykjavík elskar". Við munum sömuleiðis efla markaðssamstarf Höfuðborgarstofu og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum „Reykjavík loves" og gera stofnunum og fyrirtækjum mögulegt að nýta vörumerkið í sinni markaðssetningu gagnvart ferðamönnum. Við höfum auglýst menningarstofnanir og sundlaugar borgarinnar undir þessum merkjum, kynnt hátíðir og viðburði með „Reykjavík loves" og þá hafa ýmis fyrirtæki, þar með talið Harpa og Whales of Iceland, nýtt sér vörumerkið," upplýsir Áshildur.

Samskipti og samstarf við hagsmunasamtök í ferðaþjónustu, menningarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu, markaðsstofur landshlutanna, ferðamálayfirvöld, sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu, eru líka á könnu Áshildar. „Þá hef ég líka aukið samskipti og samráð við íbúa vegna vaxandi áhrifa ferðamanna og ferðaþjónustu á borgarmenningu, innviði og mannlíf og hef mikil samskipti og samstarf við rekstraraðila í miðborginni," segir Áshildur.

Gagnaöflun, greining og framsetning á lykiltölum um stöðu og þróun í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu hefur byggst upp undir forystu Áshildar.

„Við höfum byggt upp traustan grunn undir stefnumarkandi ákvarðanatöku um uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á áfangastaðnum Reykjavík og í ársbyrjun 2018 mun fyrsta skýrslan um stöðu ferðamála á höfuðborgarsvæðinu líta dagsins ljós en stefnt er að árlegri útgáfu hennar."

## Í sátt við íbúa og ferðamenn

Starfs síns vegna á Áshildur sæti í fjölmörgum stjórnum, ráðum, nefndum og stýrihópum á sviði ferðamála innanlands og utan. Hún er formaður stjórnar Meet in Reykjavík og í þriggja manna framkvæmdastjórn Iceland Naturally, ásamt því að sitja í fagráði ferðaþjónustunnar hjá Íslandsstofu og stýrihóp um áfangastaðaáætlun (DMP).

„Helstu verkefni næsta árs verða að tryggja að áfangastaðurinn Reykjavík einkennist áfram af gæðum, gestrisni og einstakri upplifun. Þá munum við leggja áherslu á að vinna með íbúum til að tryggja að ferðaþjónusta byggist upp í sem mestri sátt við íbúa og umhverfi. Höfuðborgarstofa kannar árlega viðhorf íbúa allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og áhrif ferðaþjónustu á nærumhverfi þeirra. Stofnunin hefur líka frá árinu 2004 gert könnun meðal ferðamanna í Leifsstöð til að meta viðhorf þeirra til Reykjavíkur," segir Áshildur sem árið 2018 mun áfram vinna að framkvæmd nýrrar ferðamálastefnu fyrir höfuðborgina, en þar til ný stefna lítur dagsins ljós verður áfram unnið eftir grunnstoðunum fjórum: Að Reykjavík sé vetrarborg, menningarborg, heilsuborg og ráðstefnuborg.

„Í febrúar verður vorráðstefna European Cities Marketing, sem eru samtök visit-skrifstofa, ráðstefnuskrifstofa og ferðamálastofa stærstu borga Evrópu, haldin í Reykjavík í samstarfi við Höfuðborgarstofu, CP Reykjavík og Meet in Reykjavík og ég hlakka mikið til," segir Áshildur. „Það er mikill akkur fyrir ferðaþjónustuna að fá lykilstjórnendur á sviði ferðamála í Evrópu til borgarinnar."

# Gestum til halds og trausts

Upplýsingamiðstöð ferðamanna er fjölsóttasta upplýsingamiðstöð landsins, með yfir 550 þúsund gesti árið 2017. Ábyrg ferðamennska er leiðarljós í starfseminni.

Með Upplýsingamiðstöðinni rækir Reykjavíkurborg hlutverk sitt sem höfuðborg Íslands," segir Karen María Jónsdóttir, deildarstjóri hjá Upplýsingamiðstöð ferðamanna (UMFR) sem rekin er af Höfuðborgarstofu með fjárframlagi frá Reykjavíkurborg, styrk frá Ferðamálastofu og sjálfsaflafé, í samstarfi við bókunarþjónustu Guide to Iceland og Landsbjörg – Safetravel.

„UMFR annast almenna upplýsingamiðlun til erlendra ferðamanna, veitir þeim hlutlausar upplýsingar, faglega þjónustu og uppfyllir þar með ákvæði Ferðamálastefnu og aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar í ferðamálum," útskýrir Karen.

## Áhugaverður áfangastaður

Upplýsingamiðstöð ferðamanna var stofnuð 1987. Hún var fyrst um sinn með starfsemi í Bankastræti en fluttist í Aðalstræti 2 árið 2002. Eftir að hafa sprengt utan af sér veggina þar í ársbyrjun 2017 fluttist hún í Ráðhús Reykjavíkur.

„Samhliða flutningnum í Ráðhúsið var miðstöðin færð inn í útlit og anda vörumerkisins „Reykjavík loves", sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu," upplýsir Karen, en til viðbótar við sameiginlega markaðssetningu tekur samstarfið til upplýsingamála í ferðaþjónustu með það að markmiði að vekja athygli á afþreyingu, menningu og þjónustu sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða.

„Í Upplýsingamiðstöðinni geta ferðamenn fundið upplýsingar um náttúru og þjónustu á einstökum svæðum á landinu, og um ferðir, gistingu og samgöngur. Samhliða kynningu á ferðaþjónustu á landsbyggðinni var svo líka innleidd á árinu viðtæk áhersla á menningu, listir og borgar- og sveitalíf," segir Karen og markvisst hafi verið unnið að því að byggja upp samstarf við söfn, sýningar, menningarhús og viðburðahaldara um allt land á þessu ári.

„Með því samstarfi búum við til áhrifaríka mynd af landsvæðum innan og utan höfuðborgarsvæðisins sem áhugaverðum áfangastað menningar, lista og þjóðlífs, samhliða stórbrotinni náttúru."

Sölustarfsemi og bókunarþjónusta er ekki hluti af almannaþjónustu UMFR en til að veita ferðamönnum sem besta þjónustu er lögð áhersla á að samþætta hana við upplýsingagjöf.

„Upplýsingamiðstöðin hóf á árinu samstarf við Guide to Iceland, sem er öflugt nýsköpunarfyrirtæki á sviði bókunarþjónustu," útskýrir Karen. „Með samstarfinu er hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu gert betur kleift en nokkru sinni að koma vöru sinni á framfæri við ferðamenn í UMFR. Með því móti er líka reynt að byggja undir það markmið að sem flestir njóti tekna af ferðamönnum og að álagið á viðkvæma náttúru og staði dreifist eins og kostur er."

## Ábyrg ferðaþjónusta

Mikil fjölgun ferðamanna allan ársins hring kallar á nýja nálgun þar sem öryggi ferðamanna er í fyrirrúmi.



Karen María er deildarstjóri hjá Upplýsingamiðstöð ferðamanna. MYND/ERNIR

„Upplýsingamiðstöðin gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að öryggi ferðamanna og miðlun öryggisupplýsinga. Tilraunaverkefni í miðlun öryggisupplýsinga, sem við unnum með Safetravel á árinu 2015, og árangur sem af því hlaust, varð til þess að samstarfið var byggt upp á ársgrundvelli," útskýrir Karen. „Safetravel þjónustar nú daglega ferðamenn í framlínu í UMFR og á Skype, en markmiðið er að tryggja að ferðamenn fái sem bestar og nákvæmastar upplýsingar er varða öryggi þeirra á ferð um landið."

Ábyrg ferðaþjónusta sé leiðarljós í starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna sem er aðili að Vakanum og stefnir ótrauður að gullmerki umhverfiskerfisins.

„Með því vill UMFR vera fyrirmynd annarra þegar kemur að gæða- og umhverfisstjórnun, og leggja sitt af mörkum til að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu," segir Karen. „Í upplýsingamiðlun er lögð áhersla á að gestir gangi vel um landið og virði náttúruna, að öryggi þeirra á ferðalaginu sé tryggt og að dreifing þeirra sé með þeim hætti að vera þeirra hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið."

# Hreyfiafl ferðaþjónustunnar

**Helsta hlutverk Íslenska ferðaklasans, sem stofnaður var í mars 2015, er að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja til lengri tíma.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Íslenski ferðaklasinn var stofnaður í mars 2015 og er fyrirtækjadrifinn samstarfsvettvangur ólíkra aðila sem eiga það sameiginlegt að vilja efla og þróa ferðaþjónustu til lengri tíma að sögn Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur, framkvæmdastjóra Íslenska ferðaklasans. Hún segir aðila klasans koma úr breiðri virðiskeðju ferðaþjónustunnar sem sé í eðli sínu flókin og sérlega fjölbreytt atvinnugrein í örum vexti. „Það voru því ákveðin tímamót og nýsköpun í verki þegar stofnaðilar klasans ákváðu að þessi vettvangur skyldi verða til fyrir nokkrum árum en það var þessum aðilum mikið keppikefli að klasinn yrði verkefnamiðað hreyfiafl þar sem aðilar gætu unnið saman að uppbyggingu greinarinnar. Samkeppnishæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu skiptir öllu máli og því mikilvægt að þau verkefni sem Íslenski ferðaklasinn velur að vinna að endurspegli og styðji fyrirtæki í því að efla samkeppnishæfni sína og auka verðmætasköpun í sínum rekstri.“

Helsta hlutverk Íslenska ferðaklasans er því aukin samkeppnishæfni og verðmætasköpun ferðaþjónustufyrirtækja til lengri tíma segir hún. „Til að uppfylla það hlutverk er unnið að vel skilgreindum markmiðum sem snúa að nýsköpun, auknum gæðum, innviðauppbyggingu og hæfni fyrirtækja til að takast á við síbreytilegt landslag í rekstri.“

## Deila þekkingu

Hún segir klasaaðila hittast reglulega til að ræða ýmis málefni í ferðaþjónustunni og deila þannig þekkingu og reynslu sem er eitt af því allra mikilvægasta við samstarfið. „Þannig koma ólíkir aðilar með mismunandi sjónarhorn og þekkingu að borðinu. Fyrir vikið verða til verkefni og umræður sem hreyfa oft á tíðum hraðar við málum og geta einnig verið lausnamiðaðri en þegar líkir aðilar með sömu reynslu og þekkingu koma saman. Þverfaglegg vinna ólíkra aðila skilar sér í flestum tilfellum þannig að 1+1 verður 3 og í því felst styrkur klasans.“

Í ferðaþjónustunni eru heilmargir hagsmunaaðilar, bæði samtök og opinberir aðilar, sem hafa skilgreind hlutverk að sögn Ástu. Hún segir Íslenska ferðaklasann leggja mikla áherslu á að ráðast í verkefni sem geta annaðhvort eflt og styrkt það sem fyrir er eða koma fram með verkefni sem enginn annar hefur sem skilgreint hlutverk og þannig orðið afl breytinga. „Þau þrjú áhersluverkefni sem klasinn vinnur að með markvissum hætti eru: Ábyrg ferðaþjónusta, fjárfestingar í ferðaþjónustu og sérstaða svæða. Hvert áhersluverkefni getur síðan verið með fleiri undirverkefni og eru nýsköpunarverkefnin Ratsjáin og Startup Tourism þannig skilgreind undir Fjárfestingar í ferðaþjónustu.“

## Fjölbreytt verkefni

Hvatningarverkefnið Ábyrg ferðaþjónusta er þannig framkvæmt af Ferðaklasanum og FESTU í samstarfi allra helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. „Verkefnið var formlega sett af stað í janúar 2017 þegar hátt í 300 fyrirtæki vítt og breitt úr virðiskeðju ferðaþjónustunnar undirrituðu yfirlýsingu þess efnis að vera ábyrg með skilgreindum markmiðum og skuldbindingum. Á árinu hafa verið haldnar fimm vinnustofur til að styðja þessi fyrirtæki í markmiðasetningunni auk fjölda fræðslufunda og málþinga. Uppskeruhátíð fyrirtækjanna verður haldin 7. desember næstkomandi en þátttökufyrirtækin hafa skuldbundið sig til að birta markmið sín á heimasíðu sinni fyrir þann tíma.“

Ratsjáin er verkefni sem er framkvæmt af Íslenska ferðaklasanum í samstafi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands segir Ásta. „Verkefnið er nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir stjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja og er markmið verkefnisins að efla og styðja stjórnendur í rekstri, markaðssetningu, verðmætasköpun og vöruþróun. Átta fyrirtæki víðsvegar að af landinu úr öllum helstu greinum ferðaþjónustunnar luku þátttöku í Ratsjánni á árinu 2016-2017.“

Þá er ferðaklasinn samstarfsaðili Icelandic Startups í framkvæmd á Startup Tourism. „Um er að ræða tíu vikna viðskiptahraðal fyrir frumkvöðla í ferðaþjónustu sem styður við nýjar viðskiptahugmyndir og tækniþróun í greininni. Nítján fyrirtæki hafa lokið hraðlinum og er næsti umsóknarfrestur til 11. desember næstkomandi.“



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir er framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans. MYND/ANTON BRINK

## Ábyrg ferðaþjónusta

Veturinn fram undan fer undir áframhaldandi vinnu með sérstaka áherslu á ábyrga ferðaþjónustu, aukna sjálfbærni og nýsköpun. „Við höfum einnig tekið þátt í vinnu sem leidd hefur verið af KOMPÁS þekkingarsamfélagi með þátttöku nokkurra öflugra ferðaþjónustufyrirtækja. Verkefnið felur í sér að setja fram hugtakasafn ferðaþjónustunnar með það fyrir augum að auka sameiginlegan skilning aðila á orðanotkun, merkingu þeirra og þýðingu sem getur verið þjónustuaðilum víðsvegar í virðiskeðjunni gríðarlega mikið kappsmál. Þessi vinna verður kynnt á sérstökum fundi Stjórnvísi þann 22. nóvember næstkomandi.“

Ratsjáin verður með örlítið breyttu sniði í vetur að sögn Ástu, en sú ákvörðun var tekin að setja sérstakan fókus á landshlutana í ár. „Við munum bjóða upp á sex vikna námskeið fyrir sex fyrirtæki innan hvers landshluta. Ákveðið var að byrja á þeim landshlutum sem lengst eru frá höfuðborginni og byrjar því Ratsjá Austurland í lok nóvember. Fyrirhugað er að fara af stað í beinu framhaldi á Vestfjörðum og vonir standa til að aðrir landshlutar bætist við eftir því sem líður á árið 2018.“

Meðal annarra stórra verkefni á næstu mánuðum nefnir hún flutning klasans í nýtt húsnæði við Fiskislóð 10 á Grandanum. „Þar erum við að byggja upp Hús ferðaklasans í nánu samstarfi við Hús sjávarklasans og franska lista- og menningarklasann Créatis. Fyrirhugað er að flytja inn í desember en húsnæðið verður fyrirmyndar vinnustaður fyrir frumkvöðla auk smærri og meðalstórra fyrirtækja sem vilja vinna í skapandi og dýnamísku samfélagi aðila sem vinna að spennandi verkefnum allt frá listum til ferðaþjónustu.“

# Fengum lottóvinning

**Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands, líkir ferðamannastraumnum til landsins síðustu ár við lottóvinning. Aukin flugumferð til og frá landinu opni á óplægðan akur áfangastaða.**

Þessi mikli vöxtur í flugi til og frá landinu hefur skapað mikla kjarabót fyrir Íslendinga og veitt þeim aukin tækifæri til þess að ferðast. Það að American Airlines og United séu að hefja flug hingað til lands eru stórkostlegar fréttir fyrir íslenska ferðaþjónustu. Fyrirtæki eins og Úrval Útsýn getur boðið upp á fjölbreyttari flóru ferða frá landinu. Við vinnum með öllum flugfélögum sem hingað fljúga og búum til fjölbreyttar pakkaferðir bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki úti um allan heim. Fólk hefur samband og við sníðum ferðina að óskum viðkomandi,“ segir Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands, en undir hennar hatti eru Úrval Útsýn, Sumarferðir og Plúsferðir.

„Við erum með hóp sérfræðinga á okkar snærum á áfangastöðunum, við erum meðal annars með ferðir til Kúbu, Marrakech og Búdapest, og erum einnig með alla sólarstaðina. Sólin er þegar komin í sölu fyrir næsta ár. Það er gott að vita af því í skammdeginu,“ segir hún. Þórunn hefur veitt Ferðaskrifstofu Íslands forstöðu í þrjú ár. Starfsferill hennar innan ferðaþjónustunnar spannar þó hátt í fjóra áratugi. Þórunn starfaði í 25 ár hjá Icelandair og þá átti hún og rak Avis bílaleigu. Eftir 6 ár sem forstjóri í ferðaþjónustu í Bandaríkjunum má því segja að hún þekki ferðaþjónustuna frá öllum hliðum. Hún segist þó alltaf vera að læra.

„Það er alltaf hægt að bæta á sig blómum. Ferðaþjónustan er fjölbreytt svið sem hefur margfeldisáhrif og skarast á milli svo margra ólíkra aðila hvort sem það heitir leigubíll, sundlaug, hótel, rútufyrirtæki, ferðaskrifstofur, verslun, flugfélög. Við erum stöðugt að ræða saman og kaupa þjónustu hvert af öðru. Í ferðaþjónustunni eru margir markaðir og margir heimar og óhætt að segja að þetta sé skemmtilegt og líflegt vinnuumhverfi.“

Þórunn segir ferðaþjónustuna hafa breyst í áranna rás og síðustu fimm ár megi segja að Íslendingar hafi fengið lottóvinning.

„Þessar breytingar síðustu fimm ár eru ekki eitthvað sem við bjuggum til sjálf, við fengum lottóvinning og að mínu mati gætum við spilað betur úr honum,“ segir Þórunn.

„Á ferli mínum í Bandaríkjunum og hér heima, þar sem ég hef verið að selja önnur lönd, hef ég öðlast ágætis viðmið á það hvernig önnur lönd þjónusta sína ferðamenn. Ég held að við getum lært af þeim, bæði þjónustugreinarnar og opinberir aðilar. Það ætti að byggja innviðina hraðar upp en við höfum gert. Það er enn verið að tala um sömu hluti og fyrir tuttugu árum þegar ég var í bílaleigubransanum. Við erum svifasein og sofandi gagnvart þessu. Að mínu mati er of mikið af stofnunum og „stofum“ og engin samhæfing á milli í opinbera geiranum sem á að þjónusta ferðaþjónustufyrirtækin. Þar er flöskuháls.

Það að hver sem er geti opnað ferðaskrifstofu án þess að vera með leyfi er ekki í lagi. Það er heldur ekki í lagi í svona litlu landi að það sé ekki markvisst verið að tékka



Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands.

á fyrirtækjum, hvort þau uppfylli skilyrði fyrir að veita slíka þjónustu . Hér á landi eru stór fyrirtæki að nota aðila sem eru ekki með ferðaskrifstofuleyfi né tilskyldar tryggingar til að veita slíka þjónustu og það er mikil afturför í þessum efnum á síðustu árum, því miður. En, ég hef fulla trú á að við eigum eftir að vakna og taka á þessu. Ferðaþjónustan hefur heldur betur verið lyftistöng fyrir þjóðfélagið og mun skapa okkur til framtíðar mikil tækifæri. Ef við höldum vel á spöðunum er afar bjart fram undan.“

# Allur heimurinn er okkar svið

## Soffía Helgadóttir stýrir viðskiptadeild VITA sem þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum Íslands ásamt því að sinna þeim sem þyrstir í óhefðbundin ferðalög. Soffía hefur 25 ára reynslu.

Soffía segir að viðskiptaferðir hafi tekið miklum breytingum á undanförnum árum, sérstaklega þar sem stórfyrirtæki hér á landi séu með starfsstöðvar um allan heim. „Á þeim tíma sem bókunarvélar komu á markað og símafundir urðu vinsælir töldum við að tími okkar væri búinn,“ segir Soffía. „Við héldum að leggja þyrfti niður vinnu þessarar sterku kvennastéttar. Það varð nú alls ekki og í dag er rifist um reynslumikla starfsmenn sem kunna á „Amadeus“ bókunar-


**Soffía Helgadóttir stýrir viðskiptadeild VITA og hefur langa reynslu á sínu sviði.**

kerfi í alþjóðaumhverfi flugfélaganna,“ heldur hún áfram en Soffía fór fljótlega inn á viðskiptasviðið þegar hún hóf störf í ferðaþjónustu.

### Fylgja nýjustu tækni

„Viðskiptaferðamarkaðurinn hefur kallað á breytingar og við hjá VITA höfum svarað þeim kröfum. Við gerðum okkur grein fyrir því að ef við ætluðum að stíga inn í framtíðina yrðum við taka upp þær nýjungar sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Við höfum í samstarfi við stóran ferðaskipuleggjanda, Carlson Wagonlit, innleitt tæki og tól sem auðvelda viðskiptaferðir til muna. Markmiðið er alltaf að veita viðskiptavininum bestu þjónustu sem völ er á varðandi öryggi, ferðatíma og góðan aðbúnað á áfangastað,“ útskýrir Soffía.

„Hagkvæmni skiptir auðvitað máli fyrir öll fyrirtæki og þar komum við sterk inn. Við höfum aðgang að öllum flugfélögum í heimi og samninga við þau. Fyrirtæki kalla á gott utanumhald og vilja hafa allan ferðakostnað inni í einum og sama „portal“ þar sem hægt er að greina niður gistinætur erlendis, flugtíma og áfangastaði. Þessu fylgir öflugt smartsímaapp með öllum upplýsingum um ferðalagið, einnig ef upp koma breytingar. Við hjá VITA fylgjum nýjustu tækni og höfum innleitt umhverfisstaðal hjá okkur, ISO 14001, og veljum ábyrga samstarfsaðila í samræmi við það,“ segir Soffía og bætir við að konurnar hjá VITA séu stoltar af vinnu sinni.

### Öflugar konur

„Íslenski ferðageirinn einkennist af öflugum konum með mikla sérþekkingu. Okkar sterka sérhæfða kunnátta og langa starfsreynsla gerir okkur að sérfræðingum. Eftir öll þessi ár í faginu er ég enn að læra. Heimurinn hefur opnast með tilheyrandi byltingu á ferðalögum. Heilsuferðir hafa stóraukist og ég get nefnt sem dæmi jóga-, göngu-, skíða-, golf- og hjólaferðir. Við erum vitaskuld enn þyrst í afslöppun á strönd og í menningarferðir til spennandi borga. Okkar svið er allur heimurinn,“ segir Soffía en þess má geta að ferðaskrifstofan VITA var stofnuð í júní 2008 og er dótturfélag Icelandair Group. Markmið VITA er að bjóða upp á fjölbreytt úrval ferða frá Íslandi, góða þjónustu, úrval hótela og flugkost á samkeppnishæfu verði.

# Þekking og reynsla eflir ferðaþjónustu

## Jakobína Guðmundsdóttir er forstöðumaður stærstu markaða Iceland Travel ehf. og er ábyrg fyrir öllu sölu- og markaðsstarfi félagsins í Ameríku, Asíu, Ástralíu og Bretlandi. Hún hefur setið í yfirstjórn Iceland Travel í ellefu ár og hefur verið virkur þátttakandi í stefnumótun og þróun félagsins.

Iceland Travel er eitt elsta ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi. Vörumerkið hefur verið þekkt frá árinu 1999. Frá upphafi hefur fyrirtækið lagt áherslu á að þjónusta erlenda ferðamenn hér á landi. Iceland Travel er eitt af dótturfélögum Icelandair Group og er sölu- og markaðsfyrirtæki sem starfar aðallega á fyrirtækjamarkaði.

„Viðskiptavinir okkar eru um allan heim. Evrópa hefur lengi verið stærsti markaðurinn en undanfarið hefur mesti vöxturinn verið í Norður-Ameríku. Fjarmarkaðir eru líka ört stækkandi, þá einkum Indland, Kína og Suðaustur-Asía. Það er mikil breidd í þjónustu okkar, bæði fyrir einstaklinga og hópa. Allt frá dagsferðum, hringferðum með bílaleigubíl eða rútu ásamt leiðsögn og upp í sérsniðna vöru fyrir þá sem það kjósa.

Við skipuleggjum ferðalög fyrir erlenda ferðaheildsala með aðal-


**Jakobína Guðmundsdóttir er forstöðumaður stærstu markaða Iceland Travel.**

áherslu á afþreyingarferðaþjónustu. Einnig sinnum við MICE sem stendur fyrir ráðstefnu-, funda-, viðburða- og hvataferðaþjónustu ásamt því að þjónusta skemmtiferðaskip. Ein nýjasta deild fyrirtækisins er Nine Worlds en það er vörumerki sem þjónustar lúxus-viðskiptavini. Einkenni okkar og áhersla er hátt gæða- og þjónustustig en upplifunin er kjarninn í þjónustunni,“ segir Jakobína.

### Víðtæk þekking

Iceland Travel er þekkingarfyrirtæki sem byggir á öflugum konum og körlum sem hafa ástríðu fyrir starfi sínu og víðtæka þekkingu á ólíkum menningarheimum. „Við leitumst við að sinna mismunandi þörfum viðskiptavinanna. Langflestir starfsmenn Iceland Travel eru með háskólamenntun, mikla starfsreynslu og gríðarlega góða þekkingu á Íslandi sem er söluvaran okkar. Við leggjum áherslu á virka starfsþróun og sí- og endurmenntun, rekum meðal annars okkar eigin Iceland Travel skóla því fyrir okkur er það fjárfesting sem skapar verðmæti og viðheldur hæfni innan fyrirtækisins,“ segir Jakobína enn fremur og bætir við. „Sem kona í viðskiptalífinu eru það forréttindi fyrir mig að vinna innan Iceland Travel með öflugum hópi kvenna sem hafa stuðlað að framgangi og vexti fyrirtækisins og ferðaþjónustu á Íslandi í heild sinni.“

### Löng starfsreynsla

Jakobína hóf störf í ferðaþjónustu árið 1993. Fyrst hjá innanlandsdeild Samvinnuferða-Landsýnar. Þaðan fór hún til München í Þýskalandi og vann hjá Island Tours við sölu á ferðum til Íslands. Frá árinu 1997 starfaði hún hjá Ferðaskrifstofu Íslands sem sameinaðist Úrvali Útsýn 1999 og fékk við það nafnið Iceland Travel. Jakobína

> **Það eru forréttindi fyrir mig að vinna innan Iceland Travel með öflugum hópi kvenna sem hafa stuðlað að framgangi og vexti fyrirtækisins og ferðaþjónustu á Íslandi í heild sinni.**

hefur gegnt starfi forstöðumanns í sölu- og markaðsdeild frá árinu 2006. Hún hefur náð fádæma árangri á sínum mörkuðum með virkri og stöðugri viðskiptaþróun, uppbyggingu nýrra dreifileiða og öflugri vöruþróun. Væntingar til núverandi markaðsstarfs Jakobínu á nýmörkuðunum á Indlandi, í Kína og Suðaustur-Asíu eru miklar og segja má að fyrirætlanir hennar séu með þeim metnaðarfyllri innan fyrirtækisins.

### Umhverfisvernd

Jakobína segir að ör vöxtur ferðaþjónustu undanfarin misseri hafi ekki komið af sjálfu sér. „Við sinnum gríðarlega öflugu sölu- og markaðsstarfi á öllum okkar mörkuðum. Starfsemin er alltaf skipulögð með verndun umhverfis og lands í huga. Við höfum til að mynda byggt upp skóglendi við Haukadal þar sem gestir okkar geta plantað trjám og spornað við þeim umhverfissporum sem þeir skilja eftir sig á landinu. Okkur finnst þó vanta að stjórnvöld leggi meiri áherslu á ferðaþjónustuna. Komi með heildarstefnu með markvissari uppbygginu á innviðum og aðstöðu víða um land. Stefna til framtíðar verður að vera fagleg.“

# Ísland vinsælt fyrir ráðstefnur

## Helga Lára Guðmundsdóttir er deildarstjóri ráðstefnudeildar hjá Iceland Travel. Deildin er sérhæfð í skipulagningu á öllu sem viðkemur ráðstefnum, fundum og viðburðum af öllum stærðum.

Iceland Travel Ráðstefnur, PCO Professional Congress Organizer, er deild innan Iceland Travel sem er leiðandi í að markaðssetja Ísland á erlendum markaði ásamt því að vera í forystusveit á íslenska ráðstefnumarkaðinum. „Við erum sterkt teymi átta starfsmanna með góða menntun og mikla reynslu eftir margra ára starf innan ferðaþjónustunnar,“ segir Helga Lára en hún hefur til fjölda ára sérhæft sig í skipulagningu á ráðstefnum, fundum og ýmsum stærri viðburðum fyrir erlenda og innlenda aðila.

„Ég hef verið í forsvari fyrir ráðstefnudeild fyrirtækisins í um 25 ár. Ég er með BA-próf í frönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands og BA-gráðu í uppeldis- og kennslufræðum frá Uppsalaháskóla. Það að hafa lært tungumál og búið í


**Helga Lára Guðmundsdóttir er deildarstjóri ráðstefnudeildar hjá Iceland Travel.**

Svíþjóð til fjölda ára var mjög gott veganesti í upphafi þegar við settum ráðstefnuþjónustuna á koppinn. Flestir okkar erlendu viðskiptavinir komu þá frá Norðurlöndunum og því mjög mikilvægt að geta tjáð sig á þeirra tungumáli. Iceland Travel studdi mig síðan til enn frekara náms og lauk ég þriggja ára fjarnámi frá Cornell-háskóla í fundarfræðum, CMM eða Certificate in meeting management, ásamt prófi frá Leiðsöguskólanum í Kópavogi.

### Stöndum vel að vígi

„Við erum stolt af Íslandi sem ráðstefnulandi. Kostir landsins eru miklir og erlendum ráðstefnum fjölgar stöðugt. Hefðbundin ráðstefnu- og fundarhöld munu halda áfram að verða þýðingarmikil. Sumir velta því fyrir sér hvort ráðstefnuhald sé á undanhaldi og síma- og netfundir komnir í staðinn. Ég tel svo ekki vera, vægi þess að mynda persónulegt samband þegar fólk hittist hefur aukist frekar en hitt með tilkomu tækninnar,“ segir Helga Lára og bætir við að heimurinn hafi minnkað í þeim skilningi að samskipti hafa aukist milli landa og því vaxi þörfin fyrir að hittast. „Fleiri fyrirtæki eru nú með starfsstöðvar um allan heim og þurfa því að finna staði til að hittast, þar stöndum við vel að vígi,“ segir hún.

### Gæði og góð þjónusta

Helga Lára segir að mikil áhersla sé lögð á gæði þjónustunnar, að hún sé persónuleg og að ekkert fari úrskeiðis þegar tekið er á móti gestum. „Þannig ná viðskiptavinirnir að njóta þess besta sem völ

> **Hefðbundin ráðstefnu- og fundarhöld munu halda áfram að verða þýðingarmikil.**

er á hverju sinni bæði í þjónustu og afþreyingu. Að gæta fagmennsku og skara fram úr hvað hana snertir verður æ mikilvægara. Tæknin hefur breytt mestu við skipulagningu ráðstefna síðustu ár. Haldið er utan um allar skráningar í sérstöku skráningarkerfi, það heldur utan um skráningu, staðfestingu til viðskiptavinanna og reikningagerð. Í gegnum kerfið er hægt að koma SMS-skilaboðum til viðskiptavinanna, þeir geta nýtt Snapchat og lesið dagskrár á sérhönnuðu appi auk þess að bóka fundi með öðrum gestum ráðstefnunnar svo eitthvað sé nefnt,“ útskýrir Helga Lára.

### Lengra tímabil

Mikið er að gerast á ráðstefnumarkaðnum á Íslandi. Tímabilið er alltaf að lengjast og nú eru ráðstefnur, bæði innlendar og erlendar, alla mánuði ársins. „Til gamans má geta þess að Reykjavík hefur verið útnefnd besti ráðstefnu- og fundarstaður í Evrópu. Með tilkomu Hörpu og stærri hótelanna sem bjóða upp á ráðstefnuaðstöðu erum við betur í stakk búin að taka á móti stærri hópum en á árum áður. Ísland er með þegar kemur að vali á ráðstefnustað. Aðstaðan og öll tækni er líka til fyrirmyndar og stenst fullkomlega samanburð við það besta erlendis. Við höfum einnig lagt okkur fram um að beina ráðstefnum og fundum út á land þegar það hentar. Víða hafa risið góð hótel sem bjóða upp á ráðstefnuþjónustu. Þau geta tekið á móti stórum hópum og boðið upp á fjölbreytta afþreyingu.“

# Einstakar sögur frá Íslandi

**Inga Hlín Pálsdóttir er forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu. Hún tekur við virtum verðlaunum sem frumkvöðull, stjórnandi og kona ársins í New York í kvöld.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Það hittist svo skemmtilega á að ég er nú stödd í New York til að taka á móti hinum virtu Stevie Awards-verðlaunum þar sem ég fæ annaðhvort brons, silfur eða gull í nótt,“ segir Inga Hlín Pálsdóttir, sem er tilnefnd til verðlaunanna í þremur flokkum; sem kona ársins, stjórnandi ársins og frumkvöðull ársins í flokki stjórnvalda og stofnana.

„Þetta er sannur heiður en hann skrifast ekki eingöngu á mig og Íslandsstofu heldur samtakamátt okkar sem vinnum saman að því að ná árangri í íslenskri ferðaþjónustu sem vekur athygli út fyrir landsteinana.“

Ísland sé í miklum metum hjá umheiminum og aðrir horfi hingað til að sjá hvernig unnið er ötullega að ferðaþjónustunni.

„Ísland er undur á heimsmælikvarða og margir horfa með öfundaraugum á hversu fagurt land við höfum að bjóða. Erlendir aðilar í ferðaþjónustu taka eftir því hversu vel í raun okkur öllum í ferðaþjónustu á Íslandi hefur tekist að takast á við aukinn fjölda ferðamanna um allt land. Þá er einnig horft til okkar hversu vel hefur tekist að fá ferðamenn hingað allan ársins hring og að ferðaþjónustan í dag sé heilsársatvinnugrein, og stærsta útflutningsgrein landsins.“

## Erfiðasta karókí-lag heims

Inga Hlín er forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu sem er samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs í markaðs- og kynningarstarfi fyrir íslenskar útflutningsgreinar.

„Stærsta verkefni okkar í ferðaþjónustu er markaðssetning erlendis, til neytenda og fyrirtækja. Öll markaðssetning er unnin undir hatti „Inspired by Iceland“ og endurskoðum við reglulega áherslur í takti við þarfir ferðaþjónustunnar. Nú síðast bættust við markaðsskilaboð undir nafninu „Ísland frá A til Ö“ og var þá kynnt til sögunnar erfiðasta karókí-lag í heimi sem rúmar þrjár milljónir hafa horft á frá því í lok október. Í skilaboðunum leggjum við áherslu á landshlutana sjö, hvetjum fólk til að ferðast víðar um landið og koma utan háannatíma,“ útskýrir Inga Hlín en í nýju markaðsherferðinni er einnig lögð áhersla á ábyrga ferðahegðun.

„Við höfum síðustu ár viljað sýna ferðamönnum hvernig á að haga sér á Íslandi, hvernig taka á örugga sjálfu og hvernig á að fara í heita pottinn. Við höfum líka beðið ferðamenn að samþykkja átta loforð í því skyni að biðja þá að ferðast um landið á ábyrgan og öruggan hátt og hafa í huga viðkvæma náttúru landsins. Þar lofa þeir meðal annars að tjalda á réttum stöðum og láta náttúruna ekki finna fyrir því þó þeirra náttúra kalli, og nú þegar hafa 32 þúsund ferðamenn samþykkt að gangast við loforðunum á vefnum okkar.“

Ferðasýningar og vinnustofur í útlöndum eru einnig stór hluti af markaðs- og kynningarátaki Íslandsstofu.

„Í ár höfum við skipulagt þátttöku í níu ferðasýningum með íslenskum fyrirtækjum og skipuleggjum 28 vinnustofur í jafn mörgum borgum,“ upplýsir Inga Hlín sem segir þau vinna náið með almannatengslaskrifstofum ytra.

„Við skipuleggjum fjölda fjölmiðlaferða á ári hverju í tengslum við ýmsa viðburði í því skyni að kynna það sem landið hefur upp á að bjóða. Við vinnum einnig í nánu samstarfi við ýmsar hátíðir og viðburði, til dæmis Iceland Airwaves og Hönnunarmars, en samtals komum við að um 26 viðburðum hér heima á þann máta. Við aðstoðum hátt í 500 blaðamenn beint en fyrirspurnir eru vel yfir 2.000 á ári, auk þess að sinna lifandi vef- og samfélagsmiðlum „Inspired by Iceland“ og fjölbreyttu landkynningarefni. Þá miðlum við upplýsingum og vinnum með innlendum og erlendum sölu- og hagsmunaaðilum, eins og flugfélögum og endursöluaðilum, og leggjum áherslu á að fræða þá um landið og fyrir hvað það stendur til þess að þeir geti kynnt landið á réttan hátt og ábyrgan máta; allt í því augnamiði að auka áhuga ferðamanna á Íslandi í takt við þær áherslur sem við setjum hverju sinni.“

## Heiður að kynna Ísland

Allt fellur þetta vel í kramið hjá ferðamönnum sem líta hýru auga til Íslands.



**Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu. Henni hlotnast hin virtu Stevie verðlaun í kvöld.** MYND/STEFÁN

„Í „Íslandi frá A til Ö“ vinnum við með 224 íslensk orð um alla landshlutana og reynum að ná fram sérkennum þeirra. Lítil myndbönd sem við höfum gert undir merkjum „Inspired by Iceland“ hafa einnig náð mikilli athygli og nú þegar er búið að birta yfir 500 blaðagreinar um „Ísland frá A til Ö“ þótt við séum rétt að byrja,“ segir Inga Hlín, sem er oft á ferð og flugi í starfi sínu.

„Dags daglega vinnum við með fjölda fyrirtækja og hjá Íslandsstofu starfa sex fagráð sem tengjast atvinnulífi og stjórnvöldum. Sömuleiðis vinnum við náið með markaðsstofum landshlutanna, Samtökum ferðaþjónustunnar og öllum stærstu aðilum ferðaþjónustunnar. Þá skiptir starfsfólk okkar heiminum á milli sín og tengist ólíkum löndum og heimsálfum,“ segir Inga Hlín sem að meðaltali hefur líklega farið utan til landkynningar minnst einu sinni í mánuði síðan hún hóf störf á Íslandsstofu 2010.

„Ég fer til að tala um land og þjóð og til að halda tengslunum lifandi. Mér þykir heiður, og fæ aldrei leiða á því, að mega kynna landið okkar og segja frá öllu því góða sem Ísland hefur að bjóða. Íslensk menning, matur, vörur og þjónusta vekja aðdáun og athygli og öll sú skemmtilega afþreying sem býðst ferðamönnum á litla Íslandi,“ segir Inga Hlín, stolt af sínu landi.

Þá sé gestrisni Íslendinga rómuð.

„Á nýlegri ráðstefnu kom til mín maður sem sagði Íslendinga framúrskarandi gestgjafa. Hann hafði haft leiðsögumann sem heyrði að barnabarn hans hefði yndi af hestum og fór með fjölskylduna í sitt eigið hesthús að vinnudegi loknum. Þetta er dæmigert fyrir Íslendinga, að sinna fólki vel. Okkur þykir svo undurvænt um landið okkar og okkur er umhugað um að vel sé farið með viðkvæma náttúruna. Einmitt þess vegna leggjum við áherslu á ábyrga ferðahegðun, að ferðamenn keyri af ábyrgð um landið okkar í öllum veðrum og árstíðum, og minnum til dæmis á viðkvæman mosann og fleira sem skiptir íslenska þjóð og náttúru miklu.“

## Velgengni kvenna

Inga Hlín segir áberandi hversu margar konur standi framarlega í stjórnsýslu og stærri embættum í ferðaþjónustu hérlendis, og þær standi einnig vel að vígi í einkageiranum þar sem þær séu víða í lykilhlutverkum.

„Ytra er horft til þess að hér séu fleiri kvenstjórnendur en annars staðar í heiminum. Konur eiga stóran þátt í velgengni íslenskrar ferðaþjónustu og gestgjafahlutverk okkar í gegnum árin tengist einstakri gestrisni íslenskra kvenna og karla. Hvarvetna má finna kraftmiklar konur sem stíga fram sem andlit Íslands og við stöndum okkur mjög vel í að halda uppi konum, körlum og jafnrétti í sögum okkar frá Íslandi,“ segir Inga Hlín.

Í framtíðinni vill hún sjá ferðaþjónustuna þróast á sjálfbæran og ábyrgan máta.

„Ég vil sjá greinina þróast í sátt við samfélagið, Íslendinga, ferðamenn og náttúruna. Sjá hana dafna áfram sem heilsársatvinnugrein þar sem við höldum áfram að virkja þá miklu samstöðu og slagkraft sem við höfum átt að fagna síðustu ár. Það væri öllum til heilla.“

STARTUP TOURISM

Tækifæri í ferðaþjónustu - Taktu næsta skref með Startup Tourism

Umsóknarfrestur til 11. desember

startuptourism.is



ICELANDIC STARTUPS · isavia · vodafone · Íslandsbanki · ÍSLENSKI FERÐAKLASINN · BLUE LAGOON ICELAND



Sigríður Pjetursdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Hestamiðstöðvarinnar Sólvangs kynnir verkefni sitt í Startup Tourism.

# STARTUP TOURISM Nýsköpun í ferðaþjónustu

Startup Tourism er tíu vikna viðskiptahraðall sem er sniðinn að þörfum nýrra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Tíu fyrirtæki fá aðgang að fullbúnu skrifstofurými hjá Íslenska ferðaklasanum á meðan á verkefninu stendur og einnig þjálfun, fræðslu og endurgjöf frá fjölda sérfræðinga og stjórnenda. Frá því að verkefnið hófst árið 2016 hafa borist um 170 umsóknir í Startup Tourism, en af þeim tuttugu teymum sem tekið hafa þátt er um helmingurinn skipaður konum.



María Pálsdóttir tók þátt í Startup Tourism 2017.

## Frábært að fá tækifæri til að þróa hugmyndina

María Pálsdóttir er framkvæmdastjóri Hælisins ehf. sem hún stofnaði í sumar til að koma setri um sögu berklanna á Íslandi á koppinn.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég var á gangi um æskustöðvarnar á Kristnesi í Eyjafirði og sveið að sjá starfsmannahúsin sem tilheyra Kristnesspítala drabbast niður. Svo ég ákvað að gera eitthvað í málunum og fannst liggja beint við að setja upp sýningu um sögu berklanna á Íslandi en Kristnes var reist sem berklahæli árið 1927.“ Hún sat fyrst Brautargengi þar sem hún lærði að gera viðskiptaáætlun. „Svo sat ég viðskiptahraðalinn Startup Tourism og fékk góða ráðgjafa og mikla aðstoð við að ydda hugmyndina, æfa kynningar og byggja upp tengslanetið.“ María flutti svo norður í haust til að fylgja draumnum sínum eftir. „Sjúkrahúsið á Akureyri stendur þétt við bakið á mér og verið er að ganga frá samningsatriðum um leigu á húsnæðinu. Þegar það er í höfn er hægt að fara að bretta upp ermarnar og koma húsunum í stand en þau þarfnast mikilla endurbóta.“ María segir það víst að sýningin verði áhrifamikil. „Berklarnir voru sjúkdómur sem felldi alltof marga. Þetta er stórmerkilegur hluti í sögu þjóðar sem legið hefur í þagnargildi og tímabært að gera honum skil. Það er einnig mikilvægt að auka afþreyingu fyrir ferðamenn sem streyma til landsins sem aldrei fyrr og ekki síst að létta álaginu á suðvesturhorninu,“ segir María. „Það er nóg pláss fyrir ferðamenn hér fyrir norðan og kannanir sýna að sögusöfn eru ofarlega á lista yfir það sem ferðamenn eru tilbúnir að greiða fyrir hvað varðar afþreyingu. Startup Tourism var frábært upp á að kynnast fleira fólki í svipuðum sporum, hitta svo marga ráðgjafa og leiðbeinendur sem voru örlátir á þekkingu sína og þá skipti einnig miklu máli að fá þessa gríðarlegu þjálfun í að kynna verkefnið.“

*www.haelid.is*



Sigurlín Margrét Sigurðardóttir tók þátt í Startup Tourism 2017. Hér er hún og samstarfsfólk hennar hjá Döff Ísland.

## Mikilvægt að vera með

Sigurlín Margrét tók þátt í Startup Tourism í tengslum við stofnun fyrirtækisins Döff Ísland ehf. í apríl 2017 sem sér um rekstur og allt utanumhald ferðaþjónustu Deaf Iceland tours.

„Deaf Iceland Tours býður upp á ferðaþjónustu á táknmáli,“ segir Sigurlín Margrét. „Döff ferðamenn sem til Íslands koma hvaðanæva úr heiminum eru markhópur okkar. Við fundum fyrir þörfinni að stofna svona eftir að hafa hitt döff ferðamenn sem hingað hafa komið og reynsla þeirra var oft á þá vegu að lítið eða ekkert sást af táknmálinu hér á landi. Við sem að Deaf Iceland stöndum höfum öll mismunandi menntun og bakgrunn en höfum þó hvert með sínum hætti komið með reynslu okkar af ferðaþjónustu í verkefnið.“ Hún segir verkefnið ekki hafa byrjað með neinum látum. „Árið 2017 er meira svona tilraunaár fyrir okkur. Við höfum unnið að því að samhæfa og setja saman ferðir sem koma til með að verða bókaðar í gegnum heimasíðu okkar á árinu 2018. Þannig gefum við döff tækifæri til að heimsækja Ísland.“ Sigurlín segir Startup Tourism hafa gagnast afar vel við stofnun Deaf Iceland. „Við lærðum mikið og eflaust hafa líka margir lært sitthvað af okkur líka. Stundum fannst okkur að við værum í leiðbeiningahlutverki þegar við vorum að segja leiðbeinendunum frá samfélagi döff og fyrir hvað við stöndum. Stærsta málið var fyrir okkur að vera með. Í upphafi höfðum við svolítið annað sjónarhorn á hugmyndina okkar og verkefnið en svo breyttist það, sennilega af því að við lærðum meira og meira. Svo eru leiðbeinendur í Startup Tourism svo góðir og koma öllu mjög faglega frá sér, vita næstum öll svörin og hafa góðar lausnir á takteinum. Þetta vikkar líka tengslanet okkar. Við mælum hiklaust með að fólk sem hefur ferðaþjónustuhugmynd og trúir á hana fari í Startup Tourism viðskiptahraðalinn.“

*www.deaficeland.is*



Ellen Ragnars Sverrisdóttir tók þátt í Startup Tourism 2017. MYND/ERNIR

## Eins og að vera í tvöföldu MBA-námi

Ellen Ragnars Sverrisdóttir er stofnandi MYSHOPOVER en hún tók þátt í viðskiptahraðlinum.

Sprotafyrirtækið MYSHOPOVER verður sniðið að ferðamönnum sem vantar aðstoð við að versla í ókunnugri borg. Um er að ræða vettvang þar sem ferðamaðurinn tengist heimamanni, stílista eða vönum verslunarráðgjafa sem fer með honum eða henni að versla, bendir á bestu búðirnar og hvar er best að fá ákveðnar vörutegundir og merkjavöru og tekur jafnvel að sér að sjá um innkaupin eftir pöntun. „Ég fékk þessa hugmynd af því að ég var svo mikið að ferðast sjálf og vantaði oft einmitt þessar upplýsingar. Ég ætlaði að þróa app þar sem þú gætir fengið meðmæli um góða staði til að versla á,“ segir Ellen. Hún mælir eindregið með þeirri reynslu sem felst í því að taka þátt í Startup Tourism. „Ég var búin að ganga lengi með hugmyndina í maganum en setti hana loksins á blað þegar ég fékk inni í Startup Tourism,“ segir hún. „Hugmyndin hefur síðan tekið miklum breytingum eftir að ég fékk endurgjöfina hjá aðilum í ferðaþjónustunni. Ég eignaðist góða vini, bjó til ráðgjafastjórn í fyrirtækið og fékk aðstoð við að vinna hugmyndina upp á nýtt og koma henni í þann farveg að hægt væri að prófa hana.“ Hún segir að þátttakan í viðskiptahraðlinum sé eins og að vera í tvöföldu MBA-námi, slíkur sé ávinningurinn. „Það er ekkert hægt að lýsa því hvað það er gott að fara í svona hraðal. Það skiptir engu máli á hvaða stað þú ert í lífinu eða hvaða reynslu þú hefur því þarna ertu með greiðan aðgang að rosalega flottu fólki úr viðskiptalífinu sem er boðið og búið að veita þér ráðleggingar.“

*www.myshopover.com*

Bakhjarlar Startup Tourism eru Isavia, Bláa lónið, Íslandsbanki og Vodafone. Um framkvæmd verkefnisins sér Icelandic Startups í samstarfi við Íslenska ferðaklasann. Óskað er eftir ferskum hugmyndum að afþreyingu og lausnum sem styrkt geta innviði ferðaþjónustunnar. **Opið er fyrir umsóknir í Startup Tourism til og með 11. desember á startuptourism.is**

# Ferðaþjónustan snertir alla

**Ólöf Ýrr Atladóttir hefur sinnt starfi ferðamálastjóra undanfarin tíu ár en lætur af störfum 1. janúar næstkomandi. Hún lítur hér yfir farinn veg á umbrotatímum í íslenskri ferðaþjónustu.**

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is



Ferðaþjónusta hefur afar margþætt og flókin áhrif á þróun samfélaga, getur verið drifkraftur til góðs, en líka haft neikvæð áhrif," segir Ólöf og bætir við að æ fleiri líti á ferðalög sem hluta af hversdagslegum lífsgæðum sínum. „Fólk ferðast sem aldrei fyrr og sú staða hefur leitt af sér margvíslegar áskoranir. Víða um heim er ferðaþjónustan farin að hafa áhrif á lífsgæði gestgjafa, bæði að góðu, eins og dæmin eru um í auknu þjónustuframboði, betra efnahagsástandi og bættum atvinnumöguleikum, en einnig með neikvæðum hætti, og er nærtækast að horfa til umræðunnar um húsnæðismál." Hún segir nauðsynlegt að nálgast ferðaþjónustuna með hliðsjón af þróun hennar á undanförnum árum og með hliðsjón af því hvernig við viljum að hún þróist. „Hvaða áhrif við viljum að ferðaþjónustan hafi á íbúa, náttúru, samfélagið í heild og einstakar byggðir?"

Hún bendir á að ef við horfum til íslenskrar ferðaþjónustu á síðasta áratug sjáum við að bylting hefur orðið. „Atvinnugreinin í dag er ekki sú sama og hún var í aðdraganda efnahagshrunsins þegar aðstæður voru um margt erfiðar. Gengi krónunnar var til að mynda sterkt, sem hafði áhrif á neyslu erlendra ferðamanna, en gengissveiflur höfðu ekki síður áhrif á afkomu fyrirtækja. Ferðaþjónustan var samt sem áður vaxandi, en í hugum margra Íslendinga kannski enn ekki orðin raunveruleg atvinnugrein. Við efnahagshrunið gjörbreyttust aðstæður, en frá 2010 má segja að vöxtur ferðaþjónustunnar, ekki bara hér á landi heldur á heimsvísu, hafi verið stöðugur þó svo að vöxturinn hér hafi verið meiri en nokkurs staðar annars staðar sem ég þekki til."

Hún segir þetta hafa kallað á að hið opinbera, sem ber ábyrgð á almannagæðum, almannaþjónustu og almannafé, skilgreini ný verkefni til að skapa atvinnugreininni sjálfbæra og ábyrga umgjörð til framtíðar. „Á undanförnum tíu árum hefur Ferðamálastofa mætt þessum áskorunum með margvíslegum hætti. Á árunum 2009-10 lagði Ferðamálastofa áherslu á að setja af stað vinnu við að móta Vakann, gæða- og umhverfiskerfi íslenskrar ferðaþjónustu. Á árunum 2010-12 beindist kastljósið að uppbyggingu, öryggis- og skipulagsmálum á ferðamannastöðum, enda fóru áhyggjur fólks vaxandi af álagi á íslenska náttúru vegna vaxandi ferðamennsku. Rannsóknir og gagnaöflun fyrir ferðaþjónustuna voru í öndvegi hjá Ferðamálastofu á árunum 2013-2015, til dæmis var stutt myndarlega við þolmarkarannsóknir af ýmsu tagi á árunum 2014 og 2015. Frá árinu 2014 höfum við einbeitt okkur að svæðisbundinni þróun ferðaþjónustunnar, m.a. með því að setja af stað verkefni um gerð áfangastaðaáætlana um allt land, þar sem framtíðarþróun ferðaþjónustunnar er skilgreind á heildstæðan og hlutlægan hátt. Það verkefni er í fullum gangi nú um stundir undir stjórn markaðsstofa landshlutanna, en Ferðamálastofa fjármagnar vinnuna."

Ólöf bendir á að Íslendingar hafi þurft að takast á við þær áskoranir sem velgengni á sviði ferðaþjónustu hefur orðið upphafið að, á mun styttri tíma en flestar aðrar þjóðir. „Enda vöxturinn verið krappari hér en eiginlega bara alls staðar annars staðar í heiminum. Efnahagslegt vægi atvinnugreinarinnar er óumdeilt, og nú er að setja henni ramma og hlúa að henni, þannig að hún dafni í sátt við land og þjóð til langrar framtíðar."

Ferðaþjónustan er í dag viðurkennd sem ein mikilvægasta atvinnugrein landsins, en jafnframt er það líka viðurkennt að hennar margþættu áhrif geta verið mikil. „Ferðamálin snerta tilfinningalega strengi í brjóstum okkar og þau



Ólöf Ýrr Atladóttir lætur af störfum eftir tíu ár á Ferðamálastofu.

eiga að gera það, því að við eigum öll að láta okkur ferðaþjónustu varða."

Ólöf hefur nú ákveðið að venda sínu kvæði í kross og leita nýrra ævintýra. „Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa innan þessa geira undanfarinn áratug – takast á við áskoranirnar, en það er mér sérstaklega dýrmætt að hafa fengið að taka þátt í og tengjast þeirri endurmótun íslensks samfélags sem ferðaþjónustan hefur átt svo stóran þátt í. "

MAMMA, ÉG ER Á LÍFI

BRÉF OG FRÁSAGNIR
ÍSLENSKRA PILTA
Í VÍTI HEIMSSTYRJALDAR

*Þeir gengu glaðir
í kandadíska herinn
haustið 1914 til að þjóna
sínu nýja föðurlandi,
en áttu eftir að upplifa hreint helvíti.*

*Í hispurslausum
og oft átakanlegum bréfum
til ættingja og vina lýstu þeir
veruleika stríðsins,
fjarri glansmynd áróðursmeistaranna.*




**Jakob Þór Kristjánsson**

Sögur ÚTGÁFA




Guðrún hefur unnið í fjölskyldufyrirtækinu Gray Line síðan hún var 18 ára, í alls 18 ár. Systir hennar, Bryndís Eir Þórisdóttir, vinnur sem bílstjóri hjá fyrirtækinu. MYND/LAUFEY

# Skemmtilegt en krefjandi að vinna með fjölskyldunni

Guðrún Þórisdóttir var aðeins átján ára þegar hún hóf störf hjá fjölskyldufyrirtækinu Gray Line. Hún byrjaði á skrifstofunni, vann sig upp í starf sölustjóra og er nú vörumerkjastjóri fyrirtækisins og situr í stjórn þess.

Ég er dóttir annars eigandans og hef unnið með fjölskyldunni að uppbyggingu fyrirtækisins í nær átján ár. Ég hef markaðsmálin á minni könnu og sé um að stýra vörumerkinu Gray Line markaðslega, vörulega og útlitslega séð. Í mínum verkahring er að ákveða hvert við stefnum, hvar við eigum að sækja á, hvar við auglýsum og hvernig. Þetta er mjög fjölbreytt svið. Ég sit í stjórn Gray Line á Íslandi og einnig í stjórn Gray Line Worldwide. Til að hafa örugglega nóg að gera skellti mér í MBA-nám við Háskólann í Reykjavík núna í haust,“ segir Guðrún Þórisdóttir brosandi.

Hún segir það vissulega hafa haft áhrif á störf sín að faðir hennar sé einn eiganda Gray Line. „Sérstaklega fyrst. Mér fannst ég þurfa að standa mig betur en aðrir og vildi sýna að ég hefði ekki fengið vinnuna bara út á að vera dóttir eins eigandans. Ég hef alltaf lagt mikið á mig og geri enn.“

## Ör vöxtur

Gray Line er vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki sem býður upp á dagsferðir og norðurljósaferðir út frá Reykjavík og er með flugrútu á milli Keflavíkur og Reykjavíkur í rekstri. Fyrirtækið er aðili að Gray Line Worldwide sem er stærsta skoðunarferðafyrirtæki í heimi. „Þegar ég byrjaði að vinna hjá Gray Line á sínum tíma unnu þrjátíu manns hjá fyrirtækinu, nær eingöngu karlmenn. Núna vinnur fjöldi kvenna hjá fyrirtækinu; hvort sem er á skrifstofunni, við að keyra rúturnar eða við leiðsögn. Við systkinin vinnum öll hjá Gray Line og yngri systir mín er ein af bílstjórunum,“ segir Guðrún og bætir við að það sé skemmtilegt en jafnframt krefjandi að vinna með fjölskyldunni sinni. „Það tók okkur nokkur ár að læra að verða samstarfsmenn og við leggjum mikið upp úr góðu andrúmslofti innan Gray Line,“ segir hún.

En talið þið um eitthvað annað en vinnuna þegar þið hittist? „Nei. Ekkert annað,“ segir Guðrún hlæjandi.

## Tengslanet og tækni

Mesta breytingin á starfsemi Gray Line varð árið 2005 þegar fyrirtækið gerðist aðili að Gray Line Worldwide, að sögn Guðrúnar. „Við það fengum við aðgang að gríðarlega góðu tengslaneti og tækni sem var að ryðja sér til rúms, eins og að selja ferðir á netinu. Nafnið er alþjóðlegt og vel þekkt um allan heim og það hjálpar líka til. Frá 2005-2015 varð 1.500% fjölgun á farþegum hjá okkur og þegar við tölum um þetta við kollega okkar hjá erlendum fyrirtækjum trúa þeir varla þessum tölum. Við byrjuðum að selja norðurljósaferðir fyrir 15 árum og þóttum alveg galin á þeim tíma. Við vorum spurð hvort fólk hefði virkilega áhuga á að fara út í myrkrið að horfa á norðurljós en við héldum okkar striki. Núna kemur fólk gagngert til Íslands til að sjá norðurljósin og þetta eru vinsælustu vetrarferðirnar okkar.“

> Þegar ég byrjaði að vinna hjá Gray Line á sínum tíma unnu þrjátíu manns hjá fyrirtækinu, nær eingöngu karlmenn. Núna vinnur fjöldi kvenna hjá fyrirtækinu; hvort sem er á skrifstofunni, við að keyra rúturnar eða við leiðsögn. Við systkinin vinnum öll hjá Gray Line og yngri systir mín er ein af bílstjórunum.
>
> Guðrún Þórisdóttir

Guðrún nefnir að frá aldamótum hafi verið ákveðið að fjárfesta í nýjum rútum og Gray Line er með einn yngsta bílaflota landsins. „Við leggjum mikið upp úr því að vera með nýja bíla á okkar vegum og halda meðalaldri flotans undir þremur árum. Um borð í rútunum er þráðlaust net og við fylgjumst vel með tækninýjungum og hvernig við getum náð til farþega og boðið þeim betri þjónustu.“

## Alþjóðleg samtök

Undanfarin fjögur ár hefur Guðrún setið í stjórn Gray Line Worldwide en í stjórninni sitja 18 manns, þar af þrjár konur. Níutíu og átta fyrirtæki um allan heim eru í samtökunum og segir Guðrún að árlega berist fjöldi umsókna um aðild. Hún er langyngst þeirra sem í stjórninni eru og segir að kynslóðaskipti séu fram undan og gaman sé að taka þátt í þeim. „Þetta er vinnustjórn sem vinnur náið með forstjóra samtakanna að mörgum málum. Í okkar verkahring er meðal annars að fara yfir ný leyfi, markaðsmál og tæknimál. Á hverju ári eru margir tilnefndir til stjórnarsetu og það er alls ekki sjálfgefið að komast í stjórnina. Mér finnst mjög gaman að vera hluti af þessu og læri heilmikið af því og get vonandi lagt eitthvað til líka.“

Spurð hvort hún hafi tíma fyrir áhugamál segist Guðrún hafa yndi af því að ferðast innanlands sem utan og hún njóti þess að verja tíma með fimm ára dóttur sinni og fjölskyldunni allri. „Ég á mér marga uppáhaldsstaði á Íslandi en mér finnst Jökulsárlónið alltaf jafnmagnað. Það er eitthvað við þann stað sem heillar mig í hvert sinn sem ég kem þangað.“

En hvað er fram undan hjá Guðrúnu og Gray Line? „Ég ætla að ljúka MBA-náminu til að styrkja mig enn betur í starfi og fyrirtækið nýtur að sjálfsögðu góðs af því. Mér finnst alltaf jafngaman í vinnunni þótt hún snúist um það sama: Að selja Ísland. Ég segi oft að ég sé heppin að búa hér á landi því veðurfarið og náttúran eru síbreytileg. Við hjá Gray Line erum bjartsýn og sjáum fram á spennandi verkefni í framtíðinni.“

# Íshestar leiðandi í ferðaþjónustu

**Þrjár konur halda um stjórnartaumana hjá Íshestum. Meirihluti starfsmanna er einnig konur. Íshestar eru eitt elsta starfandi félag í hestatengdri ferðaþjónustu og fagnar 35 ára starfsafmæli í ár.**

Hjá okkur í Íshestum starfa 16 konur og 2 karlar. Það er engin sérstök ástæða fyrir því, það er eins og konurnar sæki frekar í þennan bransa,“ segir Sólborg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Íshesta, en þar halda konur um stjórnartaumana.

„Margrét Gunnarsdóttir sér um rekstur hesthússins og hefur starfað hjá Íshestum í 10 ár, Jenný Maggý Rúriksdóttir er markaðsstjóri fyrirtækisins og ég hef verið framkvæmdastjóri frá byrjun árs. Í hesthúsinu starfa 12 manns, einn karl! Kokkurinn í veitingasal Íshesta er einnig karl. Yfir sumartímann fjölgar starfsfólki en hlutföllin breytast reyndar lítið við það, það sækja yfirleitt fleiri konur í störfin,“ segir Sólborg. „Auðvitað viljum við hafa karlana með. Þeir tveir sem vinna með okkur eru afar vinsælir hér innanhúss,“ segir hún hress. Vinnumórallinn er mjög góður hjá fyrirtækinu en það fagnar 35 ára starfsafmæli í ár.

### Gestum fjölgar ár frá ári

„Íshestar eru eitt elsta starfandi félag í hestatengdri ferðaþjónustu á Íslandi og hefur verið leiðandi á markaðnum í öll þessi ár,“ segir Sólborg. „Hestamiðstöð Íshesta er staðsett í fallegu umhverfi. Við erum ekki nema í 15 mínútna fjarlægð frá Reykjavík en höfum náttúruna hérna allt í kring, hraunið, skóginn, Helgafell, Bláfjöll og Heiðmörk. Við bjóðum upp á hádegismat fyrir gesti og gangandi og erum með kaffiteríu í veitingasalnum okkar. Meiri hluti okkar gesta er erlendir ferðamenn og þeim hefur fjölgað jafnt og þétt gegnum árin. Íslenski hesturinn hefur mikið aðdráttarafl og eru gestir okkar fyrst og fremst að leita eftir ákveðinni upplifun. Það er ógleymanlegt að fara ríðandi um náttúru Íslands, hvort heldur sem er að sumri eða vetri. Í öllum okkar ferðum er leiðsögumaður sem segir frá umhverfinu og kynnir íslenska hestinn fyrir gestum okkar. Við bjóðum upp á 1-5 klukkustunda dagsferðir frá hestamiðstöð okkar í Hafnarfirði og lengri ferðir um land allt í samstarfi við bændur, allt frá tveggja daga ferðum upp í níu daga ferðir. Réttarferðirnar á haustin eru afar vinsælar og svo allar norðurljósaferðirnar yfir veturinn. Á sumrin höldum við einnig úti reiðskóla fyrir börn í samstarfi við hestamannafélagið Sörla.“



Jenný Maggý Rúriksdóttir markaðsstjóri, Sólborg Bjarnadóttir framkvæmdastjóri og Margrét Gunnarsdóttir, sem sér um rekstur hesthúss Íshesta. MYND/ERNIR

# Frá Karíbahafi til Kínaveldis

**Ása María Valdimarsdóttir man tímana tvenna í ferðaþjónustu. Hún kynnti Mið-Evrópu fyrir Íslendingum snemma á níunda áratugnum en útlendingar kenndu henni að meta Ísland betur.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég byrjaði að vinna við fararstjórn í kringum 1984. Þá var ég ungur þýskukennari í framhaldsskóla og vantaði sumarvinnu. Ég labbaði inn á ferðaskrifstofuna Útsýn sem Ingólfur Guðbrandsson ferðafrömuður leiddi og sótti um starf sem fararstjóri. Stuttu seinna var hringt í mig og mér boðið að starta nýju verkefni á vegum Útsýnar, sem voru Þýskalandsferðir. Ég fór með Íslendinga í Móseldalinn og Svartaskóg. Á þessum tíma fóru flestir í sólarlandaferðir svo þessar ferðir voru algjör nýjung,“ rifjar Ása María Valdimarsdóttir upp.

### Lært að ferðast

Þýskalandsferðirnar slógu í gegn og segir Ása Íslendinga hafa heillast af gróðrinum, grænum engjum og gestrisni Þjóðverja. „Þetta var yndislegur tími. Fólk var enn að læra að ferðast og það var meiriháttar viðburður í lífi þess að fara í ferðalag. Upp til hópa var fólk dálítið ósjálfbjarga og hafði ekki mikla tungumálakunnáttu. Eitt sinn var ég að sýna fólki borg í Mið-Evrópu og ein konan vildi fá að halda í mig því hún var svo hrædd um að týna mér og vissi þá ekkert hvað hún ætti að gera. Tæknin var líka allt öðruvísi en hún er í dag og stundum aðeins hægt að hringja á vissum tímum dags á milli landa,“ segir Ása og hlær. „Ingólfur og Útsýn voru með fríklúbb til að undirbúa fólk fyrir ferðalög. Boðið var upp á námskeið þar sem fólk gat lært tungumál og hvernig það átti að haga sér í útlöndum. Við fórum út á land í heimsóknir í fyrirtæki á borð við fiskvinnslur og vélsmiðjur og seldum fólki ferðir. Haldin voru Útsýnarkvöld með fegurðarsamkeppnum og happdrætti, sem voru vinsæl.“

Ása nefnir að fólk hafi gjarnan viljað nota tækifærið og skoða þrjú til fimm lönd í einni ferð, enda viðburður að komast út fyrir landsteinana. „Ferðir á borð við Fimm landa sýn voru vinsælar, en það var mikil fyrirhöfn að fara á milli landa. Það þurfti að skipta t.d. þýskum mörkum yfir í franska franka eða ítalskar lírur og stoppa á öllum landamærum og fá stimpla í vegabréfin. Þetta hefur allt breyst eftir að Evrópusambandið kom til sögunnar,“ upplýsir Ása.

### Hefur séð meira en hálfan heiminn

Það voru svo útlendingar sem kenndu Ásu að meta Ísland eftir að hún hafði séð meira en hálfan heiminn. „Þegar ég hafði séð svona mikið af heiminum fór ég að meta Ísland betur sem ferðamannaland. Ég skellti mér í Leiðsöguskólann árið 1991 og upp frá því fór ég líka að fara í ferðir með útlendinga um Ísland. Síðustu árin hef ég mestmegnis unnið við fararstjórn erlendis og leiðsögn innanlands.“

### Hvert land með sinn sjarma

Þegar Ása er spurð hvaða land sé í mestu uppáhaldi hjá henni segir hún að hvert land hafi sinn sjarma og hafi upp á eitthvað spennandi að bjóða. „Mér finnst ég þó alltaf komin heim þegar ég kem til Mið-Evrópu, svo sem Suður-Þýskalands, Austurríkis, Sviss, Slóveníu eða Norður-Ítalíu. Mér líður afskaplega vel á þessum slóðum og líka í kringum Alpana, hvort sem er að vetri eða sumri til. Svo dái ég Prag, það er yndisleg borg og eyjan Madeira er í miklu uppáhaldi hjá mér. Við Íslendingar erum svo heppnir að vera frjáls þjóð og getum ferðast um heiminn eins og við viljum. Það er ekki nema partur af heiminum sem hefur tækifæri til þess.“

Fram undan hjá Ásu eru ferðir til Portó í Portúgal og jólaferð til Wiesbaden í Þýskalandi. „Aðventuferðirnar eru alltaf vinsælar. Fyrirtæki og hópar fara gjarnan saman og Þýskaland er þekkt fyrir jólamarkaðina sem eru svo skemmtilegir. Þar er mikil stemning, góður ilmur í loftinu, og bakkelsi og „Glühwein“ í boði. Fólk vill njóta þess að vera til og tekur svo nokkra jólapakka með heim.“

Ása nefnir að lokum að starf fararstjóra og leiðsögumanns feli svo margt í sér sem kannski ekki allir átti sig á. „Maður er kennari, hópstjóri, sálgæslumaður og sjúkraliði og getur lent í öllu mögulegu. Ferðalangarnir eru á öllum aldri, allt frá ungbörnum upp í aldraða. Það gefur manni mikið að umgangast fólk af öllum þjóðernum og maður verður umburðarlyndari og vonandi betri manneskja fyrir vikið.“


„Eitt sinn var ég að sýna fólki borg í Mið-Evrópu og ein konan vildi fá að halda í mig því hún var svo hrædd um að týna mér og vissi þá ekkert hvað hún ætti að gera.“ MYND/ANTON BRINK

„Ferðir á borð við Fimm landa sýn voru vinsælar, en það var mikil fyrirhöfn að fara á milli landa. Það þurfti að skipta t.d. þýskum mörkum yfir í franska franka eða ítalskar lírur og stoppa á öllum landamærum og fá stimpla í vegabréfin.



Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandshótela. MYND/SIGURJÓN RAGNAR

# Spennandi tímar fram undan

**Mikill vöxtur hefur einkennt rekstur Íslandshótela undanfarin ár. Félagið á og rekur 18 hótel víða um land. Fram undan eru spennandi verkefni í vaxandi atvinnugrein.**

Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandshótela, á að baki langan og farsælan feril í íslensku viðskiptalífi. Hún starfaði sem fjármálastjóri Húsasmiðjunnar á vaxtarárum félagsins og í ýmsum stjórnunarstöðum hjá Íslandsbanka auk þess að sitja síðar í stjórn bankans. Síðar varð Kolbrún framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá VÍS og svo framkvæmdastjóri fjárfestingasjóðsins Kjölfestu. Að auki hefur hún setið í stjórn Húsasmiðjunnar, Fastus, Senu og unnið að fjölmörgum verkefnum, félags- og stjórnunarstörfum.

## Öflugt félag

Kolbrún settist í stjórn Íslandshótela árið 2015 en hóf störf sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs í desember 2016. Fyrsta árið hefur verið bæði viðburðaríkt og spennandi að hennar sögn. Gríðarlegur vöxtur hefur einkennt rekstur Íslandshótela undanfarin ár, sem á og rekur 18 hótel með um 1.800 gistirými út um allt land auk funda- og ráðstefnuaðstöðu. „Íslandshótel eru annar stærsti hótelrekstraraðili landsins og eiga 16 af þeim 18 fasteignum sem í dag hýsa hótelreksturinn, auk frekari þróunarverkefna á sviði hótelbygginga um land allt. Félagið er því gríðarlega öflugt bæði í hótel- og fasteignarekstri. Heildartekjur félagsins námu tæpum 10 ma. kr. árið 2016 og EBITDA var um 3 ma. kr. Heildareignir félagsins námu rúmlega 31 ma. kr. í árslok 2016 og lætur nærri að starfsemi okkar rúmist á um 100 þúsund fermetrum,“ segir Kolbrún. Hjá félaginu starfa allt að 1.100 manns þegar mest lætur og er 51 prósent stjórnenda hjá Íslandshótelum konur.

Undir merkjum Íslandshótela eru öll Fosshótelin, Grand Hótel Reykjavík og Hótel Reykjavík Centrum. „Íslandshótel rekur stærsta hótel landsins, Fosshótel Reykjavík með 320 herbergi og öll þekkjum við Grand Hótel sem er eitt stærsta ráðstefnuhótel landsins. Við leggjum áherslu á að vera með hótel hringinn í kringum Ísland og er nýjasta hótelið Fosshótel Mývatn, sem var opnað í sumar. Það er gaman að fylgjast með því hversu vel hefur tekist til með mörg af þeim hótelum sem við erum með á landsbyggðinni. Mörg af hótelum okkar eru einstaklega vel hönnuð, falla vel inn í landslagið og bjóða upp á fyrsta flokks þjónustu og einstaka upplifun.“

## Stolt af ferðaþjónustunni

Félagið var stofnað árið 1969 og er því rekstrarsaga þess orðin löng segir Kolbrún. „Þekking og reynsla eigenda og stjórnenda er því mikilvæg auðlind. Stjórnendur þekkja því ekki aðeins þá uppsveiflu sem verið hefur síðustu ár heldur einnig það uppbyggingarstarf sem eigendur og frumkvöðlar lögðu grunninn að.“

Samhliða vexti félagsins á síðustu árum hefur verið ráðist í mikla innviðauppbyggingu að sögn Kolbrúnar. „Skipulag hefur verið aðlagað að ört vaxandi atvinnugrein og rekstri, ráðið hefur verið í stöður framkvæmdastjóra fjármála- og starfsmannasviðs og rekstrarstjóra hótelanna.

Ferðamönnum er enn að fjölga og gert er ráð fyrir að þeir verði um 2,5 milljónir á árinu 2018. Allt frá Eyjafjallagosinu 2010 hefur gistinóttum fjölgað ár frá ári. Þær voru 3,8 milljónir árið 2016 en 1,3 milljónir árið 2010 og hefur því fjölgaði síðan þá um 192%. Ferðaþjónustan skilar nú um 45% af útflutningstekjum landsins og hefur á síðustu árum verið stærsta útflutningsgrein okkar. Við sem störfum í þessari grein getum því verið stolt af vexti og viðgangi greinarinnar.“

## Umhverfismálin mikilvæg

Íslandshótel vinna að því markmiði að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar eins og kostur er og segir Kolbrún að í öllu starfi félagsins sé lögð áhersla á umhverfisvernd. „Við



Fosshótel Reykjavík er stærsta hótel landsins. MYND/TAKI BIBELAS

viljum vera í fararbroddi á þessu sviði og ætlum okkur að halda áfram á okkar góðu vegferð.“

Nýlega hlaut Fosshótel Jökulsárlón Vakann sem er gæðakerfi stýrt af Ferðamálastofu. Markmið Vakans er að stuðla að góðri og ábyrgri ferðaþjónusta á Íslandi sem og sjálfbærum atvinnurekstri. „Fosshótel Jökulsárlón flaggar með stolti fjórum viðurkenndum stjörnum svo og bronsmerki í umhverfishlutanum. Þar með eru sjö hótel undir hatti Íslandshótela komin með stjörnuflokkun Vakans. Auk þess eru veitingastaðirnir Haust, Bjórgarðurinn og Grand Restaurant allir með gæðaviðurkenningu Vakans.“

Fosshótel Jökulsárlón er glæsilegt fjögurra stjörnu hótel sem var opnað í júní 2016 við rætur Öræfajökuls, á milli Skaftafells og Jökulsárlóns þar sem má finna eitt vinsælasta klifursvæði landsins.

„Á Fosshótel Jökulsárlóni má finna einstaka innanhúshönnun og fallegan arkitektúr en hótelið er allt byggt úr náttúrulegum efnum auk þess sem öll hreinsiefni og snyrtivörur á herbergjum eru umhverfisvæn og vottuð. Hótelið býður upp á 104 herbergi í fimm flokkum ásamt bar og stórglæsilegu veitingahúsi. Sama má segja um hótelið á Mývatni sem er byggt úr náttúrulegum efnum og með þriggja þrepa skólphreinsistöð sem er það fullkomnasta sem völ er á. Auk þess er Grand Hótel Reykjavík eitt fárra hótela á Íslandi sem hefur fengið Svansvottun.“

## Ört vaxandi atvinnugrein

Kolbrún hlakkar til að takast á við ný og spennandi verkefni hjá Íslandshótelum á næstu árum. „Eins og allir þekkja er ferðaþjónustan ört vaxandi atvinnugrein og á örskömmum tíma hefur hún orðið meginstoð í íslensku atvinnulífi. Íslandshótel er eitt af stærstu félögum í þessari atvinnugrein hérlendis það er því ánægjulegt að fá að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu hjá félaginu með því frábæra starfsfólki sem þar starfar.“



Grand Hótel Reykjavík er stærsta ráðstefnuhótel landsins. MYND/TAKI BIBELAS



Fosshótel Jökulsárlón hlaut nýlega Vakann, sem er gæðakerfi stýrt af Ferðamálastofu. MYND/UNNUR ARNARSDÓTTIR



Fosshótel við Mývatn býður upp á frábært útsýni. MYND/TAKI BIBELAS

# Vaxandi fjölskyldufyrirtæki

## Hugmyndin að Landnámssetrinu kviknaði í hestaferð með fróðleiksfúsum ferðamönnum. Sigríður Margrét Guðmundsdóttir segir ferðaþjónustuna jákvæða fyrir bæjarfélagið í Borgarnesi.

Ég lendi í ferðaþjónustunni ef svo má segja, þegar ég og maðurinn minn, Kjartan Ragnarsson, settum Landnámssetrið á fót í Borgarnesi fyrir tólf árum. Áður hafði ég unnið í leikhúsi og í sjónvarpi. Ég var fréttamaður á fréttastofu Sjónvarpsins þegar draumurinn kviknaði um að búa til sýningar um landnámið og Egilssögu, eftir hestaferðir með erlendum ferðamönnum. Í þeim ferðum vorum við alltaf að segja þessar sögur,“ segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, forstöðukona Landnámssetursins í Borgarnesi. Hún segir sögu landnámsins heilla erlenda gesti og hugmyndin um landnámssýningar hafi undið hratt upp á sig.

„Það var ekki endilega ætlunin að búa til ferðamannastað en ferðamenn hafa mikinn áhuga á, sögunni og það er sérlega gaman að finna hvað þeir eru þakklátir fyrir að fá innsýn í okkar merkilega menningararf. Hér er líka veitingahús og svo leikhúsið á söguloftinu í gamla pakkhúsinu. Þetta varð strax fjölbreytt og skemmtilegt og ekki bara fyrir erlenda ferðamenn. Íslendingar heimsækja okkur einnig, bæði sýningar söguloftsins og veitingastaðinn,“ segir Sigríður. „Nú erum við með frábæra leiksýningu í gangi á söguloftinu um Auði djúpúðgu sem Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur flytur.



**Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, forstöðukona Landnámssetursins í Borgarnesi.**

Í hádeginu bjóðum við upp á hlaðborð á góðu verði sem mikil ásókn er í. Fólk á leið norður eða suður eða í bústað kemur gjarnan við og fær sér að borða. Svo erum við komin með góðan hóp fastagesta, fólk héðan af svæðinu. Þá halda fyrirtæki oft fundi hjá okkur en hér er afar skemmtileg fundaraðstaða á söguloftinu,“ segir Sigríður. Hún er Reykvíkingur í húð og hár en hefur nú verið búsett í Borgarnesi í rúman áratug. „Það þýðir ekkert annað en vera vakin og sofin yfir þessu. Landnámssetrið er mikið fjölskyldufyrirtæki,“ segir hún.

„Við byggðum við húsnæðið. Fengum Sigríði Sigþórs arkitekt til að teikna skemmtilega viðbyggingu þar sem kletturinn er einn veggur í húsinu. Þetta er falleg staðsetning og svæðið niðri við sjóinn er yndislegt. Gömlu húsin í Borgarnesi hafa mikið aðdráttarafl. Landnámssetrið heimsækja um hundrað þúsund manns á ári. Það hefur leitt af sér að búið er að gera upp mörg af gömlu húsunum og opna þar gistingu og þá er nýtt hótel í byggingu í Borgarnesi. Ferðaþjónustan er því afar jákvæð fyrir samfélagið.“



**Glæsilegt hádegisverðarhlaðborð er afar vinsælt á veitingastað Landnámssetursins.**


*Bráðskemmtileg jólagjöf!*

GJAFABRÉF
Á SÝNINGU
VILBORGAR DAVÍÐSDÓTTUR
Á SÖGULOFTI
LANDNÁMSSETURSINS
Í BORGARNESI



VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
SEGIR SÖGU KONUNNAR
SEM Á ENGAN SINN LÍKA
Í LANDNÁMSSÖGUNNI
- AUÐI DJÚPÚÐGU.

Minnum á veitingastaðinn okkar þar sem boðið er upp á hollan og góðan mat fyrir sýningu.

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
www.landnam.is - landnam@landnam.is
Sími: 437 1600






OBH NORDICA TILBOÐSDAGAR
50%
VALDAR VÖRUR Á HÁLFVIRÐI
OBH NORDICA
DESIGNING GOOD LIFE
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



Það þarf ekki að drekka mjög mikið áfengi til að valda sér skaða. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Hugsanlega eru einhverjir sem gætu flokkast sem ofdrykkjumenn þótt þeim finnist þeir ekki drekka mikið. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Auðvelt að skaða sig með áfengi

**Við vitum öll að áfengi getur verið mjög skaðlegt í miklu magni. En það er óljósara hvað telst mikið magn og það gæti verið að fleiri drekki nóg til að valda sér skaða en gera sér grein fyrir því.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Margir njóta þess að fá sér í glas eftir vinnu eða um helgar þó að við vitum öll að áfengi getur verið mjög skaðlegt í of miklu magni. Færri eru hins vegar með á hreinu hvað er of mikið. Ef litið er á ráðleggingar lækna kemur í ljós að fleiri gætu verið að drekka frá sér heilsuna en gera sér grein fyrir því.

### Hvað er of mikið?

Samkvæmt skilgreiningu bresku heilbrigðisþjónustunnar telst það ofdrykkja ef einhver drekkur meira en sex áfengiseiningar á einum degi og landlæknir miðar við 21 einingu á viku fyrir karla en 14 fyrir konur. Þá er gert ráð fyrir jafnri drykkju yfir vikuna, ekki allt á einum degi. Landlæknir segir að ef vikuleg áfengisneysla fer yfir þessi mörk séu líkur á neikvæðum áhrifum talsvert meiri.

Einn stór bjór (0,5 l) sem er 5% áfengur jafngildir 2,5 áfengiseiningum og stórt vínglas (0,25 l) sem er 14% áfengt jafngildir þremur. Samkvæmt þessu er meira en tvö stór vínglös eða þrír stórir bjórar í einu ofdrykkja og ef þú drekkur meira en átta bjóra eða sjö vínglös á viku eykur þú líkur á neikvæðum áhrifum talsvert.

Þessar tölur eru vissulega umhugsunarefni, því margir drekka þetta magn ef þeir drekka á annað borð án þess að skilgreina sig sem ofdrykkjufólk.

Dr. Nick Sheron, sérfræðingur í lifrarsjúkdómum við Southampton háskóla, segir að þeir sem geta

„Samkvæmt þessu er meira en tvö stór vínglös eða þrír stórir bjórar í einu ofdrykkja og ef þú drekkur meira en átta bjóra eða sjö vínglös á viku eykur þú líkur á neikvæðum heilsufarsáhrifum talsvert.

ekki hugsað sér föstudagskvöld án þess að að finna svolítið á sér séu þegar örlítið háðir áfengi. Dr. John Larsen hjá bresku góðgerðarsamtökunum DrinkAware, sem reyna að minnka skaðleg áhrif áfengis, segir að ef fólk tekur eftir því að áfengisþol þess hafi aukist gæti það verið vegna þess að líkaminn hafi vanist mikilli áfengisneyslu og að það gæti verið merki um að það sé að ánetjast áfengi.

### Hver er skaðinn?

Áfengi skaðar heilsuna bæði til lengri og skemmri tíma, eins og flestir þekkja. Til skemmri tíma veldur áfengi aukinni slysahættu og áhættusækni vegna áhrifanna á jafnvægi, samhæfingu og rökhugsun og í allra versta falli getur of stór skammtur stöðvað öndun eða hjartslátt. Neyslan hefur líka skaðleg áhrif á minni og skap og veldur timburmönnum.

Til lengri tíma getur áfengi valdið skaða á líffærum, sérstaklega heila og lifur, og valdið eða ýtt undir þunglyndi, kvíða og sumar tegundir krabbameins.

Heilsufarsvandamál tengd áfengi byrja ekki að segja til sín umsvifalaust, þannig að hægt er að valda sér skaða án þess að gera sér grein fyrir því.

### Hvað er til ráða?

Læknar segja að það sé betra að dreifa áfengisneyslunni yfir nokkra daga frekar en að spara sig og drekka „leyfilegt“ magn fyrir vikuna á einum degi og það er til einföld leið til að snúa neikvæðri þróun við. Besta leiðin er að minnka áfengisneyslu verulega eða einfaldlega hætta henni.

**Greinin er byggð á „Are You A Binge Drinker in Denial? This Is What You Are Doing to Your Body“ af vef Huffington Post og „Klíniskum leiðbeiningum um greiningu og meðhöndlun áfengisvanda í heilsugæslu“ frá Landlæknisembætti.**



# Á myndina vantar Rúnar Júlíusson 1945–2008

Um 200 Íslendingar látast árlega úr ótímabærum hjarta- og æðaáföllum. Um 12 þúsund manns á aldrinum 50–70 ára glíma við afleiðingar slíkra áfalla og lifa við skert lífsgæði vegna þeirra. Með markvissri leit er hægt að finna þessa einstaklinga áður en það er um seinan og koma í veg fyrir áföllin.

Við söfnum fyrir fyrirbyggjandi leit og innleiðingu á öllum heilsugæslum landsins.

**Söfnunarþáttur í opinni dagskrá á Stöð 2, 17. nóvember kl. 19.25**

## Finnum fólk í lífshættu

Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum

**907 1502** 2.000 KR. | **907 1505** 5.000 KR. | **907 1508** 8.000 KR.

LEXUS EXPERIENCE AMAZING · ÞG-VERK · Apótekarinn · HREYFING HEILSULIND · BLUE LAGOON ICELAND

HJARTAVERND

Pipar\TBWA | SÍA





## Rafmagnað hár

Frost og þurrkur getur gert hárið á okkur rafmagnað svo það stendur út í loftið eða límist við andlitið á okkur. Hvað er til ráða?

- Nuddið olíu í allt hárið eða í endana. Olían kemur í veg fyrir að hárið tapi raka og kemur böndum á óstýriláta enda.
- Bómullar- eða akrýlhúfur geta aukið rafmagnið í hárinu. Reyna má að nota höfuðföt sem fóðruð eru með silki eða satíni sem renna mjúklega af hárinu.
- Spreyið greiðu úr málmi með hárspreyi og greiðið gegnum hárið frá rót til enda. Hárspreyið temur óstýriláta enda og málmgreiðan losar rafspennuna í hárinu.
- Notið hárnæringu sem ekki á að þvo úr. Hún nærir hárið og ver fyrir hitabreytingum og þurrki.
- Notið rakagefandi hárvörur yfir vetrartímann.
- Notið hárblásara með „ionic tækni“ en hann á að eyða rafspennunni úr hárinu.



Jólakrans er sannkallað dyradjásn.

## Jólakransagerð í Árbæ

Aðventan nálgast og eru margir farnir að huga að jólaskreytingum. Því er upplagt að skella sér í Borgarbókasafnið í Árbæ og læra að búa til fallegan aðventu- eða jólakrans til að festa á útidyrahurðina. Það er Helga Helgadóttir frá Árbæjarblómum sem mun leiðbeina gestum með kransagerðina og verður hún með allt efni meðferðis sem hægt verður að kaupa á staðnum.

Jólakransagerðin fer fram mánudaginn 20. nóvember frá klukkan 16.30 til 18.30. Skráning er í safninu, í síma 411 6250. Allir hjartanlega velkomnir.

**» Því fylgir ósvikið stolt og gleði að föndra sinn eigin jólakrans á útidyrnar og vekur ómælda aðdáun gesta og gangandi.**

## Unglingar án áfengis

Mun færri unglingar drekka áfengi en áður. Ungdómurinn í dag hagar sér betur en foreldar, ömmur og afar. Þessir krakkar hafa ánægju af náminu sínu, stunda margir hreyfingu og hafa góð samskipti við foreldra sína. Síðast en ekki síst, þeir drekka miklu minna en áður þekktist.

Þessi staðreynd á ekki bara við um Ísland en árangur í minni unglingadrykkju hér á landi er umtalaður víða um heim. Í Noregi hefur unglingadrykkja sömuleiðis minnkað mikið. Árið 2003 svöruðu 84% norskra unglinga á aldrinum 15-16 ára að þeir hefðu smakkað áfengi. Árið 2015 hafði þeim fækkað niður í 57%. Unglingadrykkja hefur líka minnkað í Svíþjóð, Finnlandi og meira að segja Danmörku. En niðurstöður rannsókna sýna að í allri Evrópu hefur unglingadrykkja minnkað sem og í Kanada, Bandaríkjunum og Ástralíu.

Vísindamenn leita að einhverri skýringu á þessu og spyrja hvort þakka megi samfélagsmiðlum og netinu. Unglingar eru mikið á netinu og foreldrar eru kannski líka meira að passa ungana sína. Eru þeir sem eru 17 ára í dag hinir nýju 15 ára? Ákveðin breyting varð við aldamótin hjá unglingum. Þá ólst upp ný kynslóð með snjalltækjum. Þar fyrir utan býr ungt fólk lengur í foreldrahúsum. En vísindamenn klóra sér í kollinum í leit að skýringu þar sem vitað er að foreldrar drekka meira en áður. Nánar má lesa um þessar hugleiðingar á forskning.no.



Unglingadrykkja hefur minnkað til muna á síðustu árum.



# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

BÍLA GALLERÍ



**NÝR PHEV PLUG IN HYBRID**
MMC OUTLANDER PHEV PLUG IN HYBRID RAFMAGN / BENSÍN. 4X4, NÝR ! SJÁLFSK, LEÐUR/RÚSSKIN, LYKLALAUST AÐGENGI, OFL. VERÐ AÐEINS 4.290 Þ. RAÐNR 111697. Á STAÐNUM !



**NÝR HYBRID TOYOTA**
TOYOTA YARIS ACTIVE HYBRID DESIGN. NÝR BÍLL !, SJÁLFSKIPTUR, BAKKMYNDAVÉL, ÁLFELGUR, OFL. VERÐ AÐEINS 2.590 Þ RAÐNR 102050.

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

SPARIbíll



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**
Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar til sölu



Honda accord árg 2007 ekinn 166000 km, sjalfskiftur, leður sæti. Ný vetrardekk, skoðaður 2018. Ásett verð 920.000. Mjög gott eintak. Upplýsingar gefur Ómar Sími 8957199.






Honda accord Tourer sport 2003 ekinn 211000, sjalfskitur, leður. Skoðaður 18, nýtt púst og margt annað. Upp Ómar 8957199.

## Hópferðabílar



**65 MANNA RÚTUR. LÍTIÐ EKNAR.**
Tvær Neoplan Transliner (Benz) rútur 1996 með klósetti ek.495þ. Tilboðsverð 2.190þ.stk. Uppl. í s. 820-5181

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700





Nánari upplýsingar í síma 1817

# HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Þú getur horft í snjallsíma, spjaldtölvu eða fartölvu hvenær sem þér hentar.

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is

365




HONDA
**CR-V Executive Diesel**
Nýskráður 2/2008, ekinn 144 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 1.890.000**



HONDA
**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 11/2012, ekinn 57 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.150.000**



## BÍLL DAGSINS

**Honda Jazz Elegance**
Einn eigandi, nýskráður 7/2015, ekinn 26 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.090.000**



CHEVROLET
**Lacetti Station**
Nýskráður 1/2005, ekinn 169 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Tilboð kr. 290.000**



BMW
**I3 Rex**
Nýskráður 11/2015, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.890.000**



HONDA
**Jazz Comfort**
Nýskráður 11/2017, sýningarbíll frá umboði, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**



HONDA
**Swift Gl 4wd**
Fjórhjóladrifinn, nýskráður 5/2011, ekinn 141 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**



HONDA
**CR-V Elegance**
Einn eigandi, nýskráður 1/2014, ekinn 15 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.950.000**



KIA
**Ceed Ex SW diesel**
Nýskráður 12/2012, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**

## Afgreiðslutími

**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga**
**milli kl. 12:00 og 16:00**

**notaðir.bernhard.is**
**opið allan sólarhringinn**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Þjónusta

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is

**Múrum og smíðum ehf**

## Nudd

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**NUDD/MASSAGES**
Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNARRÝMI TIL LEIGU**
Um 130fm verslunarrými til leigu, hátt til loft, er á sv. 105. Laust. Uppl. í s. 820 0345

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

VSK #115006. Kt: 1612464849. S: 7778371. Steypusögun, kjarnaborun og múrbrot




## Tilkynningar

### AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Urriðaholtsstræti 22, 24 og 26. Tillaga að breytingu Norðurhluta Urriðaholts 3. áfanga. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum. Breytt aðkoma að lóðum nr. 22 og 24. Minni háttar breyting byggingarreita allra lóða. Nýjir byggingarreitir fyrir opin bílskýli á lóðum nr. 22 og 24. Aukið byggingarmagn bílskýla um 500 m2. Fjölgun íbúða um 6 (úr 45 í 51 íbúð), tvær á hverri lóð. Innbyrðis breyting á fjölda heimilaðra minni og stærri íbúða milli lóða.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 29. desember 2017. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS




## Skemmtanir




VASKURINN
Í VASKINN!
SKATT FRÍ DAGAR
GRÍPTU GÆSINA
FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF
ÖLLUM BÓKUM & TÍMARITUM ÚT ALLA HELGINA!
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 9,91% er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
#LESUMMEIRA
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Penninn
Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími verðlækkunnar er til og með 19. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ein önnur Evrópuþjóð í okkar riðli

**Nú er endanlega ljóst hvaða 31 þjóð mun taka þátt í HM í Rússlandi með okkur Íslendingum næsta sumar. Áhugasamir geta dundað sér við að setja saman draumariðlana sína fram að drættinum sem verður 1. desember.**

**FÓTBOLTI** Viljum við lenda í „auðveldum“ og bragðdaufum riðli eða fá tækifæri til að mæta einhverjum af stóru þjóðunum á HM í Rússlandi næsta sumar? Það fer líklega allt eftir smekk hvers og eins hverjir eru draumaandstæðingar íslenska landsliðsins á HM 2018.

### Í riðli með Englandi og Brasilíu

Sumir taka því fagnandi að lenda í riðli með risum eins og Brasilíu, Argentínu, Englandi eða Spáni en aðrir vilja kannski bara mæta þeim í sextán eða átta liða úrslitunum. Það má nú alveg láta sig dreyma.

Ísland verður í þriðja styrkleikaflokki þegar dregið verður eftir tvær vikur og það sem er öruggt á þessari stundu er að íslenska landsliðið mun ekki mæta Danmörku, Kosta Ríka, Svíþjóð, Túnis, Egyptalandi, Senegal eða Íran í riðlakeppninni. Danir voru næstir því að komast upp í annan styrkleikaflokkinn sem þýðir að draumaleikur sumra á móti Dönum kemur aldrei fyrr en í útsláttarkeppninni ef þá báðar þjóðirnar komast þangað.

Það eru ekki aðeins styrkleikaflokkarnir sem ráða niðurröðun í riðlana því það eru einnig fjöldatakmarkanir á þjóðum frá sömu álfu.

Þannig verða aldrei fleiri en tvær Evrópuþjóðir í hverjum riðli og aldrei meira en ein þjóð frá hverju hinna álfusambandanna. Þetta þýðir að ef Ísland fær Evrópuþjóð úr fyrsta styrkleikaflokki þá verða ekki fleiri Evrópuþjóðir í riðlinum.

Alveg eins ef Ísland fær Suður-Ameríkuþjóð úr öðrum styrkleikaflokki (Brasilíu eða Argentínu) þá gæti íslenska liðið fengið til dæmis Spán eða England í sinn riðil. Riðill með Brasilíu eða Spáni fær nú okkar stráka örugglega til að svitna aðeins og þá væri nú talsvert auðveldara að mæta bara Rússlandi og Perú.

### Spennan vex næstu vikur

Það eru fjórtán dagar þangað til það kemur í ljós í hvaða riðli Ísland lendir á HM í Rússlandi. Spennan mun magnast mikið næstu tvær vikurnar. Það hafa verið mörg söguleg kvöld hjá íslenska karlalandsliðinu á síðustu árum og kvöldið í Kremlínhöllinni 1. desember næstkomandi verður það ekki síður.

Hér á síðunni má sjá yfirlit yfir styrkleikaflokkana og enn fremur hvað er í boði ef við lendum með annaðhvort Evrópuþjóð eða Ameríkuþjóð úr fyrsta styrkleikaflokki.

ooj@frettabladid.is



### Styrkleikaflokkarnir (Sæti á næsta FIFA-lista)

| Fyrsti flokkur | | Annar flokkur | | Þriðji flokkur | | Fjórði flokkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rússland | (65) | Spánn | (6) | Danmörk | (12) | Serbía | (37) |
| Þýskaland | (1) | Perú | (11) | **Ísland** | **(22)** | Nígería | (50) |
| Brasilía | (2) | Sviss | (8) | Kosta Ríka | (26) | Ástralía | (39) |
| Portúgal | (3) | England | (15) | Svíþjóð | (18) | Japan | (55) |
| Argentína | (4) | Kólumbía | (13) | Túnis | (27) | Marokkó | (40) |
| Belgía | (5) | Mexíkó | (16) | Egyptaland | (31) | Panama | (56) |
| Pólland | (7) | Úrúgvæ | (21) | Senegal | (23) | Suður Kórea | (59) |
| Frakkland | (9) | Króatía | (17) | Íran | (32) | Sádi-Arabía | (63) |

■ Átta riðlar verða á HM í Rússlandi og fjórar þjóðir í hverjum riðli. Efstu tvær þjóðirnar í hverjum riðli tryggja sér síðan sæti í sextán liða úrslitum keppninnar.

■ Liðunum var raðað í styrkleikaflokka eftir stöðu þeirra á FIFA-listanum sem var gefinn út í október en það kemur nýr listi út í næstu viku.

### Ef Ísland lendir í riðli...

**með Evrópuþjóð úr fyrsta styrkleikaflokki**

Rússland, Þýskaland, Portúgal, Belgía, Pólland eða Frakkland

**Þá getur Ísland lent með þessum þjóðum**

**2. styrkleikaflokkur:** Perú, Kólumbía, Mexíkó eða Úrúgvæ

**4. styrkleikaflokkur:** Nígería, Ástralía, Japan, Marokkó, Panama, Suður-Kórea eða Sádi-Arabía.

Allar aðrar þjóðir úr hinum styrkleikaflokkum en þær sem koma frá Evrópu.

**ekki með Evrópuþjóð úr fyrsta styrkleikaflokki**

Brasilía, Argentína

**Þá getur Ísland lent með þessum þjóðum**

**2. styrkleikaflokkur:** Spánn, Sviss, England, Mexíkó eða Króatía

**4. styrkleikaflokkur:** (Serbía), Nígería, Ástralía, Japan, Marokkó (Panama), Suður-Kórea eða Sádi-Arabía.

Ef Ísland fær Mexíkó í sinn riðil úr öðrum styrkleikaflokki þá getur íslenska liðið lent í riðli með Serbíu en ekki með Panama.



blómaval




# SKREYTINGAKVÖLD BLÓMAVALS SKÚTUVOGI

## 22. OG 23. NÓVEMBER

**Skráning hafin á namskeid@blomaval.is**



**Soffía Dögg Garðarsdóttir**
gestaskreytir
frá Skreytum hús.

**SKRÁNING ER HAFIN**

## Hin vinsælu jólaskreytingakvöld Blómavals í Skútuvogi

Skreytingameistarar Blómavals sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og jólaskrauti.
**Gamla Sigtúnsliðið verður á staðnum sem gestaskreytarar.**



Aðgangur er ókeypis - takmarkað sætaframboð.

**Skráðu þig með því að senda tölvupóst á namskeid@blomaval.is eða hringja í síma: 525 3000.**

**Miðvikudagurinn 22.nóvember / kl. 19:00-21:00**
**Skreytingameistarar:** Díana, Petra og Helga
**Gestaskreytarar:** Hjördís Jónsdóttir, Vigdís Hauksdóttir og Soffia Dögg Garðarsdóttir
**Kynnar kvöldsins:** Kristinn Einarsson og Ásdís Ragnarsdóttir

**Fimmtudagurinn 23.nóvember / kl. 19:00-21:00**
**Skreytingameistarar:** Díana, Petra og Helga
**Gestaskreytarar:** Hjördís Jónsdóttir, Vigdís Hauksdóttir og Soffia Dögg Garðarsdóttir
**Kynnar kvöldsins:** Kristinn Einarsson og Ásdís Ragnarsdóttir



-25%
Jólastjarna
stór og flott
**1.490kr**
~~1.990kr~~



Orkedea
Flott tilboð
**1.990kr**
~~2.690kr~~



-20%
Nóvember
kaktus
**790kr**
~~990kr~~

**Mikið úrval af skreytingaefni fyrir aðventukransinn**



Skoðaðu úrvalið í vefverslun
**husa.is og blomaval.is**

## Merkisatburðir

**1390** Skriða féll á Lönguhlíð ytri í Hörgárdal. Hrafn Bótólfsson lögmaður, kona hans og fleiri fórust.

**1558** Elísabet 1. tók við konungdómi í Englandi og Írlandi eftir hálfsystur sína. Elísabetartímabilið hófst á Englandi.

**1603** Sir Walter Raleigh var dreginn fyrir rétt í Winchester-kastala ákærður fyrir þátttöku í Maine-samsærinu.

**1631** Svíar lögðu Frankfurt am Main undir sig.

**1869** Súesskurðurinn milli Rauðahafs og Miðjarðarhafs var opnaður.

**1912** Íslenska guðspekifélagið var stofnað í Reykjavík.

**1913** Morgunblaðið birti fyrstu íslensku fréttamyndirnar, sem voru dúkristur, gerðar vegna morðmáls í Dúkskoti í Reykjavík.

**1938** Vikan kom út í fyrsta sinn, fyrsti ritstjóri hennar var Sigurður Benediktsson.

# Lætur gott af sér leiða með tónleikum á afmælinu

**Til að fagna 70 ára afmælinu ætlar Eiríkur Gíslason að láta gott af sér leiða og halda tónleika í Langholtskirkju á sunnudaginn. Á tónleikunum verður fjölbreytt dagskrá og allur ágóði rennur til Umhyggju, félags langveikra barna.**



Eiríkur fagnar 70 ára afmæli og 55 ára söngafmæli um þessar mundir.

Þegar ég fór að hugsa um þetta í sumar, þegar það fór að líða að þessum tímamótum, þá fór ég að velta fyrir mér að það eru ekki allir jafn heppnir og ég," segir Eiríkur Gíslason sem á 70 ára afmæli á mánudaginn. Í tilefni þess heldur hann glæsilega styrktartónleika á sunnudaginn undir yfirskriftinni Yndislegt líf.

Hann kveðst hafa átt yndislegt líf, þó ekki áfallalaust eins og gengur og gerist. „Mér datt nú í hug að nota þessi tímamót til að gera eitthvað, gefa mér eitthvað í afmælisgjöf, og sömuleiðis að láta eitthvað gott af mér leiða í þágu þeirra sem minna mega sín."

Ágóði tónleikanna rennur til Umhyggju, félags langveikra barna. Eiríkur segir það félag vera stórmerkilegt og hann langar að leggja því lið.

Á tónleikunum kemur fram tónlistarfólk sem Eiríkur hefur kynnst á tónlistarferli sínum. Þau sem fram koma eru Margrét Einarsdóttir, Ópus 12, Einar Clausen, Söngfuglar, Viðar Gunnarsson, Kammerkór Reykjavíkur, Þrjár klassískar, Söngfjelagið Góðir grannar, Ólafur M. Magnússon, Húnakórinn, Signý Sæmundsdóttir og Karlakór Kjalnesinga.

Spurður út í hvernig hafi gengið að setja saman tónleika segir Eiríkur: „Það gekk alveg frábærlega. Ég kom alls staðar að opnum dyrum. Ég er búinn að vera í söng í 55 ár núna, ég er nefnilega að halda upp á 55 ára söngafmæli um þessar mundir. Og ég hafði samband við þá sem ég hef sungið með og tengst í gegnum tónlistina og fékk frábærar móttökur," segir Eiríkur sem hefur sungið með Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps síðan hann var 15 ára.

Eiríkur hvetur alla tónlistarunnendur til að leggja leið sína í Langholtskirkju á sunnudaginn, 19. nóvember. „Tónleikarnir hefast klukkan 16.00 og hægt er að kaupa miða við innganginn í Langholtskirkju. Miðaverðið er afskaplega hófstillt, nánast útsölupris, eða 2.500 krónur," segir Eiríkur glaður í bragði.

**gudnyhronn@365.is**

## ÞETTA GERÐIST: 17. NÓVEMBER 1988 LINDA P. VALIN UNGFRÚ HEIMUR

Íslendingar eignuðust alheimsfegurðardrottningu í þriðja sinn þegar Linda Pétursdóttir var valin Ungfrú heimur á þessum degi. Linda hafði betur í baráttu við Yeon-He Choi, 22 ára gamla íþróttafréttaþulu frá Suður-Kóreu og ungfrú Bretland, Kirsty Roper, sem var þá 17 ára. Roper heitir nú Kirsty Bertarelli og er ríkasta kona Bretlands. Hún er metin 11,7 milljarða punda sem eru yfir 1.500 milljarðar króna.

„Hér ríkir mikil hátíðastemning vegna úrslitanna, og á tímabili voru allar símalínur rauðglóandi, þegar fólk hringdi til að óska hvert öðru til hamingju," sagði fréttaritari Morgunblaðsins á Vopnafirði í blaðagrein sem birtist daginn eftir.



Mikil fagnaðarlæti brutust út í Royal Albert Hall þegar nafn Lindu var lesið upp. Mikil spenna hafði verið í loftinu enda voru úrslitin ekki eftir bókinni. Þannig var Ungfrú Venesúela ekki í topp þremur eins og spáð hafði verið. Norðurlandabúar gerðu vel og Ísland, Noregur og Svíþjóð komust inn á topp 10 listann.

Baldvin Jónsson, umboðsmaður Miss World á Íslandi, sagði að árangur Íslands væri einstakur og mörg stórblöð hefðu þegar boðað komu sína til að fylgjast með keppninni um Ungfrú Ísland ári síðar. „Það vilja allir vita hvernig þessi litla þjóð fer að því að velja fegurðardrottningar sínar, stúlkur sem staðið hafa sig betur í keppninni Ungfrú Heimur en nokkrar aðrar. Milljóna þjóðir komast ekki með tærnar þar sem við höfum hælana," sagði Baldvin í samtali við Morgunblaðið.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hulda Pétursdóttir**
frá Patreksfirði,

sem lést miðvikudaginn 1. nóvember, verður jarðsungin frá Garðakirkju, mánudaginn 20. nóvember kl. 13.

**Sigríður Björg Gísladóttir**
**Sigþór Pétur Svavarsson**
**Unnur Berglind Svavarsdóttir Kjartan Gunnsteinsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Þökkum auðsýnda samúð og kærleik vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Gígja**

Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjördís Jónasdóttir**
**Jónas Guðmundsson**
**María Guðmundsdóttir Gígja Gunnar Kristjánsson**
**Geir Gígja Jónína Einarsdóttir**
**Svanhvít Ljósbjörg Guðmundsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Þorsteinsson**
læknir,
Hvassaleiti 73,

lést á Landspítalanum 15. nóvember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13.

**Sigríður Jónsdóttir Ólafur Örn Thoroddsen**
**Eiríkur Jónsson Petrína Úlfarsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir Aðalsteinn Þorgeirsson**
**Ingunn Jónsdóttir**
**Þórunn Jónsdóttir Enes Cogic**
**afabörn og langafabörn.**



Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**Guðmundur Ármann Eggertsson**
stálsmiður,
Viðarási 21a, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

**Arnar Jón Guðmundsson**
**Katrín Ósk Guðmundsdóttir**
**Eggert Guðmundsson**
**Óli Már Eggertsson Eydís Dögg Sigurðardóttir**
**Vignir Eggertsson Lilja Björk Kristjánsdóttir**
**Birna Eggertsdóttir Rúnar Hrafn Ingimarsson**
**og fjölskyldur**



Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar

**Braga Jóhannessonar**
Geitastekk 8.

Sérstakar þakkir fær allt starfsfólk deildar 11G Landspítalans við Hringbraut og Karitas fyrir ómetanlega umönnun og hlýju í garð Braga og fjölskyldunnar.

**Elísabet _Erla_ Gísladóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**Þórunn Andrésdóttir Kjerúlf**

lést á Hrafnistu Garðabæ – Ísafold þann 11. nóvember. Útförin fer fram frá Garðakirkju þann 22. nóvember kl. 13.

**Anna Dóra Snæbjörnsdóttir Ingólfur Ísfeld Jónasson**
**Guðrún Snæbjörnsdóttir Stefán Ingi Jónsson**
**Snæbjörn Þór Snæbjörnsson Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir**
**og barnabörnin öll.**


VÆNTANLEGT
NÓA
NÓA
KROPP
MEÐ KARAMELLUSÚKKULAÐI
Sirius
Sirius
Sirius
Loksins
er Nóa Kropp stykki með
karamellubragði á leiðinni.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Í dag er spáð norðvestan strekkingi eða allhvössum vindi austan til á landinu og einnig allra nyrst. Hægari vindur í öðrum landshlutum. Bjart í veðri sunnanlands, en snjókoma eða él annars staðar. Hiti um frostmark við sjóinn, en nokkurra stiga frost inn til landsins.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -6° | -2° |
| ↙ 4 | ↗ 6 | → 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | -2° | -6° |
| ↘ 7 | ↓ 6 | ↓ 3 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -3° | -4° |
| ← 8 | ← 12 | ↓ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -1° | -5° |
| ↙ 2 | ← 9 | ↖ 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. bauti
6. sjúkdómur
8. fornafn
9. kvk nafn
11. gelt
12. hegni
14. mjaka
16. ekki
17. bókstafur
18. angan
20. tveir eins
21. krafs

**LÓÐRÉTT**
1. tunnur
3. umhverfis
4. græðgi
5. af
7. ögn
10. ái,
13. atvikast
15. sál
16. tré
19. eldsneyti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ms, **8.** mér, **9.** una, **11.** gá, **12.** refsi, **14.** fikra, **16.** ei, **17.** enn, **18.** ilm, **20.** dd, **21.** klór.
**LÓÐRÉTT: 1.** ámur, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** snefill, **10.** afi, **13.** ske, **15.** anda, **16.** eik, **19.** mó.

## Skák Gunnar Björnsson

Simon Williams (2.437) átti leik gegn Aloyzas Kveinys (2.545) á alþjóðlega Norðurljósamótinu.
**Hvítur á leik**
**24. Hxf6!! Bxh3 25. Hxf7+ Kg8 26. gxh3?** (26. Hfxe7! vinnur.) **26.… Rc6?** (26.… Dxc2 27. Hexe7 og þráskák). **27. Be4! He8? 28. Hd7! He7 29. Bd5+ Kf8 30. Bd6 Df6 31. Re4! Dh4 32. Bxc6** og hvítur vann. Glæsileg taflmennska enska stórmeistarans.



**www.skak.is.** Kínverskur sigur.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Upp á yfirborðið**



**Björk Guðmundsdóttir** gerir upp kynferðislega áreitni Lars Von Triers. Hún steig fram í kjölfar frásagna fjölda kvenna í Hollywood. Nýja platan hennar, Utopia, fjallar meðal annars um tímamótin sem hún stendur á.

**Sá allt og heyrði allt**

**Alena Da Silva** á að baki brotna æsku og tekur þátt í stofnun samtaka fósturbarna.



**Lifa á landsins gæðum**

Vinnudagurinn er stundum langur en við erum aldrei stressuð. Hjónin **Páll** og **Rita** í Grenigerði lifa á því sem landið gefur.

**Samkenndin er forsenda listarinnar**

**Daníel Bjarnason** tónskáld er í viðtali um ferilinn og stöðu íslenskrar tónlistar.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


KVÖLDSTUND MEÐ
PAT METHENY
ANTONIO SANCHEZ, LINDA MAY HAN OH & GWILYM SIMCOCK
NÚNA Í KVÖLD
ELDBORG
17. NÓVEMBER
MIÐASALA ER Á HARPA.IS - TIX.IS - SÍMI 528 50 50
JOHN PEDEN 2015

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Robin klementínurnar
**KOMNAR Í BÓNUS**




**2,3kg í kassa**

**698** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg

**NÝTT Í BÓNUS**
Próteinkaffi




20 g prótein
87 mg koffein

**279** kr. 235 ml

**Nocco Próteinkaffi**
235 ml

**20stk. í pakka**




**198** kr. pk.

**Maki Servíettur**
33x33 cm, 20 stk. í pakka




**198** kr. 1 l

**Bónus Borðedik**
1 lítri




**398** kr. stk.

**Bónus Scrubstone**
Með svampi

**LÝSUM UPP** skammdegið



**139** kr. stk.

**Gies Kubbakerti**
8x5 cm, rautt eða hvítt.

## KLÁR FYRIR VETURINN?



**498** kr. stk.

**Dagatalakerti**
25x5 cm



**198** kr. stk.

**Diana Kubbakerti**
12x6 cm, rautt eða hvítt.




**598** kr. 4 l

**Rúðuvökvi**
-18°, 4 lítrar




**598** kr. pk.

**Mannbroddar**
2 stk. í pakka



**159** kr. stk.

**Rúðuskafa**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ
Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita
1kg
1.598
kr. 1 kg
Ungversk Gúllassúpa
1 kg
1.598
kr. 1 kg
Mexíkósk Kjúklingasúpa
1 kg
1.498
kr. 1 kg
Íslensk Kjötsúpa
1 kg
1kg
998
kr. 1 kg
Gríms Plokkfiskur
1 kg
HÆGELDAÐIR
Lambaskankar
2.898
kr. kg
ÍL Lambaskanki
Hægeldaður, 2 teg.
898
kr. 400 g
Te & Kaffi Jólakaffi
Malað eða baunir, 400 g
500g
333
kr. 500 g
OS Smjör
500 g
400g
279
kr. 400 g
KW Pipardropar
400 g
400g
279
kr. 400 g
Bónus Piparkökur
400 g
SAMA VERÐ
UM LAND ALLT
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Suma var erfitt að draga í burtu

**Bækur munu flæða yfir Flóann á jarðhæð Hörpu um helgina er árleg bókamessa fer þar fram. Bryndís Loftsdóttir veit meira.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Bókaflóðið brast á snögglega þetta árið. Vegna mikilla tafa í prentun erlendis komu nýju bækurnar með seinni skipunum í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Bryndís Loftsdóttir, starfsmaður Félags íslenskra bókaútgefenda, í léttum tón. Hún er að undirbúa bókamessu í sjöunda sinn – og í annað sinn í Hörpu – nú um helgina, frá 11 til 17 báða dagana. „Vel flestar bækurnar verða komnar,“ lofar hún. „Fólk er á handahlaupum niðri við höfn að moka þeim í land!“

Bryndís segir bókamessuna minna á þær sem haldnar eru í Gautaborg, Frankfurt og London, nema smærri í sniðum. „Útgefendur selja bækurnar á góðu verði og höfundar þeirra aðstoða við afgreiðslu og gefa persónulegar áritanir. Við leggjum undir okkur salina á jarðhæð Hörpu, þar verður samfelld lifandi dagskrá, samræður við höfunda, upplestrar, myndasýningar og tónlistarflutningur. Það verður kafað ofan í bækurnar, þær liggja ekki bara flatar á borðunum. Við eigum svo gott fólk sem stýrir umræðum og öðru slíku, bókmenntafræðinga og þaulvant fjölmiðlafólk.“

**MEÐAL ANNARS GEFA MATREIÐSLUBÓKAHÖFUNDAR ÆT SÝNISHORN OG EITTHVAÐ HLIÐSTÆTT ER UPPI Á TENINGNUM HJÁ PRJÓNABÓKAHÖFUNDUM.**



